

ROKKARI SEM VARÐ
KRIMMAHÖFUNDUR
VIÐTAL 28



SYNGJUM ÓVART Á ALMANNAFÆRI

Jóhanna Guðrún og Unnsteinn
Manuel á Rökstólum
VIÐTAL 32



KAFAD UMHVERFIS
KOLBEINSEY
LÍÓSMYNDIR 30



FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

FRÍTT

13. júní 2009 – 139. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

TÍSKA 46



Herramaðurinn
snýr aftur

MENNING 42

Grease fær fjórar
stjörnur

ÍÞRÓTTIR 34

Kvennalandslíðið í
knattspyrnu leggur
allt í sölnar

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG



Er von á gestum?
Svefnsofadarar í júní



Betra
BAK

Sjá nánar á www.betrabak.is



TORGÍÐ TYRFT Í BLÍÐUNNI Borgarfulltrúar hrintu í gær af stokkunum Björtu Reykjavík, verkefni sem er ætlað að fegra höfuðborgina. Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri og Þorleifur Gunnlaugsson borgarfulltrúi voru samhent við þökulagninguna og borgarfulltrúarnir Dagur B. Eggertsson, Jórunn Frimannsdóttir, Sóley Tómasdóttir og Júlíus Vífill Ingvarsson létu ekki sitt eftir liggja.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Loka þarf Þjóðleik- húsinu í tvö leikár

Kolsvört skýrsla frá 2006 um ástand Þjóðleikhússins hefur verið gerð opinber. Skýrslan leiðir í ljós að húsið er nánast að hruni komið og þjónar ekki lengur hlutverki sínu. Loka þyrfti húsinu í tvö ár á meðan dýrar endurbætur færu fram.

MENNING Ástand Þjóðleikhússins er svo slæmt að það þyrfti að loka því í tvö ár til að ráðast í nauðsynlegar milljarðaendurbætur. Þá er brýnt að byggja við húsið eigi að koma í veg fyrir áframhaldandi hallarekstur. Þetta kemur fram í skýrslu sem sérfræðingar frá þýska fyrirtækinu Gerling+Arendt Planungsgesellschaft skilaði um málið í ágúst 2006.

Í skýrslunni eru gerðar alvarlegar athugasemdir við nánast allt sem við kemur ástandi og aðbúnaði leikhússins. Meðal annars kemur fram að leikhúsið uppfylli ekki alþjóðlega öryggisstaðla, brunnarnir séu hreinlega ekki til staðar og að vinnuástaðan þverbrjóti

gegn lögum um vinnuvernd. Þetta sé vegna þess að þeir staðlar sem fylgt var þegar húsið var byggt árið 1950 séu löngu orðnir úreltir.

Húsið sjálft er sagt allt að því að hruni komið. Ekki aðeins sjáist miklar skemmdir á múrklæðningum, heldur sé stálgrindin í burðarvirki hússins tærð og steypan sjálf sprungin og illa farin. Allt þarfnist þetta mikillar endurnýjunar.

Enn fremur sé hljóð- og rakaeinangrun ábótavant, sökkull hússins sennilega laskaður og skipta þurfi um alla glugga. Þá sé tækjabúnaður hússins, sem er gríðarmikill, að mestu orðinn ónothæfur sökum aldurs. Hann skapi bæði hættu og virki ekki sem skyldi.

Skýrsluhöfundar leggja áherslu á að endurbæturnar verði gerðar í einu vefangi. Síðan skýrslan var gerð hefur verið ráðist í endurbætur á ytra byrði hússins. Til hefur staðið að endurnýja tæki og búnað leiksviðsins og aðstöðu baksviðs, ásamt því að reisa viðbyggingu til austurs.

Í skýrslunni, sem er tæplega þriggja ára, er gert ráð fyrir að kostnaður við endurbæturnar nemi um 30 til 40 milljónum evra. Vegna þess að bæði þyrfti að greiða fyrir innlenda þjónustu og búnað erlendis frá gera gengissveiflur erfitt að spá fyrir um kostnaðinn í dag. Þó er ljóst að hann hleypur á milljörðum króna.

- sh

90 þúsund viðskiptavinir:
Síminn semur
við sæfara

VIÐSKIPTI Síminn þjónustar nú um sjötíu skemmtiferðaskip um heim allan. Samningarnir hafa tryggt Símanum 90 þúsund viðskiptavinir og um milljarð í tekjur. „Það má segja að þetta sé afsprenni af þjónustu okkar við íslensk fiskiskip,“ segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans. - jse / sjá síðu 12

Er von á gestum?
Svefnsofadarar í júní



Betra
BAK

Sjá nánar á www.betrabak.is

HVAÐ GERÐIST EIGINLEGA?
ÁÐUR ÓBIRTAR HEIMILDIR
ÍSLAND Á BARMÍ GJALDÞROTIS OG UPPLAUSNAR
SKYGGNST Á BAK VIÐ TJÖLDIN

KOMIN Í
VERSLANIR



TAX FREE!

Aðeins um helgina!

TAX FREE!



TAX FREE AF ALLRI VIÐARVÖRN OG ÚTIMÁLNINGU

Gildir í Húsasmiðjunni um land allt



Lestu allt um málningu og viðarvörn í Sælureit



Mest selda pallaóla á Íslandi



Einnig frábært verð á málningaráhöldum!

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.



Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

SUMAR
TILBOÐ

GARÐPLÖNTUÚRVALIÐ og allt fyrir garðinn!

Öll sumarblóm í Garðheimum eru íslensk ræktuð

20-40%
afsláttur

17. júní
tilboð

Húsgögn úr harðvið
nánar á gardheimar.is

Blómaker
frá 890kr

SUMAR
TILBOÐ

17. júní
tilboð

20 stjúpur í bakka

Silfurkambur, Alísur, Daggarbrá,
Flauelsblóm, Fjóla eða Stjúpa,
10 stk. 850kr

Blómakarfa
1.890kr

SUMAR
TILBOÐ

SUMAR
TILBOÐ

SUMAR
TILBOÐ

20%
afsláttur

Margaríta
890kr

Hengilobelia
590kr

Tóbakshorn
590kr

Nýtt
Dicotex
gegn fíflum og sóleyjum
í grasflötum.

Fíflastafur
3.450kr

ATHUGIÐ: tilboðin gilda frá laugardegi til miðvikudags á meðan birgðir endast



Blómaúrvalið er
í Garðheimum



heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

ATHUGIÐ!

Opið á þjóðhátíðar-
daginn milli
kl. 10.00 – 19.00

*Fríhafnardagar
um helgina*

FRÍHAFNARDAGAR

Dagana 11.-14. júní afnemum
við virðisaukaskatt af öllum
snyrtivörum.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 14. júní 2009.

**TAX
FREE**

**SNYRTIVÖRU
DAGAR**




OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP

Ein ferð betra verð



1. Hver verður líklega settur ríkissaksóknari í málefnum er varða bankahrunið?
2. Hvað heitir bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Kópavogi?
3. Fyrir hversu háa upphæð var C. Ronaldo seldur til Real Madrid?

SVÖRIN ERU Á Síðu 62

Samskiptafulltrúar Norðuráls og Alcan kannast ekki við fyrirhugaða rannsókn:

Fara eftir settum reglum

EFNAHAGSMÁL „Við höfum hagað okkar málum á sama hátt og við höfum alltaf gert,“ segir Ólafur Teitur Guðnason, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Alcan á Íslandi. Í forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær kom fram að Fjármálaeftirlitið (FME) ætli að rannsaka álfyrirtækin sérstaklega til að kanna hvort þau hafi á einhvern hátt brotið lög um gjaldeyrisviðskipti. Ólafur neitar því alfarið að Alcan hafi á einhvern hátt farið framhjá þeim gjaldeyrisviðskiptum sem sett voru í vetur.

Hann segir einnig að Alcan hafi fengið staðfestingu frá Seðlabanka Íslands í janúar síðastliðinn um að



ÁLFRAMLEIÐSLA FME stefnir að rannsókn um gjaldeyrisviðskipti álfyrirtækja hérlendis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þeirra viðskipti séu eftir settum reglum.

Ágúst Hafberg, framkvæmdastjóri samskipta hjá Norðuráli, tekur í sama streng. Hann segir fyrirtækið hafa haldið sig í sama farvegi og engin stórbreyting hafi orðið á þeirra viðskiptaháttum. Ágúst segir einnig að fulltrúar Norðuráls hafi fundað með Seðlabankanum rétt fyrir áramót þar sem þeir hafi fengið leiðbeiningar um hvernig þeir eigi að haga sínum gjaldeyrisviðskiptum.

Hvorki Ágúst né Ólafur hafa heyrð um fyrirhugaða rannsókn FME. Þess ber að geta að öll álfyrirtæki á Íslandi eru undanþegin nýlegum reglum um gjaldeyrisviðskipti.

- bpa

Sjálfsmorðsárásir í Pakistan:

Yfir 100 látnir á tveimur vikum

PAKISTAN, AP Tvær sjálfsmorðsárásir voru gerðar í Pakistan í gær, önnur á mosku og hin á trúarlegan skóla. Að minnsta kosti níu létu lífið og yfir 100 særðust í árasunum. Sjálfsmorðsárásir hafa verið mjög algengar í landinu undanfarið og hafa yfir 100 manns látist í slíkum árasum á síðustu tveimur vikum.

Einn helsti andstæðingur talibana úr ródum klerka, Sarfraz Naeemi, lét lífið í annarri árásinni, sem virðist hafa verið beint að honum. Honum hafði margsinnis verið hótað lífláti eftir að hann sagði sjálfsmorðsárásir ekki samræmast íslam.- pnb



Grillfólkið

Grill, gleði og samvera

Njóttu góðrar máltíðar með vinum og vandaðum með SS grillkjöti.

Ljúffengur kryddlögurinn dregur fram það besta í kjötinu og vel grillað kjöt laðar fram brosið á fólkinu þínu.

Grillkjötið frá SS – fyrir sérstakar stundir.



www.ss.is

Undirskriftir gegn sorpi á Suðurlandi

Íbúar í nágrenni sorpurðunarstaðarins í landi Kirkjuferjuháleigu safna nú undirskriftum gegn endurnýjuðu starfsleyfi Sorpstöðvar Suðurlands á svæðinu. Starfshópur mun fljótlega hefja leit að öðrum stað til að urða sorp á.

UMHVERFISMÁL Íbúar í nágrenni sorpurðunarstaðar Sorpstöðvar Suðurlands í landi Kirkjuferjuháleigu hafa hafið undirskriftasöfnun gegn framlengingu starfsleyfis stöðvarinnar á umræddu svæði. Undirskriftirnar verða sendar Umhverfisstofnun.

Nú liggur fyrir tillaga að starfsleyfi fyrir sorpstöðina. Hún gerir ráð fyrir að leyfi verði veitt til urðunar á sorpi í Kirkjuferjuháleigu næstu sextán árin. Magnið sem urða má á ári er 30 þúsund tonn og því væri verið með samþykkt tillögunnar að veita heimild til urðunar á 480 þúsund tonnum sorps.

„Við íbúar í næsta nágrenni Sorpstöðvar Suðurlands mótmælum harðlega því að veitt sé starfsleyfi til lengri tíma en til 01.12.2009 og þeim yfirgangi gagnvart okkur sem felst í tillögunni“, segir meðal annars í athugasemdum íbúanna, en 1. desember næstkomandi rennur leyfið út.

Íbúarnir benda á að sorpstöðin hafi margbrotið gildandi deiliskipulag frá 1993.

„Engin hæðamörk deiliskipulagsins hafa verið virt og ljóst er að það magn sorps sem þegar er komið á svæðið er langt umfram það sem skipulagið gerir ráð fyrir...“

Þá minna íbúarnir á nálægð sorpstöðvarinnar við laxveiðiá, blómleg landbúnaðarhéruð, úti-vistarparadís og þéttbýli og áhrif hugsanlegrar mengunar þar á.

Loks benda þeir á að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hafi kveðið á um að óheimilt sé að breyta skipulagi svæðisins



KIRKJUFERJUHALEIGA Þetta er meðal þess sem íbúar í nágrenni sorpurðunarstaðarins í Kirkjuferjuháleigu vilja losna við úr umhverfinu.

þar sem þar hafi verið framkvæmt í ósamræmi við skipulag, fyrr en hin ólöglega bygging, eða byggingarhluti, hafi verið fjarlægð, jarðrask afmáð og starfsemi hætt.

Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri í sveitarfélaginu Ölfusi, segir að áætlanir hefðu verið uppi um að Vesturland, höfuðborgarsvæðið, Reykjanes og Suðurland yrðu saman í einu sorpsamlagi. Komið yrði á fót flokkunar- og umhleðslustöð sorps á Suðurlandi. Þessi áætlun væri nú úr myndinni þar sem tillaga þar um hefði

nýverið verið felld á aukaaðalfundi í Sorpstöð Suðurlands.

Hins vegar hefði á fundinum verið ákveðið að stofna starfshóp sem yrði skipaður fulltrúa hvers aðildarfélags Sorpstöðvar Suðurlands. Hann skuli leita staðsetningar fyrir nýjan urðunarstað í stað Kirkjuferjuháleigu.

„Eftir að mál hafa skipast svona þarf að finna nýjan urðunarstað,“ segir Ólafur Áki. „Kirkjuferjuháleiga er ekki inni í myndinni því ég tel að ekki sé pólitískur vilji fyrir því.“

jss@frettabladid.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



FRIGG

bolur og buxur



Verð bolur: 7.800 kr.
Verð buxur: 6.800 kr.



Léttur flísfatnaður úr Polartec® Power Stretch®, efni sem teygist á fjóra vegu og heldur vægum hita á líkamanum. Fæst líka í svörtu.



KEEN NEWPORT H2

barnasandalar

Verð: 6.200 kr.



Flottir barnasandalar með táavörn, frönskum rennilás og mjög góðu gripi. Fæst líka í appelsínugulu.



KEEN CORONADO

barna strigaskór

Verð: 6.500 kr.



Barna strigaskór með góðum sóla. Með kaupum á Coronado skónum styrkir þú National Wildlife Federation sem vinnur að verndun dýralífs í heiminum.



ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR



Svo virðist sem Fanta lemon æði hafi gripið um sig á Íslandi.
Viðtökurnar hafa verið framar vonum og hefur drykkurinn
því verið uppseldur víða um land undanfarna daga.
Við viljum gleðja Fanta lemon aðdáendur með þeim
fréttum að meira Fanta lemon er komið í dreifingu.



KÆLA SIG NIÐUR Gestir á tónlistarháttíðinni Bonnaroo í Tennessee í Bandaríkjunum kældu sig niður í gosbrunnunum í gær. Fjöldinn allur af þekktum tónlistarmönnum spila á háttíðinni sem stendur fram á morgundaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjórða tilfellið af svínaflensu hefur greinst hér á landi:

Flensan smitast milli manna

HEILBRIGÐISMÁL Fjórða tilfelli svínainflúensunnar svokölluðu A(H1N1) hefur greinst á Íslandi. Þar á í hlut kona á miðjum aldri. Allt bendir til þess að hún hafi smitast af hjónum sem komu hingað frá Bandaríkjunum 3. júní síðastliðinn, að því er segir í tilkynningu frá sóttvarnalækni og Almannavörnum. Hjónin greindust bæði með veikina.

Þetta síðasta tilfelli má því rekja til smits hér innanlands, en þeir þrír sem áður höfðu greinst með influensuna hérlendis smituðust allir í Bandaríkjunum og veiktust eftir komuna til Íslands.

Fulltrúar sóttvarnalæknis, almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, heilbrigðisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis ræddu stöðu mála á fundi í gærmorgun. Í ljósi þess að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin - WHO hefur lýst yfir heimsfaraldri, og þar með fært sig upp á neyðarstig, gildir það sama hérlendis, eðli máls samkvæmt. Þrátt fyrir það var ákveðið að vinna áfram samkvæmt hættustigi viðbragðsáætlunar hérlendis í ljósi þess að veikin er yfirleitt væg, bæði erlendis og hér. Er þetta einnig í samræmi við skilning WHO.

- jss



SVÍNAFLENSAN Vænar birgðir af lyfjum sem gagnast í heimsfaraldri influensu eru til hér á landi.

Kona á fertugsaldri:

Fjórir mánuðir fyrir þjófnað

DÓMSTÓLAR Kona á fertugsaldri hefur verið dæmd í fjögurra mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

Hún stal ýmsum varningi úr Bónus að verðmæti á níttjándra þúsund krónur. Úr Lyfju stal hún snyrtivörum fyrir rúmlega þrjú þúsund krónur.

Konunni hefur í nokkur skipti verið gerð refsing vegna umferðarlagabrota og fíkniefnabrota. Í október var hún dæmd í fimm mánaða fangelsi fyrir þjófnað og fleiri brot. Hún rauf nú skilorð vegna þess dóms. Skilorðshlutinn var tekinn upp og dæmdur aftur með brotnum nú.

- jss

Samkeppni um hafnarsvæði:

Opin fagaðilum og almenningi

SKIPULAGSMÁL Hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag gamla hafnarsvæðisins í Reykjavík var formlega opnuð um síðustu helgi. Heildarverðlaun nema fjórtán milljónum króna.

Markmið keppinnar er að draga fram hugmyndir sem sameina mismunandi þætti, meðal annars gömlu höfnina sem hluta miðbæjarins, verndun sögu og minja og hugsanlegar landfyllingar og íbúðarbyggð.

Samkeppnin er opin fagaðilum, sem skila inn hefðbundnum heildstæðum skipulagshugmyndum, og almenningi sem getur skilað inn hugmyndum og ábendingum með ýmsu sniði.

Skilafrestur tillagna til keppinnar er til 6. október. Nánari upplýsingar er að finna á faxafloahafnir.is.

- kg

Mestir möguleikar til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda eru í sjávarútvegi samkvæmt skýrslu:

Snýst um að breyta hegðun samfélagsins

UMHVERFISMÁL Mestir möguleikar til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda liggja í sjávarútvegi, án tillits til kostnaðar. Talið er að tæknilega sé hægt að draga úr útstreymi vegna fiskimjölsframleiðslu um 100 prósent með rafvæðingu og draga úr útstreymi fiskiflota landsins um 75 prósent með aukinni notkun lífildsneytis og orkusparnaðar. Þetta kemur fram í aðgerðaskýrslu sérfræðinganevndar á vegum umhverfisráðuneytisins, sem birt var í gær.

„Algjörlega óraunhæft er að fara í þessar aðgerðir nema verð á lífildsneyti verði lægra en verð á olíu,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LIÚ. Friðrik segir loftslagsnefnd sjávarútvegsins hafa sett fram tillögu um hvernig hægt sé að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda síðasta haust. Þar er stefnt að því að dregið verði úr útstreymi um 20 prósent fyrir árið 2020. Í ljósi breyttra aðstæðna þurfi hins vegar að endurmeta þá skýrslu.

Í skýrslu sérfræðinganevndar umhverfisráðuneytisins eru raktir allir tæknilegir möguleikar sem koma til greina til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda.



SKIP Framkvæmdastjóri LIÚ segir aðgerðirnar sem sérfræðinganevnd hafi lagt til algjörlega óraunhæfar.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Ef ráðist yrði í þær allar komumst við 52 prósentum fyrir neðan grunnspá ársins 2020,“ segir Brynhildur Davíðsdóttir, formaður nefndarinnar. Hún segir að um sé að ræða tæknilega mögulegar aðgerðir, án tillits til kostnaðar.

Ekki er þó talið mögulegt að ná fram mikilli minnkun á losun frá stóriðju. Ástæðuna segir

Brynhildur þá að erfitt sé að ná fram frekari minnkun í losun stóriðju. Álverin hafi staðið sig vel í að draga úr losun PFC-efna. „Notkun rafskauta í álverum hleypir hins vegar gríðarlegu magni gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið og kolefnislaus rafskaut verða ekki komin á markað fyrir árið 2020,“ segir Brynhildur.

Tillögurnar felast margar í að binda gróðurhúsalofttegundir með endurheimtingu votlendis, fara í skógrækt og landgræðslu. Í aðgerðum um samgöngumál er lagt til að ráðist verði í að styrkja almenningssamgöngur og nota sparneytnari bifreiðar.

„Þetta snýst um að breyta hegðun samfélagsins,“ segir Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra. Hún segir að settur verði í gang aðgerðahópur sem vinna á tillögur á grundvelli þessarar skýrslu.

Ríkisstjórnin samþykkti á dögunum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 15 prósent fram til ársins 2020. Í samstarfsyfirlýsingu hennar kemur jafnframt fram að minnka skuli losun gróðurhúsalofttegunda um 50 til 75 prósent til ársins 2050.

- vsp



Fíkniefnadeild lögreglunnar fékk góða gjöf:

Hálf milljón til tækjakaupa

LÖGGÆSLA Lionsklúbburinn Eir hefur fært fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu 500 þúsund krónur að gjöf. Peningunum verður varið til kaupa á tækjum og búnaði fyrir deildina og hefur hluta þeirra þegar verið ráðstafað.

Að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirlögrelupjóns hjá LRH, verður þessari rausnarlegu gjöf meðal annars varið til kaupa á tækjum til að auðvelda fíkniefnaleit, svo og myndavélabúnaði.

Lionsklúbburinn Eir hefur á undanförunum árum styrkt baráttu fíkniefnadeildarinnar gegn fíkniefnum svo um munar. - jss



AFHENDING Frá afhendingu gjafarinnar, frá vinstri Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar, Guðríður Hafsteinsdóttir, Guðleif Bender, Jón H.B. Snorrason aðstoðarlögrelustjóri, Guðný Kristjánsdóttir, Ásta Bára Jónsdóttir og Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögrelupjónn.

Vestmannaey VE fékk hákarl í botnvörpuna:

Tók á sprellumifandi en ljúfum hákarli

SJÁVARÚTVEGUR Áhöfnin á Vestmannaey VE fékk stóran hákarl í botnvörpuna á miðvikudagsmorgun. „Ætli hann sé ekki um átta til tíu metrar á lengd,“ segir Magnús Berg Magnússon háseti. „Hann var sprellumifandi svo ég nýtti tækifærið og tók aðeins á honum, svona til að geta sagt að ég hefði barist við lifandi hákarl,“ segir hásetinn og hlær við. „Annars virðist þetta vera hið ljúfasta grey þótt stór sé.“ Magnús Berg hefur stundað sjóinn á sumrin til margra ára.

„Ég hef þó aldrei orðið vitni að því að hákarl kæmi um borð, nema þá þessi venjulegi í brúnni. Það er að segja, stýrimaðurinn á skipinu heitir Héðinn Karl og gengur undir nafninu Hákarl.“ Nokkrar tegundir hákarla finn-



HÁKARL HISSA Á HÁKARLINUM Héðinn Karl Magnússon, oftast kallaður Hákarl, klórar sér í hausnum yfir þessu ferliki en Daníel háseti fylgist með.

MYND/MAGNÚS BERG MAGNÚSSON

ast í íslenskri lögsögu og geta þeir lengstu orðið fimmtán metrar að lengd. - jse



Vinningshafi í Sumarleik

NICOTINELL

Unnur P. Sigurjónsdóttir, Hafnarfirði.

Hún vann utanlandsferð með ferðaskrifstofunni VITA að verðmæti 350.000 kr.

Við óskum Unni til hamingju með vinninginn og vonum að hún njóti góðrar ferðar í sumar!

Þökkum frábæra þátttöku í Sumarleikum.



Nicotinell®

800 7000 • siminn.is



Milljónir laga í símann og tölvuna án þess að borga krónu aukalega!



Í sumar býður Síminn viðskiptavinum sínum Sumaráskrift* að Tónlist.is fyrir 0 kr. aukalega.** Þar geta þeir hlustað á uppáhaldslögin sín í símanum eða tölvunni eins oft og þeir vilja.

Þú færð ekki bara uppáhaldslagið þitt, heldur 2,5 milljónir íslenskra- og erlendra laga til viðbótar. Farðu á siminn.is, skráðu þig og njóttu þess að hlusta hvar og hvenær sem er.

*Streymi á erlendra tónlist flokkast sem erlent niðurhal, nánar á Tónlist.is.
**Viðskiptavinir í GSM áskrift, Minu Frelsi eða ADSL internetþjónustu. Takmarkaður fjöldi áskrifta.

Það er Síminn



SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

Námsbraut á meistarastigi

- Fjölskyldumeðferð

Námsbrautir á grunnstigi

- Leiðsögunám á háskólastigi - einnig í boði í fjarnámi
- Rekstrar- og viðskiptanám - einnig í boði í fjarnámi
- Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun

Vegna bilunar í vefvistunarkerfi dagana 2. til 5. júní komust umsóknir því miður ekki til skila.

Allir sem sóttu um nám hjá okkur þessa daga eru því vinsamlegast beðnir að hafa samband í síma 525 4444.

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar :

sími 525 4444

endurmenntun.is

FRÉTTAVIDTAL: Forstjóri Símans



FORSTJÓRINN OG TÆKNIMENNIRNIR Tæknimennirnir sem þarna sjást hafa þann starfann að ráða úr vanda viðskiptavina í gegnum símann. Sævar Freyr hefur einnig fengið ýmis úrlausnarverkefni inn á sitt borð síðan hann settist í forstjórastólinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sækja kúnnann á sjó

Fáir vita að Síminn sinnir 90 þúsund sjófarendum um öll heimsins höf. Forstjórinn sagði Fréttablaðinu frá því og útrásinni í Danmörku og Bretlandi en einnig frá því að Síminn hyggist hefja það sem kallad er fjarlækningar en þær hefðu veruleg samfélagsleg áhrif hér á landi.

Sævar Freyr Þráinsson útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1995. Í hálfri ári eftir það starfaði hann hjá litlu tölvufyrirtækið en síðan lá leið hans í Símann. „Satt að segja man ég ekki alveg hvaða titil ég bar fyrst,“ segir hann og brosir við. Hann var síðan ráðinn forstjóri Símans síðla árs 2007. „Þá fyrst fékk ég skrifstofu og það tók smá tíma að venjast því en sú aðlögun var kannski ekki það verkefni sem var hvað mest aðkallandi en strax á þessum tíma voru einhverjar blíkur á lofti um að efna-hagsástandið væri að fara á verri veg svo segja má að ég hafi aðeins verið forstjóri í samdrætti.“ Það kom sér vel að hafa verið „alinn upp“ hjá Símanum eins og hann kemst stundum sjálfur að orði því guðspjall dagsins fyrir nýjan forstjóra var að sjá hvar mætti hagræða og hvernig. Fljótlega eftir hrun fór Síminn að endursemja við byggingu líkt og önnur fyrirtæki og síðan var farinn sú leið að lækka launakostnað. „Við ákváðum að lækka frekar en fækka. Sú leið var farin til að slá skjaldborg um störf okkar fólks. Þannig að við óskuðum eftir því að starfsfólk sem er með 350 þúsund og yfir í mánaðarlaun tæki á sig launalækkun og allir skrifuðu sjálfviljugir upp á það og ég er afar stoltur af því.“

Þegar líða tók á vetur var Teymi yfirtækið sem þýddi að Síminn, gamla ríkisfyrirtækið, var komið í samkeppni við ríkið. Þar þykir Sævari Frey óvægilega að Símanum vegið. Hann hefur gagnrýnt það að skuldir Vodafone upp á 4,5 milljarða væru afskrifaðar við yfirtökuna. „Þetta er svipað skuldahlutfall og hjá okkur og við ráðum auðveldlega við okkar skuldir, þeir ættu að gera það líka. Þarna er því verið að fella niður skuldir að óþörfu.“ Hann vildi að Vodafone yrði látið standa á eigin fótum þótt móðurfélagið yrði tekið yfir. Hann hefur einnig gagnrýnt það að Ríkiskaup hyggist taka boði Vodafone í fjarskiptáþjónustu við Landspítalann. Eiginfjárstaða fyrirtækisins var neikvæð og því stóðst það ekki útboðsskilyrðin, segir Sævar Freyr. Ríkiskaup mat það hins vegar ekki svo því að eiginfjárstaðan yrði komin í samt lag við undirritun samningsins.

Sinna 90 þúsund sjófarendum
En nú segir forstjórinn frá útrás og miklum framtíðaráformum sem minna á þá tíð þegar Sævar

HVER ER MAÐURINN?

- Sævar Freyr Þráinsson er fæddur árið 1971 og er því 38 ára gamall.
- Hann lauk stúdentsprófi frá Fjölbrotaskóla Vesturlands og útskrifaðist úr Háskóla Íslands árið 1995 sem viðskiptafræðingur.
- Sama ár hóf hann starfsferil sinn hjá Símanum.
- Hann er kvæntur Hafðisi Hannesdóttur geislafræðingi og eiga þau börnin Arnar Frey, Katrínu Helgu og Helenu Rós.

Freyr var ekki kominn með kontór. „Við erum búin að koma upp GSM-þjónustu sem við köllum On Waves í skemmtiferðaskipum um allan heim þannig að bæði áhöfn og gestir geta notað sinn síma hvort sem skipin eru undan ströndum Evrópu eða Asíu. Símtalið fer í gegnum gervihnött, síðan hingað til Íslands og er meðhöndlað eins og venjulegt GSM-símtal hér á landi. Það má segja að þetta sé afsprengi af þjónustu okkar við íslensk fiskiskip. En með því að nýta þessa þekkingu höfum við náð að búa til vissa sérstöðu og með þessu móti erum við komin með aðgengi að tæplega 90 þúsund notendum um öll heimsins höf.“ Síminn hóf þessa útrás í maí 2007. Hann hefur nú gert samninga við um fjórutíu skip og nema tekjurnar um einum milljarði króna.

Útrás í Danmörku og Bretlandi

Sævar Freyr segir að síðustu árin megi líta á talsmann, gagnflutninga og farsímann sem þrjár meginstödir fyrirtækisins. En nú er hugmyndin að bæta tveimur stöðum við. „Síminn býður upp á þjónustu sem kölluð er Vist en hún gengur út á það að samtvinna þjónustuna fyrir fjarskiptatækni og upplýsingatækni. Fyrirtæki sem nýta sér þetta fá því þjónustu fyrir síma, sjónvarp, tölvukerfi sitt og fleira í einum pakka. Það þýðir gríðarlega hagræðingu fyrir viðkomandi fyrirtæki,“ útskýrir Sævar Freyr. Síminn á dótturfyrirtæki í Danmörku, Síminn DK, sem býður upp á þessa þjónustu og hefur um 1,5 milljarða í tekjur af henni. „Við erum einnig vel á veg komin með að bjóða upp á þetta í Bretlandi en þeir eru aðeins aftur á merinni í þessum efnunum en Danir svo það er aðeins seinlegra að koma þessu af stað þar. En við teljum að það verði innan þriggja ára.“

Herja á heilbrigðisgeirann

Fimmtu stöðinni er hins vegar ætlað að hafa mikil samfélagsleg áhrif hér á Íslandi. „Síminn hefur unnið að því um langa hríð að skapa sér sérstöðu í heilbrigðisgeiranum,“ segir Sævar Freyr. „Það er að segja að bjóða upp á fjarlækningar og þjónustu í kringum þær. Ekki svo að segja að við ætlum að fara að binda um sár á fólki heldur að nýta okkur fjarskiptin og upplýsingatæknina til að tryggja fullkomnu læknisþjónustu hvar sem fólk er stadd hverju sinni. Rannsóknardeildin okkar hefur verið í umfangsmiklu verkefni í eitt og hálfri ári sem miðar að því að vinna að laus-

um á þessu sviði. Við höfum verið í samvinnu við nokkur af stærstu fjarskiptafyrirtækum Evrópu og fáum greitt frá þeim fyrir að þróa lausnir fyrir fjarlækningar almennt.“

Útfærslan er á þá leið að sjúklingar geti verið með þrálausan búnað við höndina til að mæla blóðþrýsting, hjartslátt, öndun og blóðsykur svo dæmi séu tekin. Upplýsingarnar færu síðan sjálfvirkir í gegnum GSM-síma yfir í netþjón sem býr til skýrslur úr gögnunum og kemur þeim til lækna. „Það yrði augljós samfélagslegur hagnaður af þessu því þessi tækni gerði fólki oft kleift að fara fyrir heim en ella af spítólum og sjúkrahöfnum og halda ekki dýrum plássum uppteknum. Fólk getur þá verið heima hjá sér án þess að vera komið úr beinni lækningum. Síðast en ekki síst gæti þetta orðið til þess að gera eldri borgurum kleift að vera lengur í eigin húsnæði. Þetta miðar nefnilega einnig að því að hægt sé að hafa skynjara inni hjá fólki sem myndu þá gera viðvart ef viðkomandi dytti eða ef hann væri ekki kominn fram úr á ákveðnum tíma og svo framvegis. Við munum stíga okkar fyrstu skref í þessu nú þegar á þessu ári en það gæti tekið okkur allt að áratug að gera þetta að okkar fimmtu stöð.“

Fá Arsenal-leikinn í farsímann

Það verður greinilega ekki hjá því komist að forstjórinn tækist á loft og svifi á vit framtíðardrauma þegar hann hefur litið við hjá rannsóknardeildinni. „Það er freistandi að gleyma sér svolítið við það sem rannsóknardeildin er að vinna við og sjá fyrir sér hvernig hægt verði að nýta sér tæknina sem vissulega er til staðar en enn er verið að vinna að því að koma henni á markað. Ég sé til dæmis fram á að innan fárra ára geti maður flutt sjónvarps-efni úr imbakassanum og yfir í farsímann. Það sjá flestir karlmenn í hendi sér hvílíkir kostir fylgja slíku, segjum sem dæmi að um 20 mínútur séu eftir af Arsenal leiknum þegar konan rekur á eftir manni því fermingarveislun er að hefjast. Þá er hægt að færa leikinn yfir í farsímann og fylgjast með leiknum á leiðinni og mæta svo sæll og glaður í fermingarveisluna.“

En áður en þetta verður mögulegt á Arsenal örugglega eftir að leika allnokkra leiki.



FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is

lifum
HÚSGÖGN & GJAFAVARA

Opnum nýja húsgagna- og gjafavöruverslun í dag



20% kynningarafsláttur!

OPIÐ VIRKA DAGA 11-18, LAUGARDAGA 11-16
ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - 562 4242

Tilboð

Andlitsmálun

Hoppi-
kastalar

Skemmtun

« Laugardagur 13. júní »

Grease kl. 13

Jóhanna Guðrún áritar kl. 14

Söngvaborg kl. 15

**Dansatriði frá
Salsa Iceland** kl. 16

Tilboð

Kringlan

Blöðgur

Uppákomur

« Sunnudagur 14. júní »

Söngvaseiður kl. 14

Skrítla og Lúsí kl. 15

Ingó veðurguð kl. 16

Komdu í heimsókn

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 37 **Velta:** 58 milljónir
OMX ÍSLAND 15 **OMX ÍSLAND 6**
 266 **-1,41%** 735 **-0,80%**

MESTA HÆKKUN

↑ FØROYA BANKI +0,41%

MESTA LÆKKUN

↓ EIMSKIPAFÉLAGIÐ -30,0%
BAKKAVÖR -5,56%
ATLANTIC PETROL -2,91%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 164,00 -1,80% ... Atlantic Petroleum 500,00 -2,91% ... Bakkavör 1,02 -5,56% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,70 -30,00% ... Føroya Banki 123,00 +0,41% ... Icelandair Group 4,60 +0,00% ... Marel Food Systems 53,00 -1,85% ... Össur 111,00 -0,89%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN **nánar á visir.is**

Höftin duga ekki ein og sér

Gengislækkun krónunnar undanfarið má að hluta rekja til vaxtalækkana Seðlabankans, en stór áhrifavaldur er skortur á skýrum áætlunum nýrrar ríkisstjórnar, meðal annars í fjármálum hins opinbera. Þetta kemur fram í nýju fréttabréfi Viðskiptaráðs Íslands.

Bent er á að gengi krónunnar standi nú í ríflega 230 stigum, á svipuðum slóðum og hún hafi verið áður en gjaldeyrishöft voru sett á. „Nú virðist ljóst að höftin ein og sér duga ekki til að stemma stigu við áframhaldi gegnisveikingu og skapa því ekki forsendur fyrir styrkingu krónunnar. Þetta er í samræmi við viðvaranir Viðskiptaráðs, en ráðið hefur itrekað bent á að höft væru einungis skammtímalausn sem kæmi ekki í stað stefnumarkandi aðgerða og nýrrar framtíðarsýnar af hálfu stjórnvalda,“ segir í fréttabréfinu.

Áréttuð er nauðsyn þess að ný ríkisstjórn



Á FUNDI Í MARS Fyrir á árinu hélt Viðskiptaráð morgunverðarfund undir yfirskriftinni „Sjálftæð mynd í fjármálakreppu“.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

leggi fram raunhæfa og trúverðuga áætlun í ríkisfjármálum eins fljótt og kostur sé. „Slík áætlun er ómissandi liður í að skapa framtíðarsýn hér á landi og þannig endurheimta trúverðuleika hagkerfisins,“ segir Viðskiptaráð.

- óká

Stóru bankarnir stýra olíuleit

Føroya Banki og Eik Banki, umsvifamestu bankar Færeyja, hafa tekið yfir stjórn færeyska olíuleitarfélagsins Atlantic Petroleum.

Þetta fullyrðir danska dagblaðið Berlingske Tidende. Hlutabréf fyrirtækjanna þriggja eru skráð hér og í Danmörku.

Í blaðinu segir að bankarnir hafi gert tilkall til stjórnsetu og stjórnarformannsstöls eftir að þeir framlengu gjalddaga í byrjun vikunnar á brúarláni olíuleitarfélagsins til loka næsta árs. Þá geti fyrirtækið hvorki hreyft legg né lið án samþykkis stjórnarmanna frá bönkunum og lúti því í raun stjórn þeirra.

- jab

Varði krónuna falli

Gengi krónunnar styrktist um 1,07 prósent á millibankamarkaði í gær og endaði gengisvísitalan í 231,7 stigum. Vísitalan var í gær á svipuðum slóðum og á mánudag eftir snarpan kúf um miðja vikuna.

Hæst fór vísitalan yfir 236 stig innan dags á miðvikudag og ekki varð ljóst fyrir en í gær að ótti manna um frekari veikingu krónunnar vegna gjalddaga á ríkisbréfum í gær hefði verið ástæðulaus í bili.

Velta með krónur á millibankamarkaði var um þrefalt meiri en á venjulegum degi og skýrist að hluta af því meiri inngripum Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði í því augnamiði að styðja við krónuna.

Vaxtagreiðsla ríkisbréfanna á gjalddaganum nam um þremur milljörðum króna, sem búist er við að fari fljótlegra úr landi. Hert eft-



SEÐLABANKINN Krónan styrktist í dag og er hún nú á svipuðu gengi og á mánudag eftir gengiskúf um miðja vikuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

irfylgni Seðlabankans með gjaldeyrishöftunum gerir það hins vegar að verkum að fjárfestar þurfa að sýna fram á að þeir hafi átt ríkisbréfin í ár áður en hægt er að senda fjármagnið utan. Slíkt gæti tekið nokkra daga.

- jab

Tímaáætlun vegna uppgjörs við gömlu bankana á að vera ljós eftir helgina:

Farið verður yfir tekjur af eignum sem átti ekki að færa

Fjármálaeftirlitið birtir á mánudag ákvörðun sína um hversu langan frest stjórnvöld, skilaneftir og kröfuhafar gömlu bankanna fá til þess að ljúka uppgjöri vegna tilfærslu eigna milli nýju og gömlu bankanna.

Stefnt hefur verið að því að ljúka uppgjörinu fyrir mánaðamót, en fjármálaráðuneytið á í viðræðum við skilaneftir bankanna og ráðgefandi fyrirtæki Morgan Stanley og Hawkpoint. Á vettvangi kröfuhafa og skilaneftnda stendur yfir áreiðanleikakönnun á verðmati eigna bankanna sem PricewaterhouseCoopers (PWC) innti af hendi, en samkvæmt heimildum blaðsins er búist við að sú vinna haldi áfram út næstu viku.

Í punktum af fundi skilaneftndar Kaupþings með fulltrúum kröfuhafa sem birtir hafa verið á vef nefndarinnar kemur fram að í virðismatsskýrslu PWC sé staðfest að færðar hafi verið yfir til nýju bankanna eignir sem betur hefðu átt heima í þrotabúum gömlu bankanna. Fyrir á árinu var upp-



Í SAL KAUPÞINGS Finnski bankasérfræðingurinn Kaarlo Jännäri hefur sagt áriðandi að ljúka uppgjöri nýju og gömlu bankanna. Hann flytur hér erindi hjá Samtökum fjármálaframtækja í maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lýst að eignir hefðu í einhverjum tilvikum verið færðar aftur yfir í þrotabú gömlu bankanna, en á þeim tíma óttuðust sumir kröfuhafar að verið væri að skila verðlausum eignum.

Í punktum skilaneftndar Kaup-

þings kemur fram að farið verði yfir allar færslur sem tengist slíkum eignum sem ekki hefði átt að flytja yfir og uppgjör leiðrétt á milli bankanna, en Fjármálaeftirlitið eigi eftir að staðfesta leiðréttingarnar.

- óká

GAMLA GENGID!

Eigum til örfá hjólhýsi og húsbíl frá því í vetur á gamla genginu!

VERÐDÆMI	GENGI	TILBOÐSVERÐ
	€170 kr.	€117 kr.
Wilk S3 395TK	3.700.000	2.900.000
TEC 510TDF	4.870.000	3.860.000
Puccini 540E	5.880.000	4.390.000
Joint Z460	8.900.000	7.890.000

Nánari upplýsingar um tilboð á www.seglagerdin.is

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is

Hagur fyrrum Baugsbúða vænkast

Rekstrarhagnaður bresku matvöruhekkunnar Iceland nam 112 milljónum punda, jafnvirði 23 milljarða króna, á síðasta ári. Breska leikfangaverslunin Hamleys tapaði hins vegar 2,7 milljónum punda, jafnvirði 570 milljóna króna, á sama tíma.

Afkomutölur verslananna voru birtar í gær. Þær voru að stærstum hluta í eigu BG Holding, dótturfyrirtækis Baugs í Bretlandi. Skilaneftnd Landsbankans tók hlutina yfir.

Velta jókst hjá báðum verslunum þrátt fyrir kreppu um nær

allan heim. Iceland-keðjan, sem selur frysta matvöru á lágu verði, blómstrar í kreppu og hefur verið kölluð gullnáma eigenda sína. Sala jókst um sextán prósent sem er fjórða árið í röð sem salan eykst, að sögn breska blaðsins RetailWeek.

Skilaneftnd Landsbankans hefur stýrt hlutum Baugs í verslunum síðan hún tók þá yfir í byrjun febrúar.

- jab

STOLTUR FORSTJÓRI Macolm Walker, forstjóri Iceland-keðjunnar, kannast ekki við kreppu í samtali við RetailWeek í gær. Velta verslunarinnar jókst um sextán prósent í fyrra.



WWW.BIFROST.IS

MEISTARANÁM Í EVRÓPUFRÆÐUM

Fyrst á Bifröst

Bifröst varð fyrstur íslenskra háskóla til að bjóða upp á meistaranám í Evrópufræðum. Frábært nám fyrir þá sem vilja kynna sér stefnumál og innviði Evrópusamstarfsins og möguleika fjölþjóðasamstarfs.

Kynntu þér námið betur á bifrost.is.

UMSÓKNAR-
FRESTUR ER TIL
10. JÚLÍ

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



HÓTEL D'ANGLETERRE Félag í eigu Nordic Partners er sagt hafa tapað hálfum milljarði á dönsku hótélum.

Hálfur milljarður í tap í fyrra: Nordic Partners tapar á hótélum

Eignarhaldsfélagið NP Hotels tapaði 22 milljónum danskra króna, jafnvirði hálf milljarðs króna, á síðasta ári. Eiginfjárstaða félagsins er neikvæð um þrjá milljónir danskra króna og hefur verið gefið út að lánardrottinn muni breyta hluta lána í hlutafé.

NP Hotels er dótturfélag Nordic Partners. Það keypti dönsku hótél D'Angleterre og Kong Fredrik auk veitingastaðanna Copenhagen Corner og Le Coq Rouge í september 2007 en fyrsta hótelið hefur um áratugaskeið verið kallað eitt djásna Kaupmannahafnar.

Danski netmiðillinn Business.dk segir í gær tæpið tilkomið vegna minni tekna og aukins kostnaðar. Þá hafi félagið afskrifað viðskiptavild sína.

Le Coq Rouge hefur nú verið lokað og rekstur Hotel Front verið leigður út.

Ekki náðist í Jón Þór Hjaltason, stjórnarformann NP Hotels, þegar eftir því var leitað í gær.

- job

AGS spáir betri tíð í uppfærðri hagvaxtarspá

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) hefur uppfært hagvaxtarspá sína fyrir næsta ár og reiknar nú með 2,4 prósentu hagvexti á heimsvísu í stað 1,9 prósentu.

Sjóðurinn gefur út heildarspána fyrir fund átta umsvifamestu iðnríkja heims, sem haldinn verður í ítölsku borginni L'Aquila í júlí. Borgin komst í heimsfréttirnar í apríl þegar jarðskjálftar jöfnuðu heimili sextíu þúsund íbúa hennar við jörðu.

Væntingar AGS eru þvert á spá Alþjóðabankans frá í fyrradag en hann telur samdrátt á heimsvísu munu liggja nær þremur prósentum en þeim 1,7 prósentum sem hann reiknaði með í spá sinni í mars.

Mun fjármálakreppan hafa dregið svo mjög úr fjárfestingum og brennt upp svo mikið fjármagn innan hinna þróaðri hagkerfa að ólíklegt sé að þau nái sér á næstu misserum.

Bandaríska dagblaðið Wall Street Journal



FRANKVÆMDASTJÓRI AGS Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er bjartsýnni en fyrir tveimur mánuðum á horfur í efnahagslífi þjóðanna á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

segir mismuninn skýrast af því að AGS og Alþjóðabankinn mæli mismunandi hagvísa.


Blaðið bendir á að fjármálaskýrendur telji

verstu hremmingarnar í alþjóðlegu efnahagslífi yfirstaðnar og vænta megi betri tíðar á næsta ári. Bloomberg-fréttaveitan bætir því við að japanska Nikkei-hlutabréfavisitalan hafi endað í 10.135 stigum í gærmorgun auk þess sem væntingar neytenda hafi aukist nokkuð í Bandaríkjunum. Það glæði vonir manna um að versta efnahagskreppa í manna minnum sé í rénun.

Japanska vísitalan hefur verið á góðu skriði síðan í mars og hafði í gær ekki verið hærra síðan í byrjun október í fyrra, þegar fjármálamarkaðir voru að fara á hliðina í kjölfar gjaldþrots bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers.

Haft er eftir japönskum sérfræðingum að talsverðrar bjartsýni gæti á asískum mörkuðum um þessar mundir, ekki síst í kjölfar birtingar hagtalna í Japan og Kína sem voru ívið betri en almennt hafði verið búist við.

- job



MENNINGARNÓTT 22. ÁGÚST 2009 - HÚSIN Í BÆNUM

Meningarnótt verður haldin í miðborginni 22. ágúst næstkomandi.

Meningarnótt er hátíð sem allir borgarþátttakendur skapa og upplifa saman, úti á torgum og götum miðborgarinnar, í bakgöðum eða söfnum, fyrirtækjum og ekki síst í húsunum í bænum.

Hlutverk Höfuðborgarstofu og stjórnar Meningarnæturs er að halda utan um alla almenna skipulagningu, leyfisveitingar og að kynna viðburði hátíðarinnar.

PEMA MENNINGARNÆTUR 2009 ER „HÚSIN Í BÆNUM“

Hér með er auglýst eftir áhugasömum, frumlegum og hugrökum hugmyndasmiðum til að fylla inn í viðburðalandslag Meningarnæturs. Sérstök áhersla verður lögð á dagskrá sem fjallar um húsin í bænum, margbreytileika þeirra og sérstöðu, fegurð þeirra og sál. Eins og undanfarin ár verður þó vel tekið á móti öllum skrautlegum og skemmtilegum hugmyndum.

MENNINGARNÆTURPOTTURINN

Meningarnæturpotturinn er samstarfsverkefni Höfuðborgarstofu og Landsbankans sem verið hefur bakhjarl Meningarnæturs frá upphafi. Framlag Landsbankans rennur að stærstum hluta beint í Meningarnæturpottinn og þar með beint til þátttakenda. Úr Meningarnæturpottinum eru veittir styrkir til verkefna sem þykja tengjast þema Meningarnæturs, Húsunum í bænum, sérlega vel.

Umsóknir og tillögur um atriði á Meningarnótt skal senda fyrir 29. júní næstkomandi merkt „Meningarnótt 2009“ til Höfuðborgarstofu, Aðalstræti 2, 101 Reykjavík. Einnig er hægt að senda umsóknir rafrænt á netfangið skuli.gautason@reykjavik.is eða svanhildur.gudmundsdottir@reykjavik.is

menningarnott.is

NÝ ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Grænmetiskassar



Rúma 25-35 kg. af kartöflum, henta einnig fyrir annað grænmeti.

Tvær stærðir
25 kg. **5.500 kr.**
35 kg. **6.500 kr.**

Garðbökkir og bord



(Love seat)
Verð 30.000 kr

SBD
Flycase

Óskar
Sími: 895-9801
oskar@sbd.is
www.sbd.is

Veljum íslenskt



Sumartilboðin í fullum gangi



Tempur Spring rúm 160 cm

Tilboð
Nú aðeins!
239.900

Verð áður!
299.800

Tempur Spring

Tempur Spring er ein mest selda heilsudýna landsins. Dýnan er uppbyggð með 5-svæða Chiro collection gormakerfi. Yfirlag dýnunar er 7+3cm þykkt Tempur efni - þar með býður dýnan upp á það besta úr báðum heimum, þ.e.a.s fjaðrandi undirlag og Tempur efni sem veitir fullkomna aðlögun.

Tempur Spring heilsudýnan

- 7cm Tempur yfirdýna - Chiro gormakerfi.
- 5 svæða heilsu- og hægindalag.
- Mótar sig að lögun líkamans.
- Val um leður og efnisbotna - í 3 litum.
- Þú þarft aldrei að snúa henni.

Hver er þinn litur?

10-30%
afsláttur



Sjá nánar á www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



AUÐUR SKÚLADÓTTIR



KYNNING

Kynnum íslensku kalkmálninguna frá Auði Skúladóttur



Ethnicraft®



KAFFI OG KRUÐERÍ

Rjúkandi eðalkaffi frá Te og kaffi - og „meðóí“!



TE & KAFFI

NÝTT
Í TEKK-COMPANY!
Úrval af fallettum pottablómum - úti og inni

RIVIÉRA MAISON | HOUSE DOCTOR | SERAX | SIA | SÖDAHL | UMBRA | SEMPRE | ETHNICRAFT | BECARA | IITALA | BRÖSTE | AUÐUR SKÚLADÓTTIR

Gerum hús að heimili

Tekk Company * Holtagörðum og Kringlunni * Sími 564 4400 * www.tekk.is



OPNUNAR
TILBOÐ
AÐEINS ÞESSA HELGI!

20-40%
afsláttur
af öllum vörum



OPIÐ
ALLA HELGINA

Laugardag
kl. 10-17
Sunnudag
kl. 13-17



house doctor

Opnum nýja og stórglæsilega verslun í Holtagörðum í dag
Fjöldi opnunartilboða - Kaffi og kruðurí - Hjartanlega velkomin!

TEKK
COMPANY

Í spilltum heimi

UMRÆÐAN

Björn Þorláksson skrifar um spillingu

Við lifum öll í spilltum heimi sem gefur engum grid, þar sem samvizka er engin til og lítil von um frið.

Svo ortu Óðmenn í kringum 1970 og nú fjörutíu árum síðar virðast tók spillingarinnar vera fastari í íslensku þjóðlífi en nokkru sinni. Tími þjóðaruppgjörs er enda framundan, efnahagsleg og réttarfarsleg ögurstund vofir yfir okkur, þar sem Icesave-málið fyllir okkur hvað mestum áhyggjum. Ýmsir fátast yfir óbilgirnir Bretar og Hollendinga en þótt það sé ömurlegt afspurnar þá ættu hinir sömu kannski að hafa í huga að það eru ekki Bretar sem eru glæpamennirnir í málinu, það er ekki glæpur að kunna að gera góðan samning við taugaveiklaða smáþjóð – nei, það erum við Íslendingarnir sem erum glæpamennirnir og við höfum lengi tíðkað glæpamennsku. Við skulum ekki þykjast skinheilög í þeim efnunum.

Sú er ein ástæða þess að höfudglæpamennirnir, útrásarvíkingarnir íslensku, hafa fengið silki meðferð hjá íslenskum yfirvöldum frá fyrstu stundu í stað þess að komið væri fram við þá af fullri hörku eins og eðlilegt hefði verið. Hvers vegna var ekki hjólað í þá? Kannski vegna þess að allir til þess bærir Íslendingar, ráðamenn ekki síður en aðrir, eru sjálfir bófar og bófar koma fram við aðra bófa eins og þeir vilja sjálfir láta koma fram við sig ef upp um þá kemst í einu svindli eða öðru. Gleymum því ekki að hér hefur verið þjóðaríþrótt að svíkja kerfið, spæla ríkið, skara eld að eigin

köku og fjölskyldunnar – skítt með alla hina. Hér hefur ríkið alltaf verið í hlutverki óvinarins, einhverra hluta vegna, og sú er kannski ein helsta ástæða þess að svo fór sem fór. Að allt hrundi um síðir.

Á Íslandi kenna feður sonum sínum og dætrum að svíkja undan skatti. Í Skandinavíu neyðast embættismenn til að segja af sér ef þeir borga barnapíunni svart.

Á Íslandi segja þeir sem til þekkja að lögin um fæðingarorlofssjóð séu þverbrotin. Að þar vinni margir orlofsþegar án þess að gefa tekjur sínar upp, á sama tíma og þeir þiggja ríkisorlof- ið eins og þeim sé „borgað fyrir það“.

Þá eru gildar vísbendingar um að nýleg lögjöf um atvinnuleysibætur sé gróflega misnotuð og mætti svo lengi telja.

Andartaks skammtíma ávinningur íslenska einherjans hefur alltaf verið metinn mikilvægari en langtíma þjóðarheill. Þess vegna hrundu bankarnir. Þess vegna sitjum við uppi með Icesave. Þess vegna er íslenska þjóðarskútan að sökkva í fen spillingar og glæpa – ekki ósvipað og hjá Rómverjum til forna. Munurinn er helstur sá að hér stunda menn glæpi sína í leiðindaveðri en á Ítalíu ekki. Hvorki nú né þá. Og þess vegna gleðjast sum okkar vegna Icesave þrátt fyrir allar skuggahlíðarnar. Sum okkar gleðjast vegna þess að illu hefur verið á frest skotið. Í heil sjö ár. Sem er eilífð fyrir þann sem hugsar bara um verk dagsins í dag en hirðir ekki um afleiðingarnar.

Allt frá þeim tíma sem norsk-ir afbrotamenn námu land hér



BJÖRN ÞORLÁKSSON

á níundu öldinni er ljóst að sakamannablóð hefur runnið í æðum Íslendinga. Það skýrir að hluta til sérstaka aðdáun þjóðarinnar á vígum og víkingum. Þá hafa útlagar – útilegumenn – alltaf notið sérstakrar virðingar hér á landi.

Íslendingar hafa aldrei verið prinsippmenn. Þeir eru tækifærissinnar sem láta fyrri skuldbindingar sínar lönd og leið ef þeim birtist nýtt tækifæri. Glöggt dæmi um það er sá skuggi sem hvílir á stofnun lýðveldisins árið 1944, þegar við unnum „frelsis-issigur“ með því að sparka í Dani liggjandi.

Nú blasir við að næstu áratugi verða Íslendingar að finna sér aðra tómsundaiðju en þá að safna peningum eða eyða þeim. Kannski væri vit í að nota þann tíma sem annars hefði farið í það til að grípa ekki bara í spil með börnunum okkar og kynast þeim lítillaga heldur stofna í leiðinni til siðbótar þar sem heiðarleikinn verður endurreistur. Óvarlegt er að krefjast þess að stjórnmalamennirnir okkar eða viðskiptamennirnir fari fremstir í flokki hinna heiðarlegu. Siðbótin verður að byrja innan veggja heimilanna.

Við þurfum að hætta að svíkja undan skatti, við þurfum að hætta að ljúga, pretta og stela. Það mun taka tíma að lyfta nýjum gildum á loft en því fyrr sem við byrjum þá vinnu því betra. Það er eftir nokkru að slægjast fyrir okkur öll, því það hefur komið á daginn að óheiðarleiki leiðir til hruns og hörmunga. Það ætti okkur að vera ljóst nú í eitt skipti fyrir öll.

Höfundur er blaðamaður og rithöfundur.

Bætur betri en nám?

UMRÆÐAN

Sunna Magnúsdóttir, Nanna Kristín Tryggvadóttir og Kristján Valgeir Þórarinnsson skrifa um kjör námsmanna

Við stöndum í dag frammi fyrir miklum breytingum á íslensku samfélagi. Niðurskurðarhnífurinn er uppi sem og almennar hækkanir á neysluvörum. Atvinnulausum fer fjölgandi og má leiða að því líkur að margir hyggi á nám þar sem ekki er næga atvinnu að hafa en nú þegar stunda tæplega tuttugu þúsund manns háskólanám.

Í dag eru atvinnuleysisbætur 149.523 krónur á mánuði. Hámarksframsæsla til námsmanna er aftur á móti 100.600 krónur á mánuði. Gagnlegt væri að fá útreikninga á því hvernig námsmaður á leigumarkaði á að geta lifað af á þessum námslánunum. Hvernig stendur á því að framfærslulán námsmanna eru lægri en lágmarksatvinnuleysisbætur? Er markmiðið að hvetja einstaklinga til að fara á atvinnuleysisbætur í stað þess að fara í frekara nám?

Vonandi gera sér allir grein fyrir að öflugt menntakerfi er fjárfesting samfélagsins í ungvíði landsins, sem skapar samfélaginu auð í framtíðinni, eða eins og sakir standa, borgar til baka skuldir Íslands um ókomin ár. Það er nefnilega þannig að sú kynslóð sem mun borga til baka skuldir íslensku þjóðarinnar er nú við nám eða stefnir á nám. Hvernig ætlum við að koma okkur út úr þessum erfiðleikum, ef fólk hefur ekki lengur efni á að stunda nám?

Það hefur sjaldan verið jafn brýnt að Lánasjóður íslenskra

námsmanna standi undir sínu hlutverki, það er að tryggja íslenskum námsmönnum tækifæri til að stunda nám án tillits til efnahags. Námslán eru verðtryggð og því endurgreidd með verðbótum þegar námi er lokið. Atvinnuleysisbætur eru beinn kostnaður ríkisins, sem það fær að litlu eða engu leyti til baka. Það segir sig sjálft að það er betra að fólk mennti sig en að það sitji heima án atvinnu. Það hlýtur því að liggja í augum uppi að bæta þarf kjör námsmanna en ekki skerða þau.

Í viðtali við Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra 9. júní kom fram að hægt væri að skoða þann möguleika að flytja fjármuni frá atvinnuleysistryggingarsjóði yfir til LÍN. Þetta er ein af mörgum mögulegum tilfærslum í kerfinu til að bæta stöðu LÍN og þar með kjör námsmanna. Við fögnum þessari tillögu menntamálaráðherra sem skrefi í rétta átt, en betur má ef duga skal.

Nú er tækifæri til að endurskoða lánasjóðsmálin með þarfir lánþega og heildarhagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á góða og nána samvinnu yfirvalda við stúdentahreyfingarnar. Þannig næst góður árangur til framtíðar sem styrkir endurreisn landsins, í stað skammtímasparnaðar í menntakerfinu sem hvetur fólk til að sækja um atvinnuleysisbætur frekar en að leita sér menntunar.

Við spyrjum því, hvað ætlar nýja ríkisstjórnin að gera fyrir námsmenn?

Sunna er formaður, Nanna Kristín varaformaður og Kristján Valgeir gjaldkeri Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík.



Dimmir hratt á draugaslóð

Blöndustöð

Sýning myndlistarmannsins **BASKA** um örlög Reynistaðarbræðra og dulúð hálendisins verður opnuð laugardaginn 13. júní kl. 14. Hálandiskórinn undir stjórn Sólveigar S. Einarsdóttur syngur við opnunina.

Verið velkomin. Opnið alla eftirmiðdaga í sumar.

Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum í sumar eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.


Landsvirkjun
Árangur fyrir alla



„Ég fékk frábært viðmót og nú veit ég nákvæmlega hver staðan er.“

Kristín Helga Waage
viðskiptavinur Íslandsbanka

Fjármálaviðtal fyrir alla – komdu í næsta útibú


Það er mikilvægt fyrir alla að fara reglulega yfir stöðu fjármálanna. Fjármálaviðtal Íslandsbanka veitir þér góða yfirsýn yfir fjármál heimilisins, sparar peninga og getur komið í veg fyrir hugsanlega greiðsluferfiðleika. Einnig eru fjölmörg úrræði í boði fyrir þá sem eru þegar komnir í greiðsluvanda.

Tilgangur Fjármálaviðtalsins er að meta stöðuna og koma betra skipulagi á fjármálin.

Í Fjármálaviðtalinu skoðum við m.a. með þér:

- | | |
|---------------------|---|
| Eignir og skuldir | • Hvernig lítur efnahagur heimilisins út? |
| Rekstur heimilisins | • Er möguleiki að hagræða? |
| Lánasetningu | • Er greiðslubyrði viðráðanleg? |
| Sparnað | • Er svigrúm til sparnaðar? |

Komdu í Fjármálaviðtal í næsta útibúi Íslandsbanka og við tökum vel á móti þér. Þú þarft ekki að bóka tíma og það kostar ekkert.



- Heimilið
- Bifreiðar/samgöngur
- Sparnaður
- Matur/neysla
- Heilsa/tómstundir
- Frístundir

Í lok Fjármálaviðtalsins er útbúið stöðumat og gefnar leiðbeiningar um hvernig gott er að halda utan um fjármál heimilisins. Heimilisbókhaldið á islandsbanki.is er einnig gott tæki til að aðstoða þig við að hafa yfirsýn yfir fjármálin.

Mamma rak mig áfram

Allt frá því að hann var á sjónum hefur hann ekki getað sofið nema nokkra tíma í senn og nægir í raun þriggja til fjögurra klukkutíma nætursvefn. **Pröstur Leó Gunnarsson** vildi verða gamanleikari en hefur bara leikið í tveimur försum í gegnum ævina. Leikarinn sagði *Júlu Margréti Alexandersdóttur* frá landsbyggð sem þekkir kreppu og léttari málum tilverunnar.

Pað er mál margra innan leikhússins að Pröstur Leó sé eitt mesta náttúruafni bransans. Sveitastrákur sem ólst upp á Bíldudal og fór suður að læra bifvélavirkjun var hvattur af móður sinni til þess „að sækja nú eitthvað leiklistarnámskeið“ fyrir sunnan. Hún vissi hvað í honum bjó. Pröstur sjálfur segir að hann hafi varla vitað að hægt væri að læra leiklist í þar til gerðum skóla. Og þegar hann var í inntökuprófunum hringdi hann með reglulegu millibili vestur á Bíldudal og sagði föður sínum að hann yrði víst að seinka farinu vestur – hann væri kominn í eitthvað þrengri hóp. „En næst komast bara 32 áfram, þá dett ég út og kem heim,“ sagði Pröstur föður sínum, og var hálfsvækkur yfir að þurfa alltaf að vera að færa heimferð sína til, enda hlakkaði hann til að komast vestur að veiða. Órlögin höguðu því þannig að í dag er hann einn eftirsóttasti leikari landsins. Og er á Bíldudal á sumrin þar sem hann á litið hús.

Veiði mér til matar

„Pabbi var í mörg ár vörubílstjóri ásamt því að stunda smá búskap. Mamma var ljósmóðir. Þau eru auðvitað bæði hætt að vinna í dag, pabbi orðinn 84 ára gamall. En ég sem sagt elst upp á Bíldudal og bý þar þangað til að ég er orðinn 18 ára gamall. Ég á sex systkini og lífið var að veiða, vera í bátunum, stela harðfiski og ég fór á sjó þegar ég var 16 ára.“ Pröstur Leó hefur svolitla sérstöðu innan leikarastéttarinnar. Hann tekur sér til að mynda öðru hvoru frá leiknum og fer á sjó. „Ég hef farið ef það er laust pláss en hins vegar hefur sjósókn minnkað svo mikið að það eru ekki nema nokkrir bátar á veiðum. Núna líður mér hins vegar þannig að mig langar bráðlega að taka mér frá leiklistinni.“ Leiklistina segist hann, líkt og sjómennskuna, líta á sem hvert annað starf. „Ég var aldrei góður í því að beita og svo voru aðrir sem voru snillingar í því. Ég hef unnið við ýmislegt, svo sem brúarsmíði, fiskvinnslu, skreiðarverkun og fleira og hefur aldrei fundist leiklistin neitt æðri en önnur störf. Ég man eftir gömlum manni fyrir vestan sem skildi ekkert í því af hverju ég ætlaði að verða leikari í stað þess að halda áfram að vera hausari. Að hans mati átti ég að halda áfram á hausaranum fyrir vestan því ég væri sá besti sem hann hafði séð á þeirri vél. Yndi mitt er hins vegar að veiða. Þá meina ég veiða mér til matar í fjöllum, en ekki að borga þrjátíu þúsund krónur fyrir að vera í laxveiði.“

Bandarar á vítlasum stöðum

Þótt ekki sé leikara að finna í ætt Prastar eru þar góðir sögumenn. Til að mynda faðir hans og afi og hann segist sjálfur nýlega hafa misst af föður sínum á skemmtun fyrir vestan þar sem hann lýsti flugferð fyrir samsveitungum sínum þannig að fólk grét og hló í senn. Pröstur sjálfur – sögumaður? „Ég veit það ekki. Ég hef alltaf fíflast mikið. Og þegar grunnskólinn var að setja upp leikrit fyrir vestan var yfirleitt erfitt að hafa mig með því ég vildi bara fíflast. Það er líka ríkt í mér að vilja léttá stemninguna ef hún er orðin of þung að minnu mati. Þannig á ég það til, kannski á einhverjum krisufundum í leikhúsinu, að henda inn einhverjum bröndurum til að reyna að peppa upp andrúmsloftið. Það getur nú líka klúðrast,“ segir Pröstur Leó, og minnst neyðarlegra atvika þegar hann tróð inn slíkum bröndurum á röngum stöðum, meinandi þó afskaplega vel. „Fólki hættir stundum til að sökkva sér of djúpt niður í hlutina og taka of mikið inn á sig. Það þýðir ekkert. Við verðum að muna til hvers við erum hérna, það er ekki til að ganga í gegnum þetta allt í bölsýni.“



VEIÐIR, GREFUR OG SALTAR Pröstur Leó Gunnarsson vill helst dvelja á Bíldudal allt sumarið en hann segist vera „fjöruveiðimaður“ sem veiði sér til matar og eigi erfitt með að skilja veiðar í dýrum laxveiðiam.

Helgi Skúlason hvatti hann áfram

Leiklistarskólinn var sem sagt ekki til sem fyrirbæri í huga Prastar Leós þegar hann kom suður sem ungur maður og byrjaði á því að nema bifvélavirkjun. Hann frétti hins vegar af kvöldnámskeiði í leiklist hjá Helga Skúlasyni heitnum og skræði sig á það. Krakkarnir á því námskeiði voru allir á leið í leiklistarskólann. Helgi hvatti hann til að fylgja þeim í inntökuprófið. „Jú, auðvitað ferðu með þeim,“ segir Pröstur Leó að Helgi hafi sagt. „Ég þekkti engin verk og hafði ekkert verið í leikhúsi. Helgi hjálpaði mér að velja mér einleik til að flytja í prófunum. Ég hringdi í hann í öngum mínum, sagðist bara ekkert vita hvað ég ætti að gera með þennan einleik. Hann sagði mér að hitta sig í hádegishléi hjá sér í Þjóðleikhúsinu og við hittumst í korter. Svo skottaðist ég með þeim í inntökuprófin og komst inn.“ Pröstur Leó var hins vegar alltaf jafn hissa sjálfur á að komast lengra og lengra, eftir því sem fleiri dattu út úr inntökuprófunum.

Sendur suður af mömmu

Pröstur Leó stimplaði sig inn, fyrsta árið eftir útskrift, í kvikmyndinni *Eins og skepnan deyr*. Eftir það verkefni var litið að gera og Pröstur fór á hörpuskelsveiðar. „Ég var afslappaður yfir því hvort frekari verkefni biðu mín eða ekki. Um þær mundir var verið að sýna Land míns föður í Iðoni og einn leik-

arinn þurfti að hætta vegna annars verkefnis. Kjartan Ragnarsson leikstjóri hringdi þá í mig og spurði hvort ég væri ekki til í að hoppa inn í þessa rullu. Ég talaði við mömmu og var eitthvað efins enda minnkun þá tekjurnar mikið, þar sem hörpuskelsveiðarnar gáfu vel af sér. Mamma sagði við mig: „Ég þakka niður fyrir þig í kvöld og svo bara ferðu suður.“ Og ég fór suður. Við sýndum svo þetta verk í tvö til þrjú leikar, sex sinnum í viku.“ Næsta leikur sem Pröstur Leó tók þátt í var *Dagur vonar* eftir Birgi Sigurðsson og stjarna hans var þá endanlega komin upp á leikhimininn.

Vestfirski hátturinn í leikhúsinu

Pröstur Leó hefur leikstýrt áhuga-leikhúsinu fyrir vestan. Við borgum ekki, sem Pröstur leikstýrir og frumsýnt var fyrir viku í Borgarleikhúsinu, er eitt þeirra verka sem hann setti þar upp, fyrir um 18 árum. Árið 1995 fékk hann það svo í gegn að setja það upp í Borgarleikhúsinu, en gat var í dagskrá leikhússins vegna annars verks sem gengið hafði illa. „Ég talaði við leikhússtjórnara og þótt þeir væru ekki alveg vissir hvort ég, sem enga reynslu hafði af leikstjórn, væri vel til þess fallinn að fara að setja upp farsa, ákváðu þeir að gefa mér lausan tauminn. Klukkan tíu morguninn eftir að ég hafði fengið þetta í gegn voru leikarar komnir upp á svið og farnir að æfa,“ segir Pröstur Leó. Vestfirski hátturinn eða

hvað? „Jú, ætli það ekki bara. Ég hef hins vegar aldrei vitað almennilega hvort ég eigi að vera að leikstýra mikið. Þetta gekk hins vegar mjög vel. Það var helst að ég væri paranojd yfir að leikararnir væru óánægðir með öreynndan leikstjórnann og bölvuðu mér í sand og ösku úti í horni. Kannski eru þeir að því, og þó, ég held ekki. Ég leikstýri eiginlega með því að sýna hvernig ég myndi gera,“ segir Pröstur Leó, hlær og lýsir leikstjórataktík sinni og hefur upp raust: „Gerðu svona, segðu þetta, og bíddu þarna í eina sekúndu með þessa línu og þá verður hún myndin.“ Ég veit nokkuð vel hvað er fyndið og hvað ekki og ætlaði alltaf að verða gamanleikari. Þegar ég byrjaði í leiklistarskólunum var ég hins vegar stoppaður af kennurunum sem voru orðnir þrengir á flíflátunum í mér: „Já, Pröstur minn, við vitum alveg að þú getur verið fyndinn, en þú verður að prófa hitt líka.“ Eftir útskrift lá leið mín svo í hvert dramatiska verkið á fætur öðru og ég hef bara leikið í tveimur försum í dag. Ég tek því fíflalætin út á æfingum og baksviðs.“

Með smá hroll en ekki kvíðinn

Leikritið *Við borgum* ekki hefur verið staðfært og fært til ástandsins á Íslandi í dag. Pröstur segir að þau hafi þó passað sig á að sleppa því sem allir eru orðnir þrengir á í umræðunni og verkið sé fyrst og fremst afbragðsskemmtun, meðm-

Ég er búinn að leggja stóra bílnum og keyri dóttur mína í vinnuna á litlum bíl sem ég keyri svo áfram í vinnuna. Og maður er orðinn blankur miklu fyrr fyrir mánaðamót en áður. Mörgum er hins vegar ekki ljóst að svona hefur ástandið verið úti á landi í fjórtán ár.

Síthvað af mörgum andlitum Prastar Leós:

Hörður í *Degi vonar*

Tom Joad í *Þrúgum reiðinnar*

Titillutverkin í *Platonov, Tartuffe og Hamlet*

Mikki refur í *Dýrunum í Hálsaskógi*

Louis Gassion í *Edith Piaf*

Jón Leifs í *Tárum úr steini*

Faðir Nóa í *Nóa albinóa* (Edduverðlaunin 2003). *Eins og skepnan* deyr eftir Hilmar Oddsson (1986): Fyrsta kvikmynd Prastar Leós

Brúðguminn eftir Baltasar Kormákk (Fékk líka Edduna fyrir frammistöðu sína í hlutverki Barkar).

Pröstur á þrjár Grimur, verðlaun leikhúsanna: *Ökutímar* (2008), *Killer Joe* (2007) og *Koddamaðurinn* (2005)

inna af pólitík. „Verkið er það vel skrifað að við þurftum ekki að skreyta það með aulahúmor og fólk er orðið langþreytt á bankastjóra-brótti og slíku þannig að í verkinu er ekkert slíkt að finna. Við vorum ófeimin við að henda út hlutum sem við vissum að myndu ekki hitta í mark.“ Pröstur sjálfur segist ekki hafa farið varhluta af ástandinu. „Auðvitað finnur maður fyrir erfíðari tíð. Ég er búinn að leggja stóra bílnum og keyri dóttur mína í vinnuna á litlum bíl sem ég keyri svo áfram í vinnuna. Og maður er orðinn blankur miklu fyrr fyrir mánaðamót en áður. Mörgum er hins vegar ekki ljóst að svona hefur ástandið verið úti á landi í fjórtán ár. Á landsbyggðinni hefur fólk verið að missa húsin sín, þau eru einskis virði, kvótinn er farinn og fólk er í einhverjum hálfum störfum eða á atvinnuleysisbótum. Á litlu stöðunum, heila hringinn í kringum landið, hefur þetta verið svona. Við á höfuðborgarsvæðinu erum að upplifa þetta núna, að við eigum ekkert eftir nema skuldarnar þegar kreppan hefur étíð upp það sem við eigum í húsunum okkar. Og hvað ætlum við að gera? Ekki frekar en fólkið úti á landi, sem hefur verið fast þar í húsum sem seljast ekki, komumst við burt.“ Pröstur segir að hann sé samt ekki kvíðinn. Slíkt þýði ekkert. „Það er kannski smá hrollur, en maður verður að vera bjartsýnn. Annars getum við bara pakkað saman.“



MacBook 13"

Hraðari örgjörvi. Meira geymslupláss.



MacBook 13"

Intel Core 2 Duo 2.13 GHz - 2 GB vinnsluminni - 160 GB harður diskur

Verð: 194.900.-

Sumartilboð

Fireant FA004 hátalarar

Fyrir iPod/iPhone

Alvöru hljómur

Fæst í **rauðu**, **bleiku**, **svörtu** og **hvítu**.



(iPod á mynd fylgir ekki)

Verð: 29.990

iPod aukahlutir í úrvali



GRIFFIN
iTrip Universal - FM sendir
fyrir iPod/iPhone
Verð: 5.990.-
(iPod á mynd fylgir ekki)



PURO
BÍla og veggheðsla
fyrir iPod/iPhone
Verð: 3.990.-



PURO
Auka rafhlaða
fyrir iPod/iPhone
Verð: 5.490.-



PURO
Hátalarar
fyrir iPod/iPhone
Verð: 4.990.-
(iPod á mynd fylgir ekki)



GRIFFIN
iTrip BÍlahleðslutæki og FM sendir
fyrir iPod/iPhone
Verð: 11.990.-



Magnet / snúruhaldari
fyrir iPod/iPhone
Verð: frá 1.590.-



PURO
Heyrnatól, með innbyggðum hljóðnema
fyrir iPhone
Verð: 3.990.-



Úrval leikja

iPod shuffle

4GB / 1000 lög

Verð: 18.990

Hæð x breidd 4,52 x 1,75 cm
Þyngd: 10 gr.



iPod nano

8GB / 16GB

Verð frá: 39.990



Apple búðin | www.icemac.is
Sími: 512-1300 | Opnunartími:
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16



SLYSAGILDRA Granaskjól 34 bakar nágrönnum sínum vandræði. Nágranni sem Fréttablaðið talaði við sagði húsið koma reglulega fyrir á nágrannafundum og menn hefðu verulegar áhyggjur af slysgildrunum sem þarna leyndust.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



STENDUR OG BÍÐUR Bergstaðastraeti 36 var flutt með mikilli viðurhöfn í fyrra. Nú stendur það bara og bíður örlaga sinna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Löng bið eftir framkvæmdum

Í grónum hverfum Reykjavíkur má sums staðar sjá hálfkláruð hús sem stinga í stúf. Húsin geta verið miklar slysgildir fyrir börn og efnahagsástandið bætir ekki úr skák. *Kolbrún Björt Sigfúsdóttir* kynnti sér málið og komst að því að þessi ókláruðu hús gætu staðið í þessu ástandi í nokkur ár.

Igrónum hverfum höfuðborgarinnar má sjá hálfkláruð hús sem stinga óeitanlega í stúf. Nágrannar hafa miklar áhyggjur af húsunum enda leynast hætturarnar víða þegar hús standa óhreyfð svo mánuðum og árum skiptir. Kolbrún Björt Sigfúsdóttir kynnti sér málið og komst að því að lóðarhafar bera alla ábyrgð.

„Þetta er skelfilegt,“ segir reiður nágranni, um það sem eftir stendur af Granaskjól 34 í vesturbæ Reykjavíkur. Hún segir húsið reglulega rætt á nágrannafundi, en hún og annað heimilisfólk hafi margoft hringt í Reykjavíkurborg og kvartað undan frágangi hússins. Hún segist þá hafa fengið þau svör að borgin beri ekki ábyrgð á eigninni, né þeim börnum sem

leika sér í rústunum, en á hennar heimili eru sex börn. „Hver ber þá ábyrgð? Eru það þá eigendurnir, ekki geta það verið nágrannarnir?“ Hún segir íkveikju, sprungið vatnsrör og unglingshóp nú þegar hafa valdið nágrönnum óþægindum og hún viti ekki hvort slys þurfi til, svo svæðið verði girt af. Eigandi hússins vildi ekki tjá sig um ástæður þess að framkvæmdir stöðvuðust þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Magnús Sædal Svavarsson, byggingarfulltrúi borgarinnar, segir að við veitingu byggingarleyfis sé gefinn frestur frá svokölluðum b-degi, eða þeim degi þegar lóðin er byggingarhæf. Skulu eigendur lóða hafa klárað grunn ári eftir b-dag, fokhelt tveimur árum síðar og fjórum árum síðar skal

lóðin tilbúin. „Þessir frestir voru allir framlengdir með samþykkt borgarráðs Reykjavíkur um tvö ár vegna efnahagsástandsins, þannig að fólk hefur nú lengri tíma til að ganga frá þessum málum en það hafði áður.“ Hann segir alla ábyrgð, bæði hvað varðar öryggi annarra og verklok, á höndum lóðarhafa. Séu eigendur farnir í gjaldþrot beri lánastofnunin ábyrgðina. „Í svona árferði eins og er núna er ekki við öðru að búast en að svona málefni gangi hægt fram.“ Hversu lengi þurfa nágrannar þá að þola hálfkláruð hús í sínum götum? „Þeir geta orðið að þola það töluvert lengi, því í fyrsta lagi þurfa frestirnir að líða og ef þessar eignir eru að skipta um hendur, þá er það ekki til að flýta málsmeðferðinni.“

Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjúsku.



www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál



Árinn Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



HÆTTULEGT Eins og sjá má leynast hætturarnar víða þegar hálfkláruð hús eru annars vegar. Frestir til að klára húsin hafa verið framlengdir um tvö ár vegna efnahagsástandsins.

Nýtt
magalyf
án lyfseðils

Af litlum neista...

Kröftug stjórnun sýruseytingar

Sýrupolin hylki

Sértækur verkunarháttur

Brjóstsviði
Meðferð
Magasýra
Lausasýra
Sýrupakflás
Eftirbyggingar
Kynlosulyf

Skammtíamæðferð
Hröð og virk hemlun á sýruseytingu
Prótónupumpuhemill
Kröftug sýrustjórnun



Omeprazol Actavis

- öflugt lyf við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 28 stk fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Notkunarvið: Omeprazol Actavis inniheldur ómeprazol sem hemur seytingu á magasýru. Omeprazol Actavis er notað við tilfallandi brjóstsviða og súru bakflæði. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir innihaldsefnum, samtímis notkun lyfja sem innihalda claritromýcín hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi, samtímis notkun lyfja sem innihalda atazanavír. **Varúð:** Gæta skal sérstakrar varúðar: Ef verulegt og óvænt þyngdartap verður, við endurtekin uppköst, ef erfðleikar eru við að kyngja, við blóðuppköst eða blóð í hægðum, ef lifrar- eða nýrnastarfsemi er skert. Börn og unglíngar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið nema að ráði læknis. Omeprazol Actavis inniheldur súkrósa. **Meðganga/brjóstgjöf:** Leitið ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. **Akstur og notkun véla:** Aukaverkanir, svo sem þreyta, svimi og sjón- og heymartuflanir, geta komið fram og geta haft áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Algengar aukaverkanir eru niðurgangur, hægðatregða, vindgangur, ógleði, uppköst, svefntruflanir, sundl, höfuðverkur eða þreyta. Þessar aukaverkanir verða yfirleitt vægari við áframhaldandi meðferð. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: 1 sýrupolið hylki eftir þörfum. Ekki má nota meira en 20 mg á sólarhring. Ef einkennin hverfa ekki eftir að Omeprazol Actavis hefur verið notað í 14 daga skal hafa samband við lækinn vegna þess að einkennin gætu verið af öðrum orsökum. Gleypa á sýrupölnu hylkin með glasi af vökva. Sýrupölnu hylkin ætti að taka fyrir máltíð (t.d. morgunmat eða kvöldmat) eða á fastandi maga. Hvorki má tyggja né mylja sýrupölnu hylkin. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. **Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Janúar 2009.

 **actavis**
hagur í heilsu

Fyrrverandi poppstjarna og verðbréfasali skrifar krimma

Norski sakamálasagnahöfundurinn **Jo Nesbø** hitti **Pál Baldvin Baldvinsson** á dögnum og sagði á sér deili, nú þegar hann er að leggja heiminn að fótum sér með krimmaröðinni um Harry Hole.

Jo Nesbø gerði hér stuttan stans um daginn, flaug hingað frá Færeyjum þar sem hann hafði dagspart til að rólta um Þórs höfn með Lízu Marklund og manni hennar. Tílefni heimsóknar hingað var að vera viðstaddur norrænt þing sem Hið íslenska glæpafélag stóð fyrir ásamt bræðra- og systrasamtökum sínum á Norðurlöndum. Glerlykillinn var afhentur við það tílefni.

Snaggaralegur maður

Jo ber ekki með sér aldurinn, rétt fimmtugur er hann unglegur, lágvaxinn og nettur maður, klæddur eins og snyrtilegur iðnaðarmaður sem er fitt, ungæðislegur. Hann á sérstakan feril að baki. Þótt hann sé orðinn þekktur víða um heim af sakamálasögum sínum sem hafa nú verið þýddar á yfir fjörutíu tungumál og vex álit á verkum hans víða um heim eftir því sem þýðingum á sögum hans fjölga, þá var hann þjóðkunnur heima í Noregi þegar ritferillinn hófst árið 1997. Þá hafði hann um árabil verið frontmaður í norsku poppgrúppunni De Derre, gefið út fimm plötur og túrað um fimm ára skeið.

Tveggja þjónn

Jo er fæddur í Ósló 1960 og af millistéttarfélagi kominn. Hann reyndist ekki hafa mikinn áhuga á námi og hætti námi 17 ára til að helga sig fótbolta en hann dreymdi um atvinnumennsku. Það átti ekki að verða. Meðan hann sinnti herþjónustu tók hann upp kúrsa sem þurfti og komst í verslunarskóla. Honum virðist gefið að þjóna fleiri en einum herra því samfara námi kom hann bandinu í gang og eftir að námi var lokið hélt hann áfram að spila en starfaði á sama tíma sem miðlari í verðbréfum í Ósló. Við spiluðum 180 kvöld á ári þegar mest var að gera og ég vann allan þann tíma fulla vinnu í Ósló, setti mér það mark að fara alltaf heim eftir gígg, sem var oft erfitt og maður ansi framlágar marga morgna," segir hann. En afkoman var góð.

Fimm vikna törn

Kaflaskil urðu í lífi Jo árið 1997. „Það urðu þáttaskil í lífi mínu: ég hafði misst föður minn og það komst mikið rót á mig þannig að þegar vinur minn stakk upp á ferð til Ástralíu sló ég til. Fram að því hafði ég eytt öllu mínu aflafé í ferðalög og mig langaði að sjá þennan heimshluta. Ég tók með mér tölvu og þar datt mér í hug að setja saman sögu. Smíðaði grind og bjó til söguhetju sem var ekki frumleg, hetjan heitir Harry Hole og er týpa í Marlowe-hefðinni, vinnur í lögreglunni í Ósló. Ég þekki svona menn og reyndi hvað ég gat. Eftir fimm vikur var sagan tilbúin og ég varð að viðurkenna að hún var ekki svo slæm. Þegar ég kom heim sendi ég handritið til Aschehaug undir dulnefni því ég vildi ekki að menn dæmdu bókina eftir því hver höfundurinn var, ég var það þekktur heima. Þeir kölluðu á mig og spurði hvað ég hefði haft söguna lengi í smíðum. Tvö ár, sagði ég. Þeir keyptu réttinn og bókinn kom út undir mínu nafni og henni var ágætlega tekið.“ Betur en það: fyrir Leðurblökumanninn fékk Jo bæði Glerlykillinn og Riverton-verðlaunin fyrir besta krimma ársins.

Drykkfelldur lögreglumaður

Síðan eru liðin tólf ár: sögurnar um Harry Hole eru orðnar átta ef með er talin sú sem kemur út í haust. Fyrsta sagan, Leðurblökumaðurinn, gerist í Ástralíu en þangað er Hole sendur til að kanna



GAUF ÚT FIMM PLÖTUR MEÐ HLJÓMSVEITINI DE DERRE Jo Nesbø segir lát föður síns hafa valdið kaflaskilum í lífi sínu en þá byrjaði hann að skrifa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Það kitlar hégómagirndina að sjá verk sín í erlendum búðargluggum. Á Filippseyjum var ég í búð og sá sögu eftir mig. Við kassann benti ég á að bókinn væri eftir mig. „Ég verð að kalla á verslunarstjórnann,“ sagði stúlkan. Hann kom og tók mig út, bar saman við myndina á baki bókarinnar: Ertu með skilríki? Ég hafði þau ekki. Þú verður að koma með skilríki. Ég sagði ég væri bara að bjóða áritun ef þeir vildu. Svárið kom um hæl: þú verður þá að borga bókina.

afdrif norskrar stúlku sem þar var myrt. Hole á við veruleg drykkjuvandamál að stríða og ber ábyrgð á dauða ungs lögregluþjóns heima í Noregi. Báðar fyrstu bækur Jo um Hole gerast á fjárlægum slóðum, í Ástralíu og Taílandi. Hann snýr ekki heim fyrr en með Rödstrupe – Rauðbrystingi eins og hún kallast í íslenskrum þýðingu – árið 2000.

Rauðbrystingur gerist á tveimur tímum, á okkar dögum og við Stalíngrad 1940 þar sem norsk herdeild berst við heri borgarinnar með þýska umsátursliðinu. Það er ekki vel kunn staðreynd en fjöldi ungra Norðmanna gekk til liðs við þjóðverja. Það var norsk herdeild sem hélt lengst úti við neðanjarðarbyrgi Hitlers í Berlín.

Tviklofin þjóð

Ég spurði Jo hvort hann hafi í annan stað notað söguleg minni í sögum sínum. Hann svaraði því neitandi, utan þessa og svo hafi hann nýtt sér kynni af serbneskum leigumörðingja sem hann hafi kynnst við vinnslu heimildarverks sem hann tók saman 1999 með Esben Soeby. Og hvers vegna fór hann aftur til stríðs-

áranna: „Það var vegna þess að sögur úr stríðinu einkenndu alla mína æsku: fjölskylda þabba var höll undir Þjóðverja, en fjölskylda mömmu tilheyrði andspyrnuhreyfingunni. Ég hafði því heyrt sögur alla mína tíð um þessa tvo andstæðu hópa í Noregi.“ En hví er þessi staðreynd svo fáum kunn, spurj ég, að þúsundir Norðmanna börðust með þýska hernum? „Allt sem viðkom Noregi í stríðinu var þaggað niður. Hin opinbera skoðun var sú að þeir sem studdu þjóðverja, voru á þeirra bandi, væru svikarar, þeir voru meðhöndlaðir þannig, dæmdir og settir í fangelsi,“ segir hann. „Það var margt skammarlegt gert á hlut þess fólks og unga fólkið þá fann til þess og skammaðist sín fyrir það.“ Nú er mikill áhugi vaknaður á stríðsár- unum, bæði í Noregi og Danmörku, og fólk þyrstir í sögur frá þessum tíma eins og aðsókn að Flammen og Citroen og Max Manus, tveimur stórmyndum sem sækja efni sitt í stríðsáraátökin, sýnir.

Doktor Proktor og prumpið

Jo hefur seinni árin snúið sér að öðrum skrifum en spennusögum

um Harry Hole. Í fyrra kom hér út í þýðingu barnasaga eftir hann, Doktor Proktor og prumpuduftið. Þá hefur hann gefið út smásögur og tvær skáldsögur; önnur þeirra segir af Roger Brown sem er hausaveiðari „headhunter“ í Noregi okkar tíma, hin segir af ævintýrum tryggingafræðings í Bombay. Þessi hliðarspor eru ekki án tilgangs.

Jo hefur varið hluta af tekjum sínum til að styrkja starf sem hjálpar börnum í þriðja heiminum að læra að lesa. Þessi brosmildi maður verður alvarlegur þegar hann er spurður út í þetta fyrir- tæki: „Við gerum okkur ekki grein fyrir því hér norður frá hvað við höfum það gott. Ég hef fínar tekjur, hef alveg nóg. Mín vandamál eru smá, á ég að kaupa mér stærri flatskjá, betri græjur, nýrri bíl, stærra hús? Ég hef nóg. Það var fyrir fáum árum ekki margt fólk í Noregi sem átti mikla peninga, og þá meina ég mikla peninga. Flestir höfðu það gott og þeir sem voru auðugir höfðu vit á að vera ekki að láta mikið á sér bera. En núna eru til menn í Noregi sem eru vellauðugir. Þeir gefa ekki mikið af

sínu til samfélagsins, hvað þá til landa þar sem neyðin er stór. Ég vildi sýna þeim að jafnvel ég get gefið vönan hlut af mínum tekjum til landa þar sem neyðin er stór, jafnvel ég, ef það kynni að verða til þess að þeir hugsuðu sig um. Ég hef ekki mikla trú á að þróunarhjálp geti breytt miklu, en ég hef trú á að fá börn tækifæri til að læra að lesa opnist þeim leiðir til að breyta samfélaginu sem þau lifa í, þau öðlist möguleika til sjálfsbjargar sem þau hafa ekki nú.“

Kvikmyndir þrengja hugarflugnið

Jo er að verða æ stærri póstur í norrænu sakamálabylgjunni sem berst yfir Evrópu og vestur um haf. Leiti menn uppi heimasíðu hans á ensku má sjá hvernig menn eru markaðsettir fyrir hinn stóra heim.

Ég spurði hann að lokum hvort hann hefði léð máls á því að Harry Hole, 194 cm á hæð og ljós yfirlitum, birtist okkur allsgáður og naskur, eða illa drukkinn og ekki síður naskur, á hvíta tjalduinu? Svo virðist vera sem snöggur vöxtur í norrænu sakamálasögum sé ekki síður að hleypra grósku í norræna framleiðslu á kvikmyndum og sjónvarpsþáttaröðum. Jo stundi. „Það eru margir búnir að tala við mig en ég vil halda Harry á blaðsíðum bókanna. Ég hef selt kvikmyndarétt að öðru. Mér finnst að um leið og sögupersóna eins og hann er kominn í kvikmynd þá takmarki það frelsi mitt og lesenda til að eiga samleið með honum, hvert sem hann annars fer.“ Og það er víðast.

Vegur Jo Nesbø í vestrænni bókaútgáfu er að aukast um mun. Hér á landi eru væntanlegar tvær aðrar sögur úr röðinni um Harry Hole og ekki er von á öðru en íslensk börn kynnist fleiri ævintýrum um Doktor Proktor því prumpuduft er hollt fyrir hláturtaugina.

GARÐPLÖNTU TILBOÐ!



Sýpris
100 sm
999 kr

Tráplöntu tilboð

Gljámispill 499 kr
Birkikvistur 799 kr
Blátoppur 999 kr
Fjallarós 999 kr

Nellikur
3 stk
999 kr

Stjúpur
10 stk
799 kr

17. JÚNÍ FÁNAR

14.995

Háprýstidæla
Nilfisk C110
5254241

249

Plöntuskófla
HiPoint
5084676-7

399

Nýtt
Fáni á bíl

1.499

Grasklippur
HiPoint
5084675

139

Fánaveifur
5080013

Pylsa og kók
99 kr

Ís **10** kr
í Skútuvogi


HÚSASMÍDJAN

x 
blómaval

Frábær saman

Kafað umhverfis hverfandi Kolbeinsey

Hópur af íslenskum, þýskum og bandarískum köfuum fór í köfunarferð við heimskautsbauginn nyrðri á dögnum. Kafararnir sáu ýmislegt forvitnilegt bæði neðansjávar og ofansjávar. Þeir köfuðu í Strýtum í Eyjafirði, í kringum Grímsey og Kolbeinsey, sem fer ört minnkandi. **Andri Ómarsson** sagði *Pórunni Elísabetu Bogadóttur* frá ferðinni.

Þetta voru sautján kafarar, nokkrir Íslendingar, svo Bandaríkjamenn og Þjóðverjar,“ segir Andri Ómarsson kafari. Hann fór ásamt sextán öðrum köfuum í ferð þar sem takmarkið var að kafa við heimskautsbauginn, sem liggur þvert yfir Grímsey.

Kafararnir byrjuðu í Eyjafirði. „Við köfuðum á stað sem heitir Strýturnar. Þar er svo allt öðruvísi að kafa en annars staðar á Íslandi þar sem heitar uppsprettur eru um allt,“ segir Andri og bætir því við að hægt hafi verið að taka af sér hanska og ylja sér við heita vatnið. „Við köfuðum svo við Grímsey daginn eftir. Það var óvænt köfun og stendur svolítið upp úr. Hluti af hópnum, þar á meðal ég, lenti í því að þegar við vorum nýkomnir í sjóinn sáu

við fuglager koma niður og kafa. Það voru langvíur, sem eru frekar litlir fuglar sem eru vanir að kafa eftir æti. Þeir voru svo forvitnir, fyrst kom einn en í lokin voru um tíu til fimmtán fuglar. Þeir voru svo forvitnir og komu svo nálægt að maður hefði getað teyg sig eftir þeim.“

Síðasta köfunardaginn var ferðinni heitið í Kolbeinsey. Andri segir þá hafa viljað nýta tækifærið þar sem ekki sé mjög langt í að eyjan hverfi. „Hún er orðin það lítil að það er komin gjá í gegnum hana á sama stað og þylupallurinn var á sínum tíma. Einn af köfuumum sá einmitt steypuleifar í gjánni eftir pallinn.“

Sjónvarpsþáttur verður gerður um köfunarferðina því með hópnum var sjónvarpsteymi frá Þýskalandi sem myndaði alla ferðina. Þátturinn verður sýndur í Þýskalandi í desember.




KOLBEINSEY Kafararnir Andri og Helgi stigu fæti á Kolbeinsey, sem fer ört minnkandi.



Á HEIMSKAUTSBAUGNUM Andri Ómarsson kafari á heimskautsbaug í Grímsey.




STEINBÍTUR Mikið var um steinbít við Kolbeinsey, en að sögn Andra Ómarssonar voru þeir um sextíu á sundi við eyjuna.



KOLBEINSEY Hluti Kolbeinseyjar á um það bil sjö metra dýpi.



KOLBEINSEY Eyjan minnkar hratt og hefur nú myndast gjá í hana miðja eins og sjá má á myndinni.



LANGVÍUR Þegar kafað var við Grímsey fékk hópurinn óvæntan félagsskap. Hópur af langvíum stakk sér til sunds og forvitnaðist um kafarana.





Mótmælum lágtekjusköttum

Eiga öryrkjar og aldraðir að greiða óreiðuskuldir?

Aðalstjórn Öryrkjabandalags Íslands lýsir þungum áhyggjum af bágrri stöðu öryrkja og ellilífeyrispega sem þurfa að treysta á hið opinbera til að geta framfleytt sér og sínum. Fatlað fólk og eldri borgarar nutu ekki hins svokallaða góðæris þar sem uppbygging velferðarkerfisins var ekki í samræmi við velmegun í samfélaginu. Staða fyrrgreindra hópa er mjög þung vegna aukins kostnaðar á nauðsynjum, eins og mat, lyfjum, læknisþjónustu og húsnæði. Mjög margir geta ekki látið enda ná saman.

Aðalstjórn ÖBÍ krefst þess að sá stöðugleikasáttmáli sem unnið er að á vettvangi ríkisstjórnar, Samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingar taki einnig til öryrkja og ellilífeyrispega. Það gengur ekki að 44 þúsund einstaklingar verði hafðir fyrir utan það samkomulag.

Við Íslendingar verðum að hafa kjark til að fara í gegnum þessa erfiðleikatíma með því að verja velferðarkerfið með öllum tiltækum ráðum. Aðför að velferðarkerfinu myndi valda óafturkræfum skaða.

Að mati aðalstjórnar er nú rétti tíminn fyrir íslensk stjórnvöld að endurskoða gildi okkar og setja fólk í forgang.

Aðalstjórn ÖBÍ mótmælir því harðlega að sérstakir lágtekjuskattar verði lagðir á lífeyrispega.

Ályktun aðalstjórnar ÖBÍ þann 10. júní 2009.

Kjörorð ÖBÍ

VIÐ STÖNDUM FYRIR RÉTTLÆTI
– EKKERT UM OKKUR ÁN OKKAR!

www.ljosmyndaskolin.is
umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 15. júní



LJÓSMYNDASKÓLINN



SAMMÁLA Unnsteini Manuel og Jóhönnu Guðrúnu finnst báðum að fólk sem er hrífið af hundum hafi eitthvað sérstakt við sig. Hvorugt þeirra er spennt fyrir því að fá sér matjurtagaró, nema ef uppskeran yrði suðrænir ávextir. Þau eru líka sammála um að lífið sé betra án áfengis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Syngja á almannaþæri og taka ekkert eftir því

Söngvarinn og lagasmiðurinn **Unnsteinn Manuel Stefánsson** man fyrst eftir söngdívunni Jóhönnu Guðrúnu Jónsdóttur þegar hún var að veita eiginhandarátitanir niðri við Reykjavíkurböfn. Þá voru þau bæði ellefu ára og komin á kaf í tónlistina. **Hólmfríður Helga Sigurðardóttir** komst að því að rökstólarpar vikunnar er líkara en kann að virðast við fyrstu sýn.

Á RÖKSTÓLUM

Hver er ykkar fyrsta minning um hvort annað?

Unnsteinn: „Ég man vel eftir því þegar ég sá Jóhönnu fyrst. Þá var tívolí hérna niðri á höfn og þar var hún að gefa eiginhandarátitanir. Þá vorum við svona ellefu ára.“

Jóhanna: „Ég man eftir að hafa séð Unnstein í blöðunum og í sjónvarpinu. En annars verð ég að viðurkenna að ég veit ósköp lítið um hann og ég þekki ekki tónlistina hans. Ég er ekki nógu dugleg við að hlusta á nýjar hljómsveitir, heldur hlusta ég aðallega á gamla tónlist frá 7., 8. og níunda áratugnum.“

Unnsteinn: „Ég er hins vegar búinn að hlusta alveg fullt á Eurovision-lagið þitt. Mér finnst það mjög skemmtilegt. Ég væri til í að taka það með hljómsveitinni minni.“

Jóhanna: „Það yrði svona eins og þegar allar rokksveitirnar fóru að taka Britney Spears-lögin. Það kom reyndar bara mjög vel út.“

Dýravinir og laumhnaeki

Nú vitið þið lítið annað um hvort annað en það sem þið heyrið í fjölmörgum. En hvaða eiginleikum haldið þið að hitt búi yfir?

Jóhanna: „Hann er ábyggilega

góður að spila á gítar. Hann er svona artí týpa og ég hugsa að hann lifi frekar heilbrigðu lífi, drekki sojallatte og borði lífrænan mat. Svo er hann alveg örugglega mjög skapandi manneskja. Ef hann væri ekki að meika það í hljómsveit myndi hann bara verða laga-höfundur eða eitthvað allt annað. Svo gæti ég trúað að hann sé góður kennari.“

Hún er svona sjálfsörugg eins og þeir þurfa að vera. Svo veit ég að hún er hundamanneskja, sem mér finnst alveg sérstaklega góður eiginleiki.“

Jóhanna: „Það er alveg rétt. Ég vorkenni dýrum alltaf miklu meira en fólki. Þegar fólk deyr í bíómyndum fer ég yfirleitt ekki að gráta. En ef það er hundur sem deyr þá grenja ég sko. Kannski er



Jóhanna: Ég drekk ekki, reyki ekki og ég fer ekki einu sinni á djammað því mér finnst það bara leiðinlegt.

Unnsteinn: Ég reyndar drekk ekki heldur og reyki ekki. En ég vinn á djamminu og mér finnst það ótrúlega gaman.

Unnsteinn: Já, þetta er ekki langt frá sannleikanum, ég er alveg í MH og svona. En ég er líka laumhnaeki. Ég fór alveg á Bíladaga á Akureyri í fyrra og svona og mér fannst ógeðslega gaman að vera þar. En ég held nefnilega að Jóhanna sé líka góður kennari.

það af því að þeir geta ekki tjáð sig og sagt manni frá því ef eitthvað er að. Svo eru þeir alltaf svo glaðir að sjá mann og myndu heldur aldrei svíkja mann – nema kannski fyrir mat.“

Unnsteinn: „Ég er alveg sammála þessu með dýrin. Ég er alltaf að

þykjast vera kaldur og hlæ bara að allri svona væmni. En svo ef ég horfi á mynd þar sem hundur er að deyja, þá er ég alveg nálægt því að fara að gráta. Þótt það gerist auðvitað aldrei.“

Jóhanna: „En getur verið að þú syngir á almannaþæri, eins og ég? Ég er alltaf syngjandi, alveg sama hvar ég er. Ég hef gert þetta frá því ég var lítil og er stundum ekki alveg að fatta að það sé kannski ekki viðeigandi fyrir aðstæðurnar. Sumir taka þessu á rangan hátt og halda að maður sé eitthvað montinn. En ég er bara svona skrýtin.“

Unnsteinn: „Já, ég geri þetta nefnilega oft líka. En eina ástæðan fyrir því að þetta virkar stundum svolítið óviðeigandi er að fólkið í kringum mann er svo viðkvæmt. Þá set ég bara upp heyrnartól og þá heyrir ég ekkert í því. En ég fæ sko martraðir um að ég sé orðinn eitthvað skrýtin í eyrunum og sé alltaf að syngja hálfóni ofar en aðrir í kringum mig.“

Jóhanna: „Í mínum martröðum kemur ekkert hljóð upp úr mér þegar ég syng.“

Sjónvarpinu kastað út

Í vikunni voru fréttir af manni sem tók tryllingskast í flugi á leið til Tenerife. Ef þið þyrftuð að velja ykkur flugdól til að ferðast með, hver yrði það þá? Fylgist þið mikið með fréttum almenn?

fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]

júní 2009

Aðstaða fyrir ungmenni

Austurbæjarbíó verður í sumar miðstöð fyrir ungt fólk. **BLS. 6**



Fín fjölskylduþrótt

Hulda Birna Baldursdóttir stundar golf ásamt manni sínum og þremur börnum. **BLS. 2**

Nammi- dagur



Fjölskyldan á ferðalagi. Barnvænum ferðamannastöðum fjölgar stöðugt hérlendis.

NORICPHOTOS/GETTY

Barnvæn ferðaðþjónusta

Sjá má greinilega aukningu í barnvænni ferðaðþjónustu á undanförunum árum og skemmtilegir staðir fyrir alla fjölskylduna spretta upp mjög víða.



Almennt séð er framþróun á öllum sviðum og ekki síst í barnvænni ferðaðþjónustu," segir Jón Gunnar Borgþórsson, forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálastofu.

„Það er að verða mikil hreyfing í átt að barnvænni ferðaðþjónustu á ferðamannastöðum í landshlutunum. Þar er unnið að því að hugsa vel um fjölskyldur og ég tala nú ekki um eins og núna þegar spáð er umtalsverðri aukningu íslenskra ferða-

manna á heimaslóðum," segir Jón Gunnar og bætir við að á tjaldstæðum sé unnið til dæmis að afþreyingu fyrir krakka.

Jón segir að verið sé að vinna að ferðamennsku á breiðum grunni á landinu öllu. „Því er erfitt að taka eitthvað út úr og segja að það sé bara fyrir fjölskyldur eða börn. Sveitarfélög, hótél og tjaldsvæði eru samt öll að vinna að einhverju fjölskyldutengdu. Svo er uppbyggingin við sundlaugarnar og þessa hálfgerðu vatnsgröða við þær. Þetta stuðlar allt að fjölskylduvænni ferðaðþjónustu á landinu.“

Þegar Jón Gunnar er inntur eftir því hvort hann taki eftir breytingu í tengslum við barnvæna ferðaðþjónustu á síðustu árum segir hann þá vera raunina. „Mér finnst það merkjanlegt. Nú er ég með unglinga í dag sem fyrir tíu árum voru átta og tíu ára og það sem ég sé í aðstöðu í dag er allt annað en var þá. Mér finnst ég sjá umtalsverða breytingu á síðasta áratug.“

Hugmyndir að skemmtilegum stöðum fyrir fjölskylduna að heimsækja má finna á síðum 4-5. *- mmf*

Mikið úrval vandaðra grilla frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400



Opið laugardag til kl. 16

Sólveig Gísladóttir
skrifar



Af hvatvísi og forvitni

Kunningi minn velti því fyrir sér um daginn hvernig heimurinn væri ef allir hegðuðu sér jafn hvatvíslega og lítil börn. Þessar vangaveltur spunnust út frá því að ég sagði honum sögu af stúlkunni minni litlu, rúmlega eins árs gamalli.

Við mæðgurnar eigum ávallt morgnana saman. Pabbi gamli er þá farinn í vinnuna og við dúllum okkur aðeins saman áður en við höldum út í umferðina til dagmómmunnar. Einn morguninn stóðum við saman inni á baði og móðirin var að tannbursta sig. Barnið er hins vegar haldið þeirri ónáttúru að vera algerlega tannlaust, orðið fjórtán mánaða. Til að venja hana við fékk hún tannbursta að naga en það þykir stúlkunni mikið sport. Móðirin var í mesta sakleysi með munninn fullan af froðu og stírir í augum þegar hún sá allt í einu útundan sér að litla barnið hafði einhver óknytti í huga.

Þarna stóð sú stutta, búin að lyfta klósettsetunni með annarri hendi og hélt hinni yfir skálinni með tannburstann dínlandi yfir vatnsborðinu. Varfærnislega sagði þá móðirin: „Nei, nei, þetta er ó, ó.“ En allt kom fyrir ekki, sú litla píróði augun og horfði beint í augu móður sinnar þegar hún lét tannburstann falla í klósettvatnið með smelli.

En erfitt er að reidast svona skottum og jafnvel enn erfiðara að fara ekki að hlæja yfir þessum uppátækjum sem yfirleitt má rekja til forvitni og hvatvísi. Þetta er jú tíminn þegar hvatvísir ræður ríkjum enda hefur félagslega taumhaldið ekki náð tókum á börnunum enn. Þau bara framkvæma. Ef þau vilja vita hvernig hljóð verður til þegar glasi er fleygt í gólfíð þá er það gert. Ef þau langar í kexið uppi á borði er bent og öskrað. Ef þau vilja komast fram úr sófanum kasta þau sér fram af án tillits til þess hvort þau muni meiða sig eða ekki. Mamma og pabbi verða jú til bjargar, þau vita það.

Kannski verður þessi hvatvísi einnig til þess að samskiptavandamál eru leyst á fremur einhæfan hátt. Dóttir mín hefur þó ekki getað verið virkur þátttakandi í þeim vandamálaálausnum sem stundaðar eru af hinum börnunum í daggæslunni. Vegur þar

sterkt tannleysið enda erfitt að bíta frá sér með berum gómunum. Hún hefur hins vegar verið á hinum enda þessara barnaerja sem snúast oft um einfalda hluti eins og leikföng eða stútkönnur. Oftar en einu sinni hefur hún snúð heim með bitför, meðal annars á höndum og jafnvel augabrun. Henni hefur þó ekki orðið meint af og von foreldrana lifir enn að hún geti brátt bitað frá sér eins og öll önnur börn.



Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sigríður Björg Tómasdóttir, Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Nordicphotos Getty **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Marta María Friðriksdóttir, Sólveig Gísladóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Benedikt Jónsson benediktj@365.is



Fjölskyldan Fjölskyldumeðlimir iðka golfið saman en þurfa nú að fara í tveimur hópum á völlinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ákváðum að bíða ekki þar til börnin yrðu stór

Stórir og smáir fjölskyldumeðlimir fimm manna fjölskyldu úr Reykjavík hittast allir á golfvöllinum til þess að eiga tíma saman, stunda útivist og iðka áhugamálið sem þeir eiga allir sameiginlegt.

Golf er vissulega góð fjölskyldu-íþrótt, í því er svo mikil útivera,“ segir Hulda Birna Baldursdóttir, sem stundar golf ásamt þremur börnum og eiginmanni sínum, Einarri Erni Jónssyni. „Við þurfum reyndar að fara í tveimur hópum vegna þess að við erum orðin svo mörg.“

Börnin Mikael, Baldur og Margrét eru á aldrinum þriggja til átta ára og eru áhugasöm um golfið. „Áhugi þeirra er reyndar misjafn. Við foreldrarir og strákarnir höfum brennandi áhuga, og Margrét sem er elst, er öll að koma til. Núna langar hana mest í bleikt golfsett og er dugleg að fara með mér á golfvöllinn.“

Hulda Birna segist hafa byrjað að stunda golf árið 2003 þegar Margrét var eins og háls árs og Baldur sjö mánaða. „Svo lagðist golfveiran alveg á mig og ég komst í afrekshóp GKG tveimur árum seinna. Eftir það varð ekki aftur snúð og þá þurfti ég að koma börnunum í þetta

líka,“ segir hún og bætir við að golfið taki auðvitað tíma og því sé skemmtilegt að hafa alla fjölskylduna með.

Hulda Birna segir að yngsti sonurinn, Mikael, sem er þriggja ára, sé duglegur á golfvöllinum. „Þegar við Mikael fórum síðast í golf bar ég hann á bakinu milli hola því hann er svo lítill. Hans golf í dag er þannig að hann er með púttarinn og stillir kúlunni upp tuttugu sentimetra frá holunni.“

Þegar Hulda Birna er innt eftir því hvernig sé að hafa jafn ung börn og þau Einar Örn eiga á golfvöllinum segir hún það vera æðislegt. „Ég hef rosa-lega gaman af þeim og þeim finnst þetta gaman. Við förum einmitt í golf í gær og litli

strákurinn vildi ekki fara heim þegar hringurinn var búinn,“ upplýsir hún hlæjandi.

Mikael virðist hafa fengið golfáhugann með móðurmjólkinni því Hulda Birna spilaði meira og minna alla meðgönguna. „Ég spilaði síðasta hringinn þegar það voru þrjár vikur í að ég ætti Mikael. Við unnum einmitt síðasta mótið mánuði áður en hann fæddist. Í verðlaunaafhendingunni var það nefnt hvort sigurinn væri svindl því við værum eiginlega tvö að vinna.“

Hulda Birna segir marga velta því fyrir sér hvernig þau hjónin hafi tíma til þess að stunda golfið af svo miklu kappi sem þau gera og hvort þau þurfi ekki að bíða þar til börnin verði stór. „Við viljum það ekkert. Ég mæli með því að taka börnin með í golfið.“

- mfm



ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGAR

20% afsláttur
til 16. júní

POLARN O. PYRET
Kringlunni • Sími 568 1822 og Smáralind • sími 564 1822
www.polarnopyret.is

BÓKIN

Leikir fyrir unga og aldna Hressileg bók sem ber heitið 10x10 leikir hefur verið endurútgefin og nú í kilju hjá Forlaginu. Í henni eru hundrað leikir sem henta ungum og öldnum og öllum þar á milli. Höfundurinn Sóley Elíadóttir er íþróttafraeðingur og mikil áhugakona um leiki. „Ég ólst upp á Akranesi og þar var mikið um útileiki þegar ég var krakki. Ég rétt kom inn í hádegismat og var svo farin út aftur,“ lýsir hún.

Leikjunum skiptir hún í nokkra í flokka, svo sem afmælisleiki, boltaleiki, eltingaleiki, feluleiki, bílaleiki, inni- og útileiki og meira að segja útileguleiki. Tíu leikir eru í hverjum kafla og af því dregur bókina heiti sitt. Hverjum leik er lýst í stuttum og greinargóðum texta. Þar kemur fram hversu margir geta verið með, heppilegur aldur þátttakenda, hvar best er að leika leikinn og hvaða áhöld eru nauðsynleg. Margrét E. Laxness skreytti bókina lífflegum teikningum og skýringarmyndum.

10x10 leikir kom út í kápu árið 2007 og seldist upp. Kiljan er enn meðfærligri og má fullrða að fáum muni leiðast í sumarfríinu með hana við höndina.

- gun

Við erum ódýrari

VEIÐIÞORTIÐ

Mán. - föst. 9 - 18
laugard. 9 - 16
sunnudag. 10 - 14

Veðiþortið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940

JAXON



IMPRESS RD hjól

Frábært kasthjól, 8 legur,
1 auka spóla

5.950 kr



**Besta verðið
í bænum**

Öndunar vöðlusett

Skór + vöðlur.

29.900 kr

JAXON



GALANT kasthjól

Gott kasthjól, 4 legur
1 auka spóla

2.950 kr



LIBRA sjóhjól

Gott sjóhjól m/ línu, raðara &
teljara, 4 legur

Tilboð 8.900 kr



180 gr – 400 gr

Pilkar með

20% afsl.

Pilkar frá 550 kr



Hvítmaðkur

Ein öflugasta beitan í
silung er komin í hús!

Nylon vöðlur

St. 42-46

7.900 kr

Opið kasthjól

Með 1 legu

1.990 kr

Adventure Spinning veiðistöng

Góðar stangir í lax & silung

1.990 kr – 2.990 kr



TOPY spúnar & spinnerar

395 kr

Ódýrustu flugurnar í 6 ár!

Laxa þríkrækjur **350 kr**
Straumflugur **295 kr**
Púpur **220 kr**
Brasstúbur **395 kr**



Gott nesti

Nærumst og njótum ...



BÖRN PREYTAÞAST FYRR en fullorðnir við að sitja í bíl. Gott ráð við því er að gera reglulega hlé á akstrinum og leyfa ungvíðinu að teygja úr sér.



Ljúfar stundir Sólin leikur við fólk í Sundlaug Kópavogs.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sumarfjör og leikir

Á sumrin er einfalt fyrir fjölskyldur að finna sér eitthvað til gagns og gamans. Samverustundirnar eru líka oft meiri þar sem sumarfríin veita fólki svigrúm til að slaka á og skapa góðar minningar.


Flestum krökkum þykir sérstaklega gaman að fara í sund og er það tilvalin fjölskylduskemmtun að svamla í lauginni og sóla sig. Einnig má setja gúmmisundlaug á svalirnar eða í garðinn ef fólk kys að busla heima. Gaman getur verið að tjalda í garðinum og þá geta fjölskyldumeðlimir sinnt sínum hugðarfennum í tjaldinu eða garðinum. Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn nýtur mikilla vinsælda og á þessum árstíma er þar mikið af

ungvíði. Um þessar mundir er þar til að mynda nýfæddur kópur sem athyglisvert er að heimsækja.

Ýmis konar útileikir eru tilvalin dægurvöl og sniðugt er að kippa með í ferðalagið bolta, badmintonspöðum, krikketsetti eða öðru sem nýst getur í skemmtilega leiki. Einnig er kjörið að hafa með fötu og skóflu ef farið er í fjöruferð. Gönguferðir eru heilsusamleg og góð leið til að njóta náttúrunnar með börnum og unglingum og einnig má kenna þeim ýmislegt um umhverfið í leiðinni. Þá er ekki úr vegi að hafa með sér gómsætt nesti og skreppa í lautarferð.

Þá daga sem veðrið er ekki upp á marga fiska má nýta í alls konar fönður, lestur og jafnvel bakstur. Yngri kynslóðin veit fátt skemmtilegra en að stússast með foreldrunum og læra af þeim hagnýt verk til gagns og gamans.

- hs



Hallormsstaðarskógur

Hallormsstaðarskógur er sígildur áfangastaður fyrir fjölskyldur. Skógurinn er sá stærsti á landinu og í honum er að finna tvö tjaldsvæði, Atlavík og Höfðavík. Í Atlavík er hægt að leigja bát og þaðan siglir líka Lagarfljótsormurinn á fljótið. Hestaleiga er á svæðinu og hægt að fara í bæði stutta og langa reitúra. Margir göngustígar liggja um skógin, sem gaman er að hjóla um, en hjólaleiga er á staðnum. Um næstu helgi, 20. júní, verður Skógardagurinn mikli haldinn í Hallormsstaðarskógi. Þá verður nóg um að vera, svo sem skógarhlaup, Íslandsmeistaramótið í skógarhöggi, söngur og ýmis skemmtiatriði.

5 SKEMMTISTA FYRIR FJÖLSKYLDUR

Ferðapjónusta sem tekur mið af smekk og þörfum barna fær sífellt veigameiri sess. Víðs vegar um landið er nú að finna staði sem gegna því mikilvæga hlutverki að gera líf barna skemmtilegra. Dýragarðar, risaleikvellir og ævintýrahús eru þar á meðal. Hér eru fimm hugmyndir að áfangastöðum sem eru líklegir til þess að falla í kramið hjá krökkum.



Fossatúni í Borgarfirði

Í Fossatúni í Borgarfirði geta lúner foreldrar fengið sér kaffiveitingar og fylgst með krökkunum leika sér á leikjastéttinni undir umsjón starfsmann staðarins. Á leiksvæði staðarins er mínigolf, trampólín, risaleikkastali og fleiri leiktæki. Frítt er í leikaðstöðuna fyrir gesti veitingahússins á sunnudögum í sumar, frá 13. júní til 15. ágúst. Þá hefur verið settur upp söguvettvangur í Fossatúni sem gaman er af, bæði fyrir börn og fullorðna. Gengið er með leiðsögn um söguvið sögunnar Tryggðatrölla. Þá fara þar reglulega fram svokallaðir skessuleikar fyrir gesti á tjaldsvæðinu. Keppt er í þörum í þremur leikjum; skriðkringlu, útikeylu og kúluspili.



Raggagarður í Súðavík

Raggagarður er fjölskyldugarður í ytri byggð Súðavíkur. Fjöldi skemmtilegra leiktækja er á svæðinu, sem mörg eru gerð til þess að þola þyngd bæði barna og fullorðinna. Leiktækin eru sérstök og heita skemmtilegum nöfnum, eins og snúningssveifla, sveiflustaur og tvíst.

Fjölskylduganga í fótspor Jóns Sveinssonar

Gengið verður í fótspor hins ástsæla barnabókahöfundar Jóns Sveinssonar, Nonna, á morgun en lagt verður af stað frá Nonnahúsi, Aðalstræti 54 á Akureyri, klukkan 14.

Haraldur Þór Egilsson, sagnfræðingur og safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri, leiðir gönguna en í henni verður farið stuttlega yfir lífshlaup Nonna, lesið upp úr bókum hans og staðir skoðaðir sem tengjast lífi hans og sögum.

Nonni var hvað þekktastur fyrir Nonnabækurnar, sem urðu tólf talsins, en sú fyrsta kom út árið 1913. Þær hafa verið gefnar út á fjölmörgum tungumálum í milljónum eintaka.

Gangan tekur um klukkustund og er tilvalin fyrir fjölskyldur sem vilja gera sér



gláðan dag ásamt því að verða sér úti um nokkra fróðleiksmola.

- ve



DAGUR KANÍNURÆKTAR verður haldinn laugardaginn 13. júní á Hvanneyri. Þetta er skemmtun fyrir fjölskylduna og áhuga-sama ræktendur ýmissa kanínuteunda á Íslandi. Boðið verður upp á fræðslu auk þess sem afurðir og kanínur verða til sýnis.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

ALLT



2. umferð Íslandmóts Tímstundahúsins og SBKÍ,

keppni fjarstýrðra bensín torfærubíla verður haldin **sunnudaginn 14. júní** á brautasvæði SBKÍ í Gufunesi, Grafarvogi. Hægt er að skrá sig í keppni á heimasíðu sbki.is eða á staðnum. **Frekari upplýsingar á www.sbki.is**

KOLAPORTIÐ

Kolaportið er OPIÐ laugardaga og sunnudaga frá kl. 11⁰⁰-17⁰⁰



Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

HESTAHELGI í Viðey

13. og 14. júní

Komdu á hestbak í Viðey um helgina!
Kynning fyrir yngri kynslóðina á íslenska hestinum laugardag og sunnudag.

- Frítt á hestbak frá kl. 12:00 til kl. 17:00
- Hoppukastali og gefins Svali (á meðan birgðir endast)
- Viðeyjarstofa opin frá kl. 11:30 til kl. 17:00
- Grillaðar pylsur á tilboðsverði

Tilboð um hestahelgina: ferjugjald, pylsa og gos
1.400 kr fyrir fullorðna 800 kr fyrir börn

Ferjugjald án veitinga:
1.000 kr fyrir fullorðna 500 kr fyrir börn 7-18 ára

Nánari upplýsingar í síma: 555 3565 og á www.elding.is




„Etli það væri ekki rólegt föstudagskvöld. Ræktin á laugardagsmorgni, góður dagur í sólinni og jafnvel sundsprettur og svo matarboð með skemmtilegu og hressu fólk um kvöldið.“ Þannig lýsir Bjarni draumahelginni sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Flekklaus gleði og ærslagangur fram undan

Uppistand, leikur og almennur ærslagangur. Allt stefnir í viðburðaríka og skemmtilega helgi hjá leikaranum og gleðipinnanum Bjarna Snæbjörnssyni, sem telur mikilvægt að muna eftir einföldu hlutunum.

Bjarni Snæbjörnsson leikari hefur yfirleitt nóg fyrir stafni um helgar og fátt bendir til að undantekning verði þar á að þessu sinni. „Ég er að fara af stað með lítinn götulistahóp á vegum Vodafone sem samanstendur af hressum krökkum. Við ætlum að vera í miðbæ Reykjavíkur í hádeginu í dag. Öll vikan hefur farið í undirbúning á þessu þannig að ég bind miklar vonir við útkomuna,“ segir Bjarni, sem ætlar síðan sjálfur að skemmta seinnipartinn.

„Ég verð á sumaráttíð í Hvalfirði þar sem ég ætla að gefa hlíðarsjálfinu mínu, honum Viggó, lausan tauminn,“ bætir hann við og útskýrir að Viggó sé annar helmingur konunglega parsins Viggó og Víólettu, sem þau Sigríður Eyrún Friðriksdóttir leikkona hafi búið

til í fyrra og hafi verið á útopnu allar götur síðan.

„Þau birtust fyrst fullsköpuð á pallbil í Gleðigöngunni á Gay Pride síðasta sumar og hafa verið á fullu að skemmta eftir það,“ segir Bjarni og neitar ekki að parið hafi tekið mikinn vaxtarþrátt í kreppunni. „Viggó og Víóletta hafa verið mjög eftirsótt enda yfirlýst markmið þeirra að dreifa gleði og hamingju; Þetta er alls ekkert plat heldur flekklaus gleði. Fólk tengir við það, tekur undir í söngnum og gleðst með. Maður má líka heldur ekki gleyma einföldu hlutunum í lífinu.“

Sjálfur segist Bjarni vera mikill áhugamaður um söngleiki. „Ég er algjört nörd á því sviði og fyrir tilstuðlan þeirra Viggós og Víólettu þorði ég að koma út úr skápnum

með áhugann.“ Viggó verður svo lagður á hilluna þegar halla tekur degi. „Þá tekur bara eitthvað rólegt við, bíóferð eða annað í þeim dúr, sem er alveg ágætt þar sem þetta er búin að vera löng og strembin vika. Umstangið mikið í kringum götulistahópinn og svo byrjaði ég í nýju og skemmtilegu starfi.“

Hann vonast sömuleiðis til að geta tekið því rólega á sunnudeginum. „Þá ætla ég ekki að gera neitt, sofa bara út og vonandi hitta eitthvert skemmtilegt fólk,“ segir Bjarni, sem ætlar að safna kröftum fyrir viðburðaríkt sumar. „Ég verð með götulistahópinn í gangi allar helgar í sumar og eitthvað að skemmta sjálfur þannig að það er fínt að slappa af á milli.“

roald@frettabladid.is



Frjálsprófatimi í líkamsmæðferð

ULTRATONE
Faxafeni 12
sími 588-1166

Sumarið er komið!
Nú er tíminn til að koma sér í gott form.

Slappaðu af í þægilegu umhverfi og láttu Ultratone tækin sjá um að móta líkamann og bæta líðan þína.

- Líkamsmæðferð
- Hljóðbylgjumeðferð
- Andlitsmæðferð
- Nudd

Kynntu þér nýju tilboðskortin okkar í síma 5881166 eða á www.ultra.is

STYRKIR - GRENNIR - BÆTIR HEILSU

ALLT HELSA



Gluggar vopnaðir, útpaðir, vetti og rennigluggar
Hurðir svalaburðir, lítillurðir, renniburðir

Íslensk framleiðsla
Íslensk hönnun
Viðhaldsfritt
Sérsmíði

www.solskalar.is
solskalar@solskalar.is
Sími: 514 4700 - Búðin 10 - 214 Garbæ

GLUGGAR & GARDHUS ehf

Líkt og á sólarströndinni

Fiðlari, Skralli trúður, listasmíðja fyrir börn og skemmtiatriði verða á boðstólum í Herðubreið á Seyðisfirði í dag þegar menningardagur barna, Karlinn í tunglinu, verður haldinn hátíðlegur í tólfta skipti.

„Hátíðin er dagur fyrir börn, þar sem þau eru í forgrunni. Unnið er að menningarmálum fyrir börn og með börnum,“ segir Pétur Kristjánsson, skipuleggjandi Karlsins í tunglinu.

„Við höfum reynt að fá til okkar reynda listamenn. Í dag kemur Aðalheiður Eysteinsdóttir og leiðbeinir í listasmíðjunni. Hún smíðar spýtuskúlpúta en er reyndar mjög fær listmálari líka. Skralli trúður kemur og fiðlari nokkur, sem gengur um og spilar á fiðlu og talar við fólk,“ upplýsir Pétur.

Þegar Pétur er inntur eftir því hvernig listasmíðjan gengur fyrir sig segir hann börnin mæta á svæðið og byrja að vinna. „Sá sem veitir listasmíðjunni forstöðu hverju sinni hefur sinn háttinn á því hvernig dagurinn er uppbyggður. Sumir byrja á að útskýra eitthvað verkefni en aðrir hvetja börnin áfram með sameiginlegri þátttöku.“

Pétur segir að Karlinn í tunglinu sé kominn í hálfgerða sjálfstýringu vegna þess hversu oft hann hefur verið haldinn. „Það eru mörg börn sem hafa komið svo oft að þau fara bara beint að vinna. Þau sem koma



Listakonan Aðalheiður Eysteinsdóttir heldur listasmíðju fyrir börn á Karlinum í tunglinu í dag.
MYND/PÉTUR KRISTJÁNSSON

ný hrifast með. Þetta er eins og að fara niður á baðströnd í sólarlandi, þar eru sandkastalar og fólk að leika sér en engin sérstök námskeið eru haldin fyrir börnin.“

„Yfirleitt mæta fjölskyldur saman,“ útskýrir Pétur og bætir

við að Karlinn í tunglinu sé fyrir öll börn, sama á hvaða aldri þau eru.

Karlinn í tunglinu hefst í Herðubreið á Seyðisfirði klukkan 10 og er dagurinn ókeypis fyrir alla.

martaf@frettabladid.is

VIÐ STÆKKUM OG FLYTJUM Í FÁKAFEN 9

www.gabor.is



Ný sending
Skór & töskur

Sérverslun með



Gabor



XENA

FÁKAFENI 9 - (við hliðina á ísbúðinni)
Sími: 553 7060

Hestahelgi í Viðey

Í VIÐEY ER ÞESSI HELGI TILEINKUÐ ÍSLENSKA HESTINUM.

Yngri kynslóðinni verður boðið frítt á hestbak í Viðey bæði í dag og á morgun milli klukkan 12 og 17 því þægir hestar frá Laxnesi í Mosfellsdal hafa verið fluttir út í eyju til að gleðja mann og annan. Einnig verður hoppkastali á svæðinu og Svali í boði meðan birgðir endast. Léttar veitingar verða seldar í Viðeyjarstofu á sanngjörnu verði, eins og það er orðað í fréttatilkynningu, meðal annars verða grillaðar pylsur þar úti fyrir.

Tilboð fyrir þessa helgi hljóðar upp á ferjugjald, pylsu og gos á 1.400 krónur fyrir fullorðna og 800 fyrir börn. Ferjugjald án veitinga er 1.000 fyrir fullorðna og 500 fyrir börn á aldrinum 7-18 ára en frítt fyrir yngri.

Viðeyjarferjan gengur frá Skarfabakka í Sundahöfn á klukkutíma fresti milli 11.15 og 19.15 og frá gömlu höfninni í Reykjavík, Ægisgarði, fer hún klukkan 12.



Hestahelgi er hafin í Viðey og léttar veitingar verða seldar í og við Viðeyjarstofu.

Hestahelgin er liður í því að skoða möguleikann á að vera með hestaleigu í Viðey í framtíðinni.

- gun

GLÓFAXI HE
Armúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is

Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



Blóðberg er bæði skraut- og nytjajurt.

Dagur hinna villtu blóma

Norrænn blómadaur er á morgun með villtar jurtir í öndvegi.

Eins og nafnið ber með sér er norrænn blómadaur haldinn á sama tíma á öllum Norðurlöndunum. Hér á landi er hann tileinkaður villtum íslenskum jurtum.


Fræðslugöngur eru fimmtán á öllu landinu. Ein þeirra verður í Búrfellsgjá á Reykjanesi í fylgd Evu G. Þorvaldsdóttur grasafræðings. Blómplöntur verða skoðaðar og skráðar, auk þess sem sýnt verður hvernig þær eru greindar eftir plöntulyklum. Gott er að hafa plöntuhandbók með ferðis.

Brottför verður frá aðalinnangi Grasagarðsins í Laugardal, beint á móti Húsdýragarðinum.

- gun

TAKTU BETRI MYNDIR

Handbók fyrir byrjendur stafrænnar ljósmyndunar.



Bókin er skrifuð fyrir eigendur Canon EOS 400D. Í henni er farið yfir allar helstu stillingar Canon EOS myndavéla og þær útskýrðar. Einnig er fjallað um helstu atriði varðandi almenna ljósmyndun við mismunandi aðstæður og úrvinnslu mynda. Bókin nýtist því einnig eigendum annarra stafrænna myndavéla.

VERÐ KR. 3.990,-

SÖLUSTADIR

Bókin fæst í Pedromyndum, Nýherja, Beco og verslunum Eymundsson. Einnig er hægt að panta bókina á heimasíðu okkar www.pedromyndir.is.

Fylgstu með okkur á **facebook**
www.pedromyndir.is

ALLT MATUR



Margrét Jústá Pétursdóttir í fatahafi á heimili sínu en þar heldur hún fatamarkað á laugardaginn milli klukkan 12 og 18.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Selur föt frá sjálfri sér

Margrét Jústá Pétursdóttir hefur í nokkra mánuði haldið úti vefsíðu þar sem hún selur notuð föt. Hún heldur fatamarkað á heimili sínu á laugardag þar sem hún selur föt sín og annarra í fjölskyldunni.

„Ég hef alltaf haft gaman af að klæða mig og á alveg ógrynni af fötum,“ segir Margrét Jústá Pétursdóttir, sem heldur úti vefsíðunni blog.central.is/odyr-flott-fot þar sem hún selur föt af sér og öðrum fjölskyldumeðlimum.

„Ég fór reglulega með föt í Kóla-portið en ákvað að opna vefsíðu í febrúar eftir að vinkona mín hafði gert hið sama með góðum árangri,“ útskýrir Margrét, sem hefur safnað saman fötum af systur sinni, mómmu, kærastanum og jafnvel ömmu sinni. Hún hefur einnig verið dugleg að breyta gömlum fötum en þannig hafa margar þúka-legar flíkur orðið að tískuklæðum að sögn Margrétar.

Dótt Margrét hafi mikinn áhuga á tísku og kaupi mikið af fötum á sjálfa sig segist hún ekki vera þræll tískunnar. „Ég hef minn eigin stíl enda er tískan þannig í dag að fólk er ekki allt steypit í sama mót heldur hefur hver sinn eigin stíl,“ segir Margrét. Hún játar því að salan hafi gengið vel í gegnum vefsíðuna. „Ég byrjaði með mjög lítið en vegna mikillar eftirspurnar fór ég að setja meira af eigin fötum á síðuna og fór líka að fá föt hjá kærastanum og hinum í fjölskyldunni,“ segir Margrét glæðlega en vill ekki meina að hún muni standa eftir fatalaus. „Ég á nóg af fötum. Kærastinn minn er orðinn þreyttur á fatamagninu, enda er næstum eins

og við rekum stórmarkað á heimilinu,“ segir Margrét hlæjandi.

Þar sem Margrét sá fram á lítinn tíma til að sinna vefsíðu sinni í sumar ákvað hún að halda fatamarkað á heimili sínu í Drápuhlíð 47 á jarðhæð laugardaginn 13. júní milli klukkan 12 og 18. Þar verða til sölu föt fyrir alla aldurshópa, karla jafnt sem konur. Margrét segir hægt að gera reyfarakaup en ódýrustu flíkurnar eru á 500 krónur en þær allra dýrustu á tíu þúsund og segir Margrét ekki mikið um slík klæði.

Hún segir öllum velkomio að koma og skoða það sem í boði er og gera góð kaup.

solveig@frettabladid.is

Ilse Jacobsen flytur aftur á Garðatorg

Verslunin Ilse Jacobsen sem flutt var í Litlatún í haust er komin aftur á gamla staðinn á Garðatorgi.

„Það er alveg æðislega gott að vera komin hingað og hefur komið okkur á óvart hvað kunnarnir okkar eru glaðir yfir að við séum komnar aftur á gamla staðinn,“ segir Ragnheiður Óskarsdóttir, annar eigandi verslunarinnar Ilse Jacobsen, sem var flutt aftur á Garðatorg í vikunni. „Við fluttum af Garðatorgi síðasta haust en þá stóðu fyrir dyrum breytingar á miðbæ Garðabæjar og mikið rask hefði fylgt því. Nú hefur þeim áætlunum verið frestað og því ákváð-

um við að koma heim aftur,“ segir Ragnheiður glæðlega. Hún bendir á að bæjaryfirvöld hafi nú tekið við sér og Garðatorg sé óðum að verða viðkunnanlegt á ný en það hafi látið á sjá. „Til dæmis á, held ég, að opna hönnunarsafnið í húsnæði Hagkaupa og gaman verður að taka þátt í þeirri spennandi gerjun sem er í gangi á hönnunar- og listasviðinu,“ segir Ragnheiður og bætir við að á Garðatorgi muni verða lögð áhersla á listir og menningu.

Ragnheiður hefur rekið verslunina ásamt dóttur sinni Ástu Ólafsdóttur frá árinu 2005. Þar selja þær vörur frá Ilse Jacobsen; skó, tösukur, gúmmístígvél og fjölbreyttan fatnað.

-sg



Mæðgurnar Ragnheiður Óskarsdóttir og Ásta Ólafsdóttir í verslun sinni sem var opnuð á ný á Garðatorgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Sumarveikur NINGS

Frábærir
vinningar alla
föstudaga
í sumar!

Sumartilboð

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Heimalagaðar vorrúllur með grænmeti
Kjúklingur og grænmeti með pandasósu
Stökkt svínakjöt „Thai Sesam“
ásamt hrisgrjónum og soya.

krónur **2790** fyrir tvo
krónur **1395** á mann

ATH! SUMARTILBOD ER EINGÖNGU
AFGREITT FYRIR 2 EDA FLEIRI

Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni

15.000 kr. matarkarfa frá Bónus, 3 mánaða kort í World Class, 10.000 kr. bensín úttekt frá Olís, gos frá Ölgerðinni, Tempur heilsukodda frá Betra bak, frítt í Laugarásbío í allt sumar og frítt frelsi frá Tal í allt sumar.



NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI: 588 9899

NINGS

...og
kroppurinn
blómstrar

Sími 588 9899
www.nings.is

Íris Arna Geirsdóttir
Íslandsmeistari í Model fitness
elskar heilsurétti Nings



Hvolsskóli á Hvolsvelli leitar eftir skólastjóra

Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og hefur vilja til að leiða skólastarf með áherslu á nýbreytni og samvinnu starfsmanna.

Hvolsvöllur er í Rangárbíngi eystra sem er fallett sveitarfélag í hjarta Suðurlands þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi. Sveitarfélagið nær frá Eystri-Rangá í vestri að Jökulsá á Sólheimasandi í austri og því er mikill skólaakstur við skólann. Í skólanum eru um 240 nemendur í 1. – 10. bekk úr öllu sveitarfélaginu og er öll aðstaða mjög góð. Í Hvolsskóla er framsækið og metnaðarfullt skólastarf. Einstaklingurinn er í brennidepli og því er lögð mikil áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, sveigjanleika og samstarf. Einnig er lögð áhersla á gott samstarf við Leikskólann Örð og framhaldsskóla í héraði með áherslu á sveigjanleg skil skólastiga.

Staða skólastjóra Hvolsskóla er laus til umsóknar frá 1. ágúst 2009

Skólastjóri ber fag- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun faglegrar stefnu byggða á gildum Hvolsskóla.

Menntunarkröfur:

- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla ásamt framhaldsmenntun í stjórnun.

Hæfniskröfur:

- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf og leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum ásamt góðum skipulagshæfileikum.
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar ásamt reynslu af kennslu í grunnskóla.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf um-sækjanda, menntun og stjórnunar-reynslu ásamt öðru sem varpað getur ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra.

Sjá nánar á heimasíðu Hvolsskóla www.hvolsskoli.is og heimasíðu Rangárbíngs eystra www.hvolsvollur.is
Nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri í sínum: 488 4200 og 899 1776 eða í netpósti: elvar@hvolsvollur.is

Umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 29. júní 2009. Umsóknir sendist til sveitarstjóra Rangárbíngs eystra.



Distica hf. sérhæfir sig í innflutningi, vörustjórnun og dreifingu á lyfjum, heilsvörum, dýraheilbrigðisvörum sem og vörum fyrir heilbrigðisstofnanir og rannsóknarstofur. Fyrirtækið byggir á meira en 50 ára reynslu í starfsemi sinni og eru starfsmenn þess tæplega 70 talsins.

Deildarstjóri innkaupadeildar

Við leitum að dugmiklum, reyklusum einstaklingi til að leiða 6 manna hóp og hefur til að bera þekkingu, frumkvæði, yfirsýn, þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum og áhuga á að stuðla að umbótum á vinnuferlum.

Helstu verkefni

- Ábyrgð á ferlum er varða pantanir, flutning og geymslu á lyfjum
- Gerð og rýni pantana
- Stjórnun deildarinnar
- Samningar
- Birgðahald og vörustjórnun
- Framkvæmd umbótaverkefna
- Samskipti við innri og ytri viðskiptavinum
- Gerð rekstraráætlana

Menntun og reynsla

- Framhaldsnám á sviði vörustjórnunar æskilegt
- Þekking og reynsla af vörustjórnun og sambærilegum störfum
- Mjög góð enskukunnátta
- Góð færni í notkun helstu tölvuforrita
- Nákvæmni, sjálfstæði og öguð vinnubrögð

Innkaupafulltrúi

Við leitum að reyklusum einstaklingi sem hefur til að bera þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, vandvirkni og áhuga á að leysa verkefni sjálfstætt og tileinka sér nýja þekkingu.

Helstu verkefni

- Sjá um pantanir í samvinnu við markaðsdeildir
- Tollafræðsla og verðútreikningar
- Samskipti við erlenda og innlenda viðskiptavinum
- Samskipti við flutningsaðila
- Endursendingar / útflutningur

Menntun og reynsla

- Stúdentspróf
- Þekking á vörustjórnun
- Góð færni í ensku og Norðurlandamáli
- Góð almenn tölvukunnátta
- Starfsreynsla í sambærilegum störfum

Nánari upplýsingar um störfin veitir Vilborg Gunnarsdóttir, starfsmannastjóri vilborg@distica.is. Umsóknarfrestur er til 29. júní nk. Umsóknir ásamt ferilskrá og nöfnum umsagnaraðila sendist á netfangið starf@distica.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Hörgatúni 2, 210 Garðabæ, sími 412 7500, www.distica.is



Skeljungur

Skeljungur er framsækið og sveigjanlegt þjónustu- og verslunarfyrirtæki með starfsemi á um 100 stöðum á landinu. Skeljungur leggur áherslu á að starfsfólk nýti sína hæfileika í daglegum störfum, hafi ánægju af störfum sínum og taki virkan þátt í að móta vinnuumhverfið. Markmiðið er að hafa ætíð á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki þar sem áhersla er lögð á markviss vinnubrögð og skýra ákvörðunartöku. Fjöldi starfsmanna er um 300.

www.skeljungur.is

Skeljungur óskar eftir að ráða kerfisstjóra.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Annast uppsetningu, viðhald, uppfærslur og rekstur á netþjónum
- Viðhald, eftirlit og uppsetning á staðar- og viðneti
- Uppsetning og breytingar á vélbúnaði og hugbúnaði hjá notendum
- Aðstoð og þjónusta við notendur
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntun- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði upplýsingatækni, s.s. kerfisfræði, kerfisstjórnun eða sambærilegt
- MCSA eða MCSE vottun æskileg
- Haldbær reynsla af rekstri tölvukerfa
- Góð net- og hugbúnaðarþekking sem og þekking á vélbúnaði
- Góð þekking á helstu stýrikerfum
- Þekking á SQL server, Exchange server, Windows Active directory

Lögð er áhersla á frumkvæði í starfi, sjálfstæð vinnubrögð og ríka þjónustulund. Færni í mannlegum samskiptum er nauðsynlegur eiginleiki.

Nánari upplýsingar veita:

Katrín S. Óladóttir,
katrin@hagvangur.is
Rannveig J. Haraldsdóttir,
rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 22. júní nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Tölvuskráning á lager

Hýsing -vöruhótel, Skútuvogi 9, leitar að þjónustulunduðum einstaklingi í tölvuskráningu og upplýsingagjöf á lager. Starfið felur í sér að hafa yfirsýn yfir verkefni dagsins, deila út pöntunum og öðrum verkefnum til starfsmanna, svara fyrirspurnum viðskiptavina, upplýsingagjöf til rekstrarstjóra o.fl. Vinnutími er 08:00-16:30. Viðkomandi þarf að búa yfir áreiðanleika í mætingu, vera þjónustumiðaður, hafa góða tölvuþekkingu og drifkraft. Reynsla af lagerstörfum er æskileg. Um framtíðarstarf er að ræða. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til starfsumsokn@voruhysing.is. Nánari upplýsingar veitir Júlíus Kristjánsson, s: 5305697.

Sölumaður óskast

Snyrtivöruheildssalan S.Gunnbjörnsson ehf óskar eftir öflugum sölufulltrúa.

Við leitum að sjálfstæðum og drifandi einstaklingi sem hefur áhuga á fjölbreyttu og krefjandi starfi. Viðkomandi þarf að vera snyrtilegur, hafa ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti. Vinnutími er frá 09-17. **Umsóknir sendast á Fréttablaðið, Skaftahlíð 24, fyrir 1. júlí.**



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Embætti héraðsdómara laust til setningar í 6 mánuði.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, samkvæmt tillögu dómstólaráðs, auglýsir laust til setningar embætti héraðsdómara við héraðsdóm Reykjavíkur meðan á leyfi skipaðs dómara stendur, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998.

Dómsmálaráðherra setur í embættið frá og með 1. september 2009 til og með 28. febrúar 2010, að fenginni ábendingu dómstólaráðs um umsækjanda til starfans.

Umsóknir berist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Skuggasundi, 150 Reykjavík, merkt 0209 eigi síðar en 29. júní n.k.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júní 2009



Samfylkingin

Framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar

Samfylkingin auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra flokksins. Leitað er að áhugasömum og kraftmiklum einstaklingi, karli eða konu sem hefur frumkvæði í starfi og hæfni í mannlegum samskiptum. Áhersla er lögð á stjórnunar- og skipulagshæfileika, faglegan metnað, og hæfileika til að vinna sjálfstætt og í nánu samstarfi við félagsmenn og stjórn flokksins að fjölbreyttum verkefnum.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Dagleg stjórnun og ábyrgð á rekstri aðalskrifstofu flokksins
- Framkvæmd ákvarðana stjórnar og framkvæmdastjórnar flokksins
- Stefnumótun, starf málefnanefnda og stjórnun þróunarverkefna
- Skipulag á kynningarstarfi flokksins, útgáfu og samskiptum við fjölmiðla
- Kosningastjórn
- Skipulag og ábyrgð á framkvæmd fastra funda flokksins
- Tengslvið erlenda systur- og samstarfsflokka

Æskileg menntun- og hæfni

- Háskólapróf
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af félagsstarfi
- Góðir samskipta- og forystuhæfileikar
- Góð íslensku- og enskukunnátta og í a. m.k. einu Norðurlandamáli.
- Góð tölvukunnátta og hæfni við að tjá sig í ræðu og riti

Umsókn fylgi ítarleg starfsferilskrá, nauðsynlegar staðfestingar og greinargerð um áhuga og hæfni viðkomandi í starfið. Allar nánari upplýsingar veita Margrét S. Björnsdóttir formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar (margretsbjornsdottir@gmail.com) og Þorgerður Jóhannsdóttir skrifstofustjóri (gerda@samfylking.is)

Miðað er við að viðkomandi hefji störf þann 1. ágúst nk. og umsóknarfrestur er til og með 30. júní n.k. Umsókn skilist til; Samfylkingin, „framkvæmdastjóri“ Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík eða rafrænt án netfangið gerda@samfylking.is

ÓSKUM EFTIR ÖRYGGISVÖRÐUM Í KVÖLD- OG HELGARVINNU

ÖRYGGISVERDIR

Vilt þú vinna við fjölbreytt og skemmtilegt starf?

Vegna aukinna verkefna getum við bætt við okkur fólki í öryggisgæslu.

Umsækjendur þurfa að vera heiðarlegir, ábyrgir, geta unnið sjálfstætt og með hreint sakavottorð.

Lágmarksaldur 20 ára. Starfið hentar jafnt körlum sem konum.

Hæfniskröfur

- ▶ Við leitum að einstaklingi sem er heiðarlegur, snyrtilegur og með ríka þjónustulund.
- ▶ Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði, geta unnið sjálfstætt og vera skipulagður.
- ▶ Áhersla er lögð á að starfsmenn hafi metnaðarfullt viðhorf til að skila góðu verki.
- ▶ Hreint sakavottorð og flekklaus ferill eru skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Máni Hrafnsson í síma 580 7000

eða mani@securitas.is

Umsækjendur fylli út umsóknir á heimasíðu fyrirtækisins

www.securitas.is



Síðumúli 23 | 108 Reykjavík | 580 7000 | securitas.is



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Embætti héraðsdómara laust til setningar í 10 mánuði.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, samkvæmt tillögu dómstólaráðs, auglýsir laust til setningar embætti héraðsdómara við héraðsdóm Reykjavíkur meðan á leyfi skipaðs dómara stendur, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998.

Dómsmálaráðherra setur í embættið frá og með 1. september 2009 til og með 30. júní 2010, að fenginni ábendingu dómstólaráðs um umsækjanda til starfans.

Umsóknir berist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Skuggasundi, 150 Reykjavík, merkt 0210 eigi síðar en 29. júní n.k.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júní 2009.



Yfirmaður innkaupamála

Á Landspítala er óskað eftir að ráða sem fyrst yfirmann innkaupamála til tveggja ára. Starfshlutfall er 100%. Innkaupamál heyrir undir fjármálasviði LSH samkvæmt nýju skipuriti frá 8. júní 2009.

Starfssvið er meðal annars:

- » Yfirumsjón með útboðum og samningum um innkaup fyrir hönd LSH.
- » Vörustjórnun.
- » Rekstur birgðastöðvar.
- » Umsjón innkaupakerfis LSH.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- » Háskólamenntun á sviði rekstrar-, viðskipta- og hagfræði eða önnur sambærileg menntun.
- » Reynsla af innkaupum, útboðs- og samningagerð er nauðsynleg.
- » Góð kunnátta í ensku er skilyrði.
- » Góð tölvukunnátta er kostur, sérstaklega þekking á vörustýringarkerfum.
- » Lykileiginleikar starfsmannsins eru frumkvæði í starfi, mikil hæfni í mannlegum samskiptum og hæfileiki til að sjá ný tækifæri.

Umsóknarfrestur er til og með 29. júní 2009. Sækja skal um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Önnu Lilju Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra fjármálasviðs, LSH Eiríks-götu 5, netfang agunnars@landspitali.is, sími 543 1201 og veitir hún jafnframt upplýsingar um starfið.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt með því að smella á „sækja um starf“ á heimasíðu www.landspitali.is. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublað í upplýsingum Foss-vogi og Hringbraut, skrifstofu mannauðsmála, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttis-stefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

HELLULAGNIR

Er mjög vandvirkur og sanngjarn.
Gerir tilboð þér að kostnaðarlausu.

Gróður og list ehf
s. 696 1775 Árni



Umsjónarmaður Frístundar á Álfþanesi og störf við gæslu

Lengd viðvera yngstu nemenda Álfþanesskóla

Starf **umsjónarmanns** Frístundar er laus frá og með næsta skólaári. Um er að ræða um 70-75% starf, einkum eftir hádegi.

Frístund er rekin undir velferðar- og skólasviði á Álfþanesi, í góðu samstarfi við Álfþanesskóla. Frístund er til húsa í nýju og glæsilegu húsnæði sem samnýtt er með Álfþanesskóla. Starfið felst í almennri umsjón með starfsemi, samskiptum við foreldra, skipulagningu, umsjón með starfsmannamálum og þátttöku í gæslu og starfi með börnunum.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi uppeldismentun, helst leikskólakennaramenntun og eigi auðvelt með skipulagsvinnu og að starfa með börnum.

Einnig óskast **starfsfólk til gæslustarfa í Frístund**, um er að ræða u.þ.b. 40% störf eftir hádegi.

Nánari upplýsingar veitir Skarphéðinn Jónsson forstöðumaður velferðar- og skólasviðs í síma 550-2300.

Umsóknarfrestur er til 27. júní nk.
Umsóknir skal senda til: skarphedinn@alftanes.is eða Sveitarfélagið Álfþanes, Bjarnastaðir, 225 Álfþanes.

Netsérfræðingur spennandi tækifæri

Skyggfir ehf. óskar að ráða öflugan netsérfræðing. Fyrirtækið byggir á langri hefð í sérfræðipjónustu við öflugustu fyrirtæki landsins. Við kappkostum að skapa gott starfsumhverfi fyrir starfsmenn og sækjumst eftir að ráða hæfileikaríka og vel menntaða einstaklinga.

Starfssvið:

- Rekstur og umsjón með netkerfum.
- Hönnun og uppsetning á nýjum netkerfum.
- Þátttaka í ráðgjöf til viðskiptavina.
- Samskipti við fjarskiptabirgja og aðra samstarfsaðila.

Spennandi og krefjandi verkefni eru í boði

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunar-, verk- eða tæknifræði er æskileg. Önnur tæknimenntun auk starfsreynslu kemur vel til álita.
- Samstarfshæfni ásamt sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum.
- Starfsreynsla af rekstri netkerfa er æskileg.
- Þekking á Cisco-búnaði eða öðrum netbúnaði.
- Cisco-gráður æskilegar.

Við bjóðum og leggjum áherslu á:

- Frábæran starfsanda og liðsheild.
- Góða starfsaðstöðu.
- Virka endurmenntun í starfi.
- Margvísleg tækifæri til starfsþróunar.
- Sveigjanlegan og fjölskylduvænan vinnutíma.
- Gott mótuneyti.
- Laun og önnur starfskjör eftir samkomulagi.

Við leitum að sterkum einstaklingum sem eru búnir að sanna sig í faginu og langar að takast á við ný og ögrandi verkefni í öflugum og framsæknum teymi.

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir:

Þorvaldur Jacobsen, framkvæmdastjóri Sérlausnasviðs, thorvaldur.jacobsen@skyggfir.is eða Torfi Markússon, verkefnastjóri í starfsmannapjónustu, torfi.markusson@skyggfir.is. Umsóknir með ferilskrá óskast sendar á torfi.markusson@skyggfir.is fyrir 24. júní nk.

Skyggfir er eitt öflugasta upplýsingatæknifélagið á Íslandi með um 185 sérfræðinga. Félagið veitir alhliða þjónustu í hönnun, uppsetningu og rekstri upplýsingatækni- og samskiptalausna. Markmið Skyggfis er að skapa viðskiptavinum framúrskarandi rekstrar- og þjónustulegan ávinning af upplýsingatæknilausnum.

Skyggfir ehf. er dótturfyrirtæki Nýherja. Hjá Nýherjasamstæðunni starfa um 700 manns þar af um 170 erlendis. Nýherji er skráð á OMX kauphöllinni, www.nyherji.is.



Urðarharvarf 6 / IS-203 Kópavogur / Sími 516 1000 / skyggfir.is

Matreiðslu- og framreiðslunemar

Vilt þú læra listina að matreiða eða framreiða með margverðlaunuðum meisturum?

Nú er tækifærið! Veitingahús Perlunnar leitar að matreiðslu- og framreiðslunemum.



Umsóknir skal senda til perlan@perlan.is.



Bílabúð Benna er með umboð á Íslandi fyrir bílaframleiðendurna Chevrolet, Porsche og SsangYong, dekkjaframleiðandann TOYO ásamt ýmsum öðrum umboðum. Fyrirtækið rekur umfangsmikla þjónustu fyrir bíla-, jeppa- og mótorkjólalæingendur á sviði tæknilausna og aukahluta ásamt sérþanapjónustu varahluta erlendis frá. Dótturfélag Bílabúðar Benna eru Nesdekk og SIXT rent a car. Hjá félaginu starfa rúmlega 50 manns.

www.benni.is

Nánari upplýsingar veitir:
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með
22. júní nk.

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is merktar
„Verslunarstjóri 8490“



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Verslunarstjóri

Bílabúð Benna óskar að ráða verslunarstjóra í varahluta- og aukahlutaverslun.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri verslunarinnar
- Vöruinnkaup, starfsmannahald
- Sölu- og þjónustu- og vörustjórnun
- Samskipti við erlenda og innlenda birgja
- Greining sólu og lagerstöðu
- Ábyrgð á vöruúrvali verslunar

Menntun og hæfniskröfur:

- Góð grunnmenntun skilyrði og helst verslunarmenntun eða önnur menntun á sviði rekstrar. Nauðsynlegt að viðkomandi hafi reynslu af verslunarstjórn.
- Þekking og áhugi á bílum og bílavörum nauðsynleg.
- Leitað er að traustum, drífandi og ábyrgum einstaklingi sem hefur góða almenna tölvuþekkingu og hefur frumkvæði að bættum rekstri og auknum viðskiptum.
- Viðkomandi þarf að hafa leiðtogaþæfileika.

Hárgreiðslustofa til sölu eða leigu

Vegna barneigna og óviðráðanlegra aðstæðna er til sölu 4 stóla hárgreiðslustofa í 101 Reykjavík. Lítil rekstrarkostnaður og frábær staðsetning. Erum einnig til í að skoða leigu á rekstrinum.

Upplýsingar í síma 8221622 og 8667439



VÉLAVIÐGERÐARMENN
Íshlutir ehf óska eftir starfsmönnum, vönum þungavinnuvélaviðgerðum og líkum tækjum á vélaverkstæði okkar. Þekking og reynsla á rafmagns og vökvakerfum æskileg. Leitað er að kröftugum einstaklingi með ríka þjónustulund og tilbúin að takast á við krefjandi verkefni auk ferðalaga. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Upplýsingar gefur Samúel Sigurðsson Þjónustustjóri í síma: 575-2400 eða atvinna@ishlutir.com
Íshlutir ehf Völuteigur 4 270 Mosfellsbær
www.ishlutir.com

Starfsmaður óskast



Lifland óskar eftir starfsmanni í verslun sína að Lynghálslí 3, Reykjavík

Óskum eftir að ráða einstakling sem er :

- Þjónustulíngur og duglegur
- Hefur áhuga á og reynslu af sölustörfum
- Hefur áhuga og þekkingu á hestamennsku og hundahaldi
- Stúdentspróf eða menntun í búvísindum og/ eða hestamennsku er kostur

Starfsmaður í sölu

- Þjónustu við viðskiptavini
- Önnur störf í versluninni

Umsóknarfrestur er til 18 júní 2009.

Vinsamlega sendið umsóknir /starfsferilsskrár í tölvupósti til maria@lifland.is

STRANDABYGGÐ AUGLÝSIR:

AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI ÓSKAST

við Grunn- og Tónskólann á Hólmanavíksskóla árið 2009 - 2010.

Einnig vantar **ÍPRÓTTAKENNARA** og **STUÐNINGSFULLTRÚA** við sömu stofnun.

Umsóknarfrestur er til 22. júní 2009.

Nánari upplýsingar gefa:

Kristján Sigurðsson aðstoðarskólustjóri í síma 451 - 3129 eða GSM 896 - 9529 og Ásdís Leifsdóttir sveitarstjóri í síma 451 - 3510.

ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi



MÁLMIÐNAÐARMAÐUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða málmíðnaðarmenn í fjölbreytt verkefni á járnsmíðaverkstæði fyrirtækisins. Viðkomandi þurfa að hafa iðnmenntun sem hæfir starfinu.

Skilyrði er að viðkomandi hafi starfað a.m.k. 5 ár í greininni og búi yfir reynslu af smíðum úr ryðfríu stáli og svörtu stáli.

Í boði eru fjölbreytt verkefni við nýsmíði, viðhald og uppsetningu stálvirkja í mjög góðri vinnuáðstöðu á Tungumelum í Mosfellsbæ.

Umsóknarfrestur er til og með 30. júní 2009.

Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00.

Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stór-iðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.



Vélatækniþræðingur eða vélaverkfræðingur óskast

Leitum að öflugum tækni- og markaðsfulltrúa

Starfssvið:

- Tilboðsgerð
- Hönnun
- Innkaup
- Markaðsmál
- Kennslumál

Hæfniskröfur:

- Góð alhliða tölvukunnátta
- Gott vald á ensku
- Hæfileiki til að starfa sjálfstætt
- Reynsla í málmíðnaði æskileg

Vinsamlegast sendið umsókn á normi@normi.is eða á heimasíðu okkar www.normi.is fyrir 16.júní n.k.

Eignarhaldsfélagið Normi á og rekur vélsmiðjuna Normi og Norm-X ehf. Vélsmiðjan er ein elsta smiðja á Íslandi. Hún er starfrækt í nýju og stóru húsnæði í Vogum, Vatnsleysuströnd og er búin góðum vélbúnaði og tækjum. Norm-X framleiðir heita potta úr plasti og rekur jafnframt verslun í Auðbrekku, Kópavogi. Heimasíða: www.normi.is



Vík í Mýrdal – fjölskylduvænt samfélag í fallegu umhverfi

Sameinaður leik-, grunnskóli og tónskóli Mýrdalshrepps óskar eftir starfsmönnum.

Grunnskóli:

- Umsjónarkennari í samkenndu 3. og 4. bekk.
- Umsjónarkennari í samkenndu 5. og 6. bekk.
- Stuðningsfulltrúi í 5. – 10. bekk

Leikskóli:

- Tvær stöður leikskólakennara/leiðbeinanda

Umsóknarfrestur er til 26. júní.

Nánari upplýsingar veita:

Bogi Ragnarsson verðandi skólustjóri s: 865-2452

Sveinn Pálsson sveitarstjóri s: 864-4647



Mýrdalshreppur

Mýrdalshreppur er um 500 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem grunnskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili, íþróttahús og sundlaug. Mikil áhersla er lögð á æskulýðs- og íþróttamál.

Náttúrufergur er rómuð í Vík og nágrenni og margir möguleikar til útivistar. Vík er í um 2 kst. fjarlægð frá Reykjavík og samgöngur eru greiðar árið um kring.

Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar eru fyrir fólk með ferskar hugmyndir. Sveitarfélagið og stofnanir þess eru þátttakendur í verkefni Lýðheilsustöðvar Allt hefur áhrif einkum við sjálf.



ertu sveinn eða meistari í hári?
góðar tekjur - sveigjanlegur vinnutími
sendu umsókn fyrir 16. júní
unique@unique.is

VILTU VINNA SJÁLFSTÆTT

Til sölu sérverslun/fataleiga ásamt saumaaðstöðu. Eignin innflutningur 24 ára fyrirtæki í langtímaleiguhúsnæði. Skoðum uppþöku á sumarhúsi.

Áhugasamir hafið samband vinna-2009@hotmail.com



Esjustofa

ALLTAFÍ AUGSYN

Óskum eftir að ráða vanan einstakling með brennandi áhuga á matargerð. Viðkomandi mun taka þátt í spennandi verkefni við þróun á nýju kaffihúsi. Á sama stað óskast jákvætt og duglegt fólk í þjónustustörf.

Umsóknir sendist á esjustofa@internet.is eða hafið samband í s. 690-2966.

Sölustjóri / Sölumaður

Flass|1045

Ört vaxandi útvarpsstöð fyrir ungt fólk óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling til starfa í sölu eild stöðvarinnar. Starfið felst í sölu auglýsinga á stöðina og hugmyndavinnu tengda stöðinni.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölumennsku
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð og traust framkoma

Nánari upplýsingar gefur Hörður Ingi í síma: 863-4183 eða hordur@flass.is

Finnland Framkvæmdastjóri

Alþjóðleg skyndibitakeðja leitar að framkvæmdastjóra til starfa í Finnlandi.

Um er að ræða framkvæmdastjóra fyrir 9 veitingastaði sem eru að hálfu í eigu Íslendinga og að hálfu í eigu Finna. Umsækjendur þurfa að kunna finnsku og íslensku auk þess sem þeir þurfa að hafa gott vald á ensku. Þeir þurfa að vera jákvæðir og eiga gott með að vinna með ungu fólki.



Umsóknir sendist á: box@frett.is merkt Finnland

GPG
FISKVERKUN

Stýrimaður

Stýrimann vantar á Þórsnes II SH-109 frá Húsavík. Báturinn verður gerður út júní á netum. Upplýsingar gefur Ágúst í síma 893-2226.

Við leitum að sölufólki í símasölu

Árangursdrifin laun eru í boði ásamt tímakaupi

argus

Sækið um á argus.is

Skólaliðar

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, óskar að ráða til starfa fimm skólaliða. Þurfa að geta hafið störf 5. ágúst nk. og henta störfin bæði körlum og konum.

Um er að ræða fjölbreytt störf í þjónustu við nemendur, starfsfólk og húsnæði skólans, sjá nánari lýsingu á <http://www.tskoli.is/um-okkur/storf-i-bodi/>

Umsóknarfrestur er til og með 21. júní nk. og skal umsóknum skilað á netfangið geir@tskoli.is. Nánari upplýsingar veitir Geir Þorsteinsson, yfirmaður fasteigna, gsm 822-2332.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

Radisson SAS
1919 HOTEL

Við leitum að hressu fólki í herbergispríf

Um er að ræða sumarvinnu, en möguleiki er á framtíðarstarfi eftir sumarið. Íslensku eða enskukunnátta er nauðsynleg. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Við reiknum einnig með að þú sért:

- Þjónustulundaður
- Sveigjanlegur og orkumikill
- Átt gott með að vinna í hóp
- Sjálfstæður
- ... og brosmildur!!

Senda skal inn umsóknir og ferilskrár á íslensku eða ensku á lesley.agustsson@radissonsas.com eða til Radisson SAS 1919 Hótel Pósthússtræti 2, 101 Reykjavík 1919.reykjavik.radissonsas.com

Vélstjóri!

Tækniskólinn leitar að vélstjóra til starfa sem umsjónarmaður tækja í vélasölum og smíðastofum Vél-tækniskólans. Fullt starf undir stjórn skólalæra Vél-tækniskólans.

Hæfniskröfur: Vélstjóri með víðtæka reynslu og þekkingu á rekstri, viðhaldi og stjórnun tækja og búnaðar sem undir hann heyrir. Áhersla lögð á ríka þjónustulund og góða hæfni í samskiptum við nemendur og kennara.

Nánari upplýsingar veitir Egill Guðmundsson í síma 822 2354. Umsóknir sendist á netfangið egud@tskoli.is fyrir 22. júní 2009.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

Útboð



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

Útboð

Faxaflóahafnir sf óska eftir tilboðum í verkið:

Slippurinn við Mýrargötu Frágangur hafnarkants, grjótröðun, staurarekstur og pallasmíði

Verkið felst í því að ganga frá útkanti fyllinga og röðun á grjóti á Slippasvæðinu við Mýrargötu í Reykjavík. Þá skal verktaki reka niður tréstauro og smíða harðviðarpalla.

Helstu magnþölur:

Grjótröðun, valið grjót:	1200 m ³
Frágangur á grjótjarna:	1200 m ³
Flutningur á fyllingarefni:	5.000 m ³
Staurarekstur:	65 stk
Pallar:	400 m ²

Verklok eru 15. nóvember 2009.

Útboðsgögn verða seld á skrifstofu Mannvits að Laugavegi 178, 105 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 16. júní á 5.000 kr hvert eintak. Tilboð verða opnuð á sama stað þriðjudeginum 30. júní 2009 kl. 11:00.

MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í verkið:

MALBIKUN GRUNDARTANGA 2009

Afrétting og yfirlögn

Magntölur eru helstar:

• Malbikun yfirlag	580 tonn
• Malbikun afrétting	230 tonn
• Útlögn alls	6800 m ²
• Fræsing	900 m ²

Útboðsgögnin verða afhent endurgjaldslaust hjá Verkfræðistofunni Hnit h.f., Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 16. júní n.k.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Faxaflóahafna sf., Tryggvagötu 17, fyrir þriðjudeginum 30. júní 2009 klukkan 11:00. Tilboð verða opnuð á sama stað og tíma.

Verklok eru 31. ágúst 2009.

HNIT
VERKFRÆÐISTOFA

Verzlunarhúsnæði til leigu við
Laugaveg 83 Stærð 140 m²
Upplýsingar í síma 693 0203

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Tilkynningar



Barnaverndarstofa Hefur þú áhuga á að gerast fósturforeldri?

Barnaverndarstofa leitar að þeim sem eru reiðubúnir að taka barn í tímabundið fóstur. Sérstök þörf er á þeim sem eru fúsir að taka að sér unglinga sem eiga við tilfinningalega erfiðleika að stríða.

Æskilegt er að fósturheimili séu í eða í námunda við þéttbýli.

Ýmis reynsla og menntun getur komið að góðu gagni einkum á uppeldissviði.

Nánari upplýsingar veita starfsmenn
Barnaverndarstofu í síma 530 2600

FIRMA

CONSULTING

Ráðgjöf til fyrirtækja

Firma Consulting gerir fyrirtækjum
tilboð í eftirfarandi þjónustu:

- Kaup, sala og sameining.
- Verðmat fyrirtækja.
- Samningaviðræður, samningagerð
- Áætlanagerð.
- Fjárhagsleg endurskipulagning.
- Samningar við banka.
- Rekstrarráðgjöf.

Firma Consulting, Þingasel 10, 109 Reykjavík.
Símar: 820-8800 og 896-6665. Fax 557-7766
info@firmaconsulting.is, www.firmaconsulting.is

Útboð

ÚTBOÐ

F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:

Leikskólinn Úlfarsbraut 118 – 120 - uppsteypa og
fullnaðarfrágangur.

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 3.000 í
síma- og upp-lýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 2. júlí 2009 kl 10:00, í Ráðhúsi
Reykjavíkur.

12280

Nánari upplýsingar er að finna á
www.reykjavik.is/utbod.



Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

ÚTBOÐ

Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:

Ýmsar smærri endurbætur á gatnamótum
– útboð I.

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 3.000,
frá kl. 09:00 þriðjudaginn 16. júní 2009, í síma- og
upp-lýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 1. júlí 2009 kl 10:00, í Ráðhúsi
Reykjavíkur.

12291

Ýmsar smærri endurbætur á gatnamótum 2009
– útboð II.

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 3.000, frá
kl. 09:00 þriðjudaginn 16. júní 2009, í síma- og
upp-lýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 30. júní 2009 kl 10:00, í Ráðhúsi
Reykjavíkur.

12292

Nánari upplýsingar er að finna á
www.reykjavik.is/utbod.



Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Sparisjóðabankinn hf.

Auglýsing um innköllun til skuldheimtumanna.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 2009 var Sparisjóðabankinn hf. kt. 681086-1379, Rauðarárstíg 27, Reykjavík, veitt heimild til greiðslustöðvunar til 15. júní 2009. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002 hefur héraðsdómur Reykjavíkur skipað bankanum slitastjórn sem hefur meðal annars með höndum meðferð krafna hendur bankanum meðan greiðslustöðvun stendur og eftir að slitameðferð hefst að lokinni greiðslustöðvun.

Frestdagur er 15. desember 2008. Upphafsdagur kröfumeðferðar miðast við gildistöku laga nr. 44/2009 og er 22. apríl 2009, sbr. nánar 1. mgr. og 2. málslíð 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 6. gr. laga nr. 44/2009.

Með innköllun er birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði sem út kom 3. júní 2009 var skorað á alla þá er telja til hvers kyns skulda eða annarra réttinda á hendur Sparisjóðabankanum hf. eða eigna í umráðum bankans að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir slitastjórn bankans innan fjögurra mánaða frá þeirri auglýsingu. Kröfulýsingarfrestur rennur samkvæmt því út 3. október 2009. Kröfulýsingar skulu sendar bréflaga til slitastjórnar bankans að Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík og skal efni þeirra vera í samræmi við fyrirmæli 2. og 3. mgr. 117. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Vegna áður nefndra ákvæða 1. mgr. og 2. málslíðar 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 6. gr. laga nr. 44/2009, er því beint til kröfuhafa að í kröfulýsingu komi fram staða kröfu þann 22. apríl 2009.

Kröfum í erlendra mynt skal lýst í viðkomandi mynt. Kröfuhöfum frá aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða Fríverslunarsamtaka Evrópu er heimilt að lýsa kröfum á tungumáli heimalands síns. Slíkum kröfulýsingum skal fylgja íslensk þýðing, en þó er heimilt að lýsa kröfum á ensku án þess að þýðing fylgi. Aðrir kröfuhafar geta lýst kröfum sínum á ensku.

Sé kröfu ekki lýst innan framangreinds frest gilda um það sömu réttaráhrif og um vanlýsingu kröfu samkvæmt 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 og telst hún þá fallin niður gagnvart Sparisjóðabankanum hf. nema undantekningar í 1.-6. tölulíð lagagreinarinnar eigi við.

Sérstaklega er áréttað að með því að lýsa kröfu sinni telst kröfuhafi hafa fallist á brottfall þagnarskyldu (bankaleyndar) að því er varðar viðkomandi kröfu.

Í áður nefndri auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu er boðað til kröfuhafafundar og verður hann haldinn í fundarsal Sparisjóðabankans hf. að Rauðarárstíg 27, 2. hæð, Reykjavík, föstudaginn 23. október 2009 kl. 10.00. Rétt til setu á fundinum eiga þeir sem lýst hafa kröfu á hendur bankanum. Á fundinum verður fjallað um skrá yfir lýstar kröfur og afstöðu slitastjórnar að því leyti sem hún liggur þá fyrir. Skrá um lýstar kröfur verður aðgengileg þeim sem lýst hafa kröfum á hendur bankanum að minnsta kosti viku fyrir framangreindan fund.

Nánari upplýsingar um kröfulýsingar og meðferð krafna munu gerðar aðgengilegar á heimasíðu bankans, www.sparisjodabankinn.is Beinir slitastjórn þeim tilmælum til kröfuhafa að þeir upplýsi um tölvupóstfang sitt eða umboðsmanns síns í kröfulýsingu til að auðvelda miðlun upplýsinga.

Reykjavík 12. júní 2009
Í slitastjórn Sparisjóðabankans hf.
Andri Árnason hrl.
Berglind Svavarsdóttir hrl.
Tómas Jónsson hrl.



SELTJARNARNESBÆR

Grunnskóli Seltjarnarness
Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli

Óskum eftir að ráða smíðakennara í 50% starf (unglingastig)

Upplýsingar veitir: Helga Kristín Gunnarsdóttir
Sími: 5959250, Netfang: helgakr@seltjarnarnes.is

Á Seltjarnarnesi eru um 600 nemendur í
heildestæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn
í tveimur starfsstöðvum; Mýrarhúsaskóla
fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla
fyrir nemendur í 7. - 10. bekk.

www.grunnskoli.is

Ársfundur Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka hf.

verður haldinn mánudaginn 29. júní 2009 kl. 17.15 á 5. hæð á Kirkjusandi.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar kynnt.
 2. Ársreikningar kynntir.
 3. Skýrsla um tryggingafræðilega úttekt kynnt.
 4. Fjárfestingarstefna kynnt.
 5. Kynning á tillögu um sameiningu við Almenna lífeyrissjóðinn.
 6. Kynning á tillögum um breytingar á samþykktum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka hf. vegna tillögu um sameiningu við Almenna lífeyrissjóðinn.
- Gert er ráð fyrir sameiningu sjóðanna miðað við þann 1. október 2009. Tillaga um breytingar á samþykktum gerir ráð fyrir nýjum ákvæðum þar sem kveðið er á um tilflutning réttindi sjóðsfélaga yfir í Almenna lífeyrissjóðinn og að samþykktir Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka hf. falli niður frá og með sama tíma.
5. Önnur mál.

Stjórn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka hf.

Matreiðslumenn og þjónar / Chefs and waiters

Veitingahúsið Gullfoss Seafood & Grill óskar eftir að ráða matreiðslumann. Æskilegt er að viðkomandi hafi starfsreynslu frá sjávarrétta veitinghús erlendis. Góðir tekjumöguleikar

Restaurant Gullfoss Seafood & Grill wishes to hire chef's. Experience from work at a seafood restaurant is required. Good income possibility

**Upplýsingar fást á www.gullfoss@1919.is
For information. Write to www.gullfoss@1919.is**

Veitingahúsið Gullfoss Seafood & Grill óskar að ráða þjóna bæði á morgun og kvöldvaktir. **Upplýsingar fást á www.gullfoss@1919.is**

Restaurant Gullfoss Seafood & Grill wishes to hire waiters. Morning and evening shifts. For evening shifts applicants must speak Icelandic For information. Write to www.gullfoss@1919.is

GLYMUR SMÍÐJA

Glymur Smiðja er undirverktaki hjá Ístak með stálsmiði á handriðum fyrir Háskólann í Reykjavík undir Öskjuhlíð. Þetta verkefni á að klárast sumarið 2010. Okkur vantar stálsmiði með reynslu í tiggsuðu og finni smíði.

Áhugasamir sendi skriflega umsókn á netfangið svalir@svalir.is. Góð laun í boði fyrir góða menn.

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

Einbýlishús óskast til leigu á höfuðborgarsvæðinu frá og með 1. ágúst.

Áhugasamir sendi á box@frett.is

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

TIL LEIGU

Stangarhýlur 7	Góð lofthæð, innkeyrsluhurð, jarðhæð, 464 m ²
Stangarhýlur 7	2. hæð, 450 m ²
Stangarhýlur 7	Skrifstofa, jarðhæð, 160 m ²
Stangarhýlur 7	Skrifstofa, 2. hæð, 50 m ²
Stangarhýlur 7	Skrifstofa, 2. hæð, 50 m ²
Bæjarlind 14 - 16	Penthouse, 3. hæð, 220 m ²
Bæjarlind 14 - 16	Skrifstofa, 2. hæð, 220 m ²
Hlíðavegur	Sýningasvæði, skrifstofur og lager, jarðhæð, 200 m ²
Álfhella	Iðnaðarbil, (2 hæðir), 212 m ²
Eddufell 2	Verslunarymi, 200m ²

Upplýsingar í 895 8299 eða 847 1986

husaleiga.is

Opið hús sunnudag 14 júní milli 14:00 - 17:00 að Fannborg 1. 201 Kópavogi.

TIL LEIGU



Ódýrar og góðar stúdíó og tveggja herbergja íbúðir á öllum hæðum hússins á þessum frábæra stað.

- A) Stúdíó íbúð c.a 40 fm án svala. Verð 67.000
- B) Stúdíó íbúð með svölum c.a 50 fm með svölum. Verð 77.000
- C) Tveggja herbergja með svölum c.a 50-60 fm. Verð 87.000

Stutt er í alla þjónustu og skóla. Frábært útsýni, lausar STRAX.
husaleiga@husaleiga.is

LÖGGILD LEIGUMIÐLUN. SÍMI 471 1000

Svanur Guðmundsson lögg. leigumíðlari
Þarftu að kaupa, selja, skipta eða leigja?
Hafðu þá samband í síma 471 1000

HÍBÝLI

Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.



EFSTALEITI 12 - ELDRI BORGARAR

Höfum í sölu eina af þessum eftirsóttu íbúðum í glæsilegu fjölbýlishúsi fyrir eldri borgara - Breiðabliki. Íbúðin er 127,5 fm auk geymslu og bílastæðis í kjallara. Íbúðin skiptist í rúmgóðar stofur með SV-svölum útaf, 2 svefnherb. eldhús, baðherb. o.fl. Viðáttumikið útsýni. Sameign er óvenju mikil, m.a. sundlaug, saunabað, veislusalur o.fl. Lýfta, mynddyrasími, húsvörður. Stutt í alla verslun og þjónustu.

ÍBÚÐIN ER TIL SÝNIS Í DAG, LAUGARDAG MILLI KL. 15 OG 16. BJALLA 202, KRISTÍN TEKUR Á MÓTI GESTUM. VERÐTILBOD

Suðurgata 7, 101 Reykjavík - www.hiblyli.is
hiblyli@hiblyli.is - Sími: 585 8800 - Fax: 585 8808

Gerðu frábær kaup!

Til sölu á Spáni 5 lúxusíbúðir



Til sölu 5 lúxusíbúðir á Spáni stutt frá Torrevieja. Allar íbúðirnar eru með sér sólverönd og eru alls 130 fm. Bílastæði í læstri bílgeymslu fylgir öllum íbúðunum. Glæsileg sameign með fjórum sundlaugum á vöktuðu svæði. Hagstæð áhvílandi lán eru á íbúðunum. Fullbúnar íbúðir án húsgagna til afhendingar strax. Lækkað verð - **Verð frá €185.000.-** Ýmis eignaskipti möguleg s.s. á fasteignum, sumarhúsum og bifreiðum.



RE/MAX

Sími 898 4125 **Bær**

Upplýsingar veitir Kristinn B. Ragnarsson, viðsk.fr. / lögg.fasteignasali - S. 898 4125
Guðbergur Bergsson lögg. fasteignasali



Harley Davidson árg. 2006. Ek. aðeins 500 km, eins og nýtt, mjög gott verð, lán getur fylgt. Uppl í síma 840 2123.

Husquarna '07, keyrt 51 tíma. JET fuel kit. Tilb. 690 þús. Áhv. upp. 320 þús. Uppl. í s. 896 0880.

Til sölu Victory Kingpin '06 árg. 1600cc. Lisav. 2,2m. Isl. lán 1500þ. Tilboð óskast. Gler tóskur og sissy bar fylgir. S. 863 0901.

Hið fornfræga Austurbæjarbíó var formlega opnað sem Hús unga fólksins þriðjudaginn 9. júní með göngu, grillveislu og tónleikum. „Hér er ungu fólki boðið upp á aðstoðu og aðstoð við að framkvæma fjölbreyttar hugmyndir sínar. Fólk sem annars sér fram á aðgerðaleysi í allt sumar,“ lýsir Hreiðar Már tilgangi miðstöðvarinnar. Hann segir starfseminu munu byggjast á fólkinu sjálfu og segir sköpunarkrafta þess meðal annars nýtast við andlitslyftingu á húsinu.

Hreiðar Már býst einkum við fólki á aldrinum 16 til 25 ára en segir þó engum vísað frá. „Ég geri ráð fyrir að aðrir sjái um úrræði fyrir grunnskólaaldurinn en þeir sem standa að þessu verkefni,“ segir hann.

Talandi um aðstandendur er rétt að koma því að þeir eru Rauði krossinn í Reykjavík, Samfélagið Frumkvæði (www.frumkvaedi.is), Hitt húsið, Lýðheilsustöð og Samband íslenskra framhaldsskóla-



Forkólfur Hreiðar Már er í Samfélaginu Frumkvæði sem er meðal aðstandenda að Húsi unga fólksins.

nema. Agnar Jón Egilsson, leikari og leikstjóri, hefur verið ráðinn verkefnastjóri og hann sér um að

skipuleggja dagskrána. En hvernig starfsemi sér Hreiðar Már fyrir sér? „Við setjum enga skilmála um hvers eðlis verkefni eigi að vera, hvenær fólk eigi að mæta né hvað það eigi að gera. Forvarnarsjóður Reykjavíkurborgar veitti fimm milljónum til verkefna í húsinu og fólk getur því sótt um smástyrki. Oft er samt hægt að finna einhvern sem á eitthvað sem vantar og við viljum leiða fólk saman. Við erum að reyna að útvega fólk til að halda námskeið, plötusnúðanámskeið, í brjóstsykursgerð og öllu milli himins og jarðar. Húsnæðið er stórt og býður upp á endalausa möguleika. Við erum með bíósalinn, gamla Silfurtunglið á efri hæðinni og kjallara þar sem fólk er þegar byrjað að koma sér fyrir. Við göngum út frá því að hvert rými í húsinu verði fjölnýtt,“ útskýrir hann. „Aðalatriðið er að skapa vettvang þar sem ungt og drífandi fólk getur komið saman og lagt krafta sína í eitthvað uppbyggilegt.“ - gun

Mikilvæg stoð styrkt

Fjölskyldumeðferð nefnist ný námsbraut á meistarastigi sem hefst í haust við Endurmenntun Háskóla Íslands.

„Þetta er bæði fræðilegt og verklegt nám sem fólk hefur hingað til þurft að sækja út fyrir landsteinana. Hugsunin bak við það er sú að styrkja þá mikilvægu stoð sem fjölskyldan, þar sem hver einstaklingur verður fyrir áhrifum af því sem gerist í lífi annarra í sömu fjölskyldu,“ segir Helga Þórðardóttir, félagsráðgjafi og fjölskylduþerapisti. Hún verður kennslustjóri hinnar nýju brautar sem hún telur eiga eftir að hafa áhrif til góds í samfélaginu því þörf sé á

sérfræðipækningu í fjölskyldufræðum, ekki síst í því árferði sem nú ríkir.

Um þverfaglegt nám er að ræða. Það er ætlað fólki með BA-gráður í heilbrigðis-, félags- eða fræðslugreinum svo sem félagsráðgjöfum, sálfræðingum, hjúkrunarfræðingum, geðhjúkrunarfræðingum og prestum. Umsækjendur þurfa líka að vera búnir að starfa í tvö til þrjú ár til að komast inn.

Helga segir nám í fjölskyldumeðferð í boði alls staða í kringum okkur og hún finnur fyrir áhuga hér. „Þeir sem hafa þegar sótt um eru búnir að bíða lengi eftir þessu námi hér á landi!“ - gun



Helga Þórðardóttir er kennslustjóri hinnar nýju námsbrautar.

ego dekor

COMO -20% AFSLÁTTUR

-20%

Skápasamstæða

Tekk-hvít hagllans

Verð áður: 275.600,-

VERÐ NÚ: 220.480,-

Skápasamstæða

Hnota-hvít hagllans

Verð áður: 291.000,-

VERÐ NÚ: 232.800,-

-20%

Skápasamstæða

Hvítuð eik-svart gler

Verð áður: 238.000,-

VERÐ NÚ: 190.400,-

-20%

Leðurstóll

Fáanlegur í svörtu og hvítu leðri

Verð áður: 19.800,-

VERÐ NÚ: 15.840,-

-20%



-20%



Leðurarmstóll

Fáanlegur í hvítu leðri

Verð áður: 25.000,-

VERÐ NÚ: 20.000,-



-20%

Piano borðstofuborð
Hvítuð eik-svart gler
Stærð: 220cmX100cm


Verð áður: 87.000,-

VERÐ NÚ: 69.600,-

TILBOÐSDAGAR

-20%

Palma
leðurtungusófi
Stærð: 250cmX175cm
Fáanlegur í brúnu leðri
Verð áður: 195.000,-
VERÐ NÚ: 156.000,-



Stækkanlegt borð

Stærð: 160cm(248cm)X100cm

Fáanlegt í hvíttaðri eik, natural eik og dökkri eik

Verð áður: 89.000,-

-15%

VERÐ NÚ: 75.650,-

Paris leðurstóll

Verð áður: 17.500,-

-30%

VERÐ NÚ: 12.250,-



-10%



New England tungusófi

Fáanlegur í tveimur litum

Færanleg tunga

Stærð: 252cmX165cm

Verð áður: 188.000,-

VERÐ NÚ: 169.200,-

Fatcat tungusófi

Stærð: 320cmX165cm

Fáanlegur í nokkrum litum

Færanleg tunga

Verð áður: 249.000,-

-20%

VERÐ NÚ: 199.200,-



-25%

Morris tungusófi
Stærð: 260cmX180cm
Microfiber áklæði
Fáanlegur í tveimur litum
Verð áður: 209.000,-
VERÐ NÚ: 156.750,-



3.359

ungmenni alls eru skráð hjá Vinnuskóla Reykjavíkur í sumari, þar af 1.136 ungmenni úr 8. bekk, 1.110 úr þeim níunda og 1.113 úr tíunda bekk.

1 kona hefur gegnt embætti forseta á Íslandi, ein embætti forsætisráðherra og þrjár verið borgarstjórar.

3 hundar hafa farið eftirminnilega með hlutverk hundsins Lassie í kvikmyndum og þáttum um ferfætlinginn góðfúsa.

6 leikarar hafa alls léð Mikka mús rödd sína um árin og sumir til skiptis; þeirra fyrstur var Walt Disney frá árinu 1928 til 1955, næst James MacDonald frá 1948 til 1960, Wayne Allwine frá 1973 til 2009, Matthew 'Stymie' Beard árið 1981, Les Perkins 1986 til 1987 og síðast Ed Kavalee 2009.

174

grunnskólar störfuðu á Íslandi skólaárið 2008 til 2009. Grunnskólum hefur fækkað um 22 frá skólaárinu 1998 til 1999 og hefur fámennustu og fjölmennustu skólunum fækkað mest.

FRÓÐLEIKUR



Á vefsíðunni landbunadur.is

er meðal annars hægt að nálgast fróðleik um húsdýrin sem er ætlaður börnum og skrifaður á mjög aðgengilegan og skemmtilegan máta. Þar geta börnin meðal annars fræðst um tegundaheiti og bústaði dýranna, fæðuna sem þau neyta, afurðir sem þau gefa af sér og margt fleira.




Rauðhetta, grísirnir Þrír og Hans og Gréta koma fyrir í barnaleikritinu Rauðhetta sem leikhópurinn Lotta sýnir í Elliðaárdalnum alla miðvikudaga í sumari klukkan 18. Leikritið byggir á sögum um þessar þekktu ævintýrapersónur sem Snæbjörn Ragnarsson hefur fléttað saman með nýstárlegum hætti.



Krakkar á aldrinum átta til tólf ára geta lært að þekkja og nota alls kyns hráefni, krydd og áhöld í matargerð á matreiðslunámsskeiðum Rannsóknarþjónustunnar Sýnis að Lynghálsi 3 í sumari. Enn fremur læra börnin að elda hollan, spennandi og bragðgóðan mat fyrir alla fjölskylduna.

Ágætt úrval barnamynda er í boði í íslenskum kvikmyndahúsum um þessar mundir. Má þar nefna Múminálfana sem byggð er



á samnefndum sögum eftir Tove Jansson, Gullbrá og bírnina Þrjá og hreyfimyndina Coraline úr smíðju Henrys Selick. Fyrir eldri krakkana má nefna Hannah Montana og Night at the Museum 2.

Ungbarnaleikskólinn Ársól í Sólheimum Reykjavík

Ungbarnaleikskólinn Ársól óskar eftir **deildarstjórum** til starfa fyrir næsta vetur.

Ef þú hefur áhuga á að þróa Heilustefnuna í ungbarnaleikskóla, þá átt þú samleið með okkur. Við leggjum áherslu á næringu, hreyfingu og listir.

Leikskólinn er staðsettur í Sólheimum í Reykjavík og er tveggja deilda fyrir börn á aldrinum 9 mánaða til 3ja ára.



Nánari upplýsingar veitir Berglind Grétarsdóttir skólastjóri í síma 563-7730.

Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á www.skolar.is

SKOLAR
NÆRING · HREYFING · LISTIR

Unnsteinn: „Ég myndi velja Árna Vill, söngvarann í FM Belfast. Hann myndi vera fínn flugdólgrur, myndi grilla í farþegunum án þess að vera eitthvað erfiður. En annars tók ég ekki eftir þessari frétt, enda fylgisti ég minna með fréttum núna en ég gerði áður. Það var bara orðið allt of mikið af vondum fréttum í sjónvarpinu. Svo hvarf bróðir minn að heiman einn daginn og þá var alltaf slökkt á sjónvarpinu. Okkur þabba fannst það svo fínt að við hentum því bara. Ég er mjög ánægður með það.“

Jóhanna: „Það er nú enginn sem ég gæti ímyndað mér sem væri skárrí en aðrir til að vera með einhver læti í flugi. Það er það sama með mig, ég horfi mjög lítið á sjónvarp, ég hef eiginlega engan tíma fyrir það. Ef ég hlusta á fréttir er það frekar í útvarpinu í bílnum. Ég eyði mjög miklum tíma í bílnum.“

Unnsteinn: „Ég hlusta hins vegar aldrei á útvarp í bílnum, því ég er aldrei í bíl. Ég er ekki einu sinni með ökuskírteini.“

Menntun, matur og bensín

Skattahækkunir og niðurskurður í ríkisútgjöldum hefur verið mikið í umræðunni. Hvar finnst ykkur að skera megi niður? Og hvar alls ekki? Finnið þið mikið fyrir kreppunni?

Jóhanna: „Ekki hækka bensín meira! Mér er alveg sama þótt það verði lagður aukinn skattur á kók, nammi, sigarettur og áfengi. Það eru munaðarvörur sem enginn þarf og eru hvort sem er óhollar. En þetta er Ísland, ekki Danmörk. Við getum ekki bara hjólað út um allt. Ég keyri mjög mikið, eins og flest venjulegt fólk á Íslandi, og bensínkostnaðurinn er ótrúlegur. Svo má alls ekki skera niður í menntun.“

Unnsteinn: „Ég veit ekkert um bensínverð, því ég er ekki einu sinni með bílpróf. En ég er sammála með menntunina. Annars hef ég helst fundið fyrir verðhækkunum í útlöndum. Ég fer oft til útlanda, til dæmis í kórferðir, og venjulega eru allir mikið að versla. Nú síðast fór ég til Noregs og það var frekar skrýtið að geta alls ekki leyft sér neitt, allt var svo dýrt. Við þurftum meira að segja bara að labba framhjá hljóðfæra-verslunum og gátum ekkert keypt fyrir hljómsveitina.“

Jóhanna: „Já, ég fann fyrir þessu þegar ég fór út að keppa í Eurovision. Það var sparað eins og hægt var hjá okkur, sem var auðvitað eðlilegt því það er fánánlegt að eyða miklum peningum í eitthvað svona núna. En það var ótrúlegt að sjá hvað margar þjóðir voru að spreða í þetta. Fimm stjörnu hótél, tveir stílistar, sér fólk í hári, förun og öllu og alls konar óþarfi í gangi.“

Drekka hvorki né reykja

Þið eruð bæði á kafi í tónlistinni. Hefur hún alltaf verið aðalmálið í ykkar lífi? Hvernig gengur að tvíanna saman námið og tónlistina?

Jóhanna: „Alveg frá því ég var lítill var ég ákveðin í að láta tónlistina ganga fyrir. Ég fór í Flensborg og var þar í tvö ár en hætti þegar var orðið of mikið að gera í tónlistinni. En þegar það hefur verið rólegt hjá mér inni á milli hef ég farið að læra. Ég hef til dæmis verið í Söngskólanum í Reykjavík og svo fór ég líka í söngskóla í Noregi þar sem ég lærði klassíska tækni.“

Unnsteinn: „Ég hef líka alltaf

haft mestan áhuga á tónlist. Það er mömmu að þakka. Ég flutti til Íslands frá Portúgal þegar ég var fimm ára gamall. Mamma mín er frá Angóla og pabbi er frá Íslandi. Mamma ákvað að láta okkur bræðurna í tónlistarskóla til öryggis, svona til að hafa annað nám ef hitt gengi ekki nógu vel. Við í hljómsveitinni erum öll í MH. Það getur stundum verið skrýtið að vera í námi og vinnu saman. Til dæmis þegar við vorum að spila á Airwaves síðast gátum við aldrei farið í eftirpartíin, því maður var kannski að halda fyrirlestur um Njálu daginn eftir. En þetta heldur manni svolítið niðri á jörðinni.“

Jóhanna: „Þetta er ekkert vandamál fyrir mig. Ég drekk ekki, reyki ekki og ég fer ekki einu sinni á djammid því mér finnst það bara leiðinlegt.“

Unnsteinn: „Ég reyndar drekk ekki heldur og reyki ekki heldur. En ég

vinn á djamminu og mér finnst það ótrúlega gaman. Ég hef alveg drukkið en mér finnst skemmtilegra að vera edrú. Ég ákvað bara að drekka ekki af því ég vildi sjá lífið hreint.“

Ávextir frekar en grænmeti

Nú eru allar fjölskyldur með sinn eigin martjurtagarð. Ræktið þið eitthvað? Ef þið gætuð fengið hvað sem er úr ykkar matjurtagarði, hvað mynduð þið rækta?

Unnsteinn: „Mamma er einmitt komin með massífa framleiðslu í garðinum núna. Hún hefur reyndar alltaf verið að rækta kryddjurtir og svona því hún er kokkur. En núna er eitthvað miklu meira í gangi, verið að rækta kartöflur og alls konar grænmeti. Mamma bjó sko í miðbænum en flutti í Laugardalinn til þess að hún gæti fengið stærri garð.“

Jóhanna: „Það langar mig líka að

hafa þegar ég kaupi mér eitthvað fyrir mig sjálfa. Ég bý í Hafnarfirði núna en seinna ætla ég að kaupa mér eitthvað í sveitinni, kannski 40 mínútur frá bænum. Ég er ekkert borgarbarn.“

Unnsteinn: „Þetta er öfugt við mig. Ég hef alltaf búið í miðbænum. Ég bjó á Barónsstíg þegar ég var lítill. Við götuna var leikskóli, grunnskóli, fæðingardeild og líkhús. Maður þurfti ekkert annað. Ég ætla að ala mín börn upp í miðbænum, þótt það geti verið að maður leiti einhvern tímann í friðinn í Þingholtunum.“

Jóhanna: „En ef ég ætti svona töframatjurtagarð myndi ég vilja rækta þar alla ávextina í heiminum, mangó, jarðarber, appelsínur, epli...“

Unnsteinn: „Á ég að segjast vilja rækta andann? Nei, það er of klisjukennt. En ég er sammála Jóhönnu. Það er örugglega frekar svekkjandi að bíða í heilt sumar eftir því að

eitthvað komi upp úr garðinum og svo koma kannski bara gulrætur.“

Destiny's Child Cover Band

Gætuð þið hugsað ykkur að vinna saman? Hvað mynduð þið kalla samstarfið?

Jóhanna: „Ja, það mætti alveg skoða það.“

Unnsteinn: „Ég er til í það. Getur verið að þú hlustir á Destiny's Child? Ég er mikill aðdáandi þeirra og spila þær alltaf þegar ég er að dj-a. Ég væri til í að búa til Destiny's Child Cover Band.“

Jóhanna: „Það kemur alveg til greina. Ég yrði þá Beyoncé, þú yrðir Kelly, en hver ætti að vera sú þriðja?“

Unnsteinn: „Ég held að Rósa í Sometime gæti verið flott í þetta, hvað segirðu um það?“

Jóhanna: „Já... eða kannski Regina? Hún hefur ótrúlega flotta rödd...“

Jakkafatadagar


í herraverzlun okkar að Laugavegi 7

Nú tæplega 100 árum eftir að fyrstu Andersen & Lauth jakkafötin voru sniðin á verkstæðinu á Vesturgötunni þá fylgjum við enn gömlu klæðskeragildunum þegar við framleiðum okkar jakkaföt.

Fram að 17. júní þá bjóðum við 25 % afslátt af jakkafötum



Andersen & Lauth 1965



Andersen & Lauth 2009

Andersen & Lauth
Reykjavík
established 1934

Herraverzlun, Laugavegi 7

www.andersenlauth.com

Vissir þú að...

Unnsteinn kennir krökkum að spila á gítar en Jóhanna kennir krökkum að syngja.

Jóhanna hefur leikið Madonna á sviði og Unnsteinn langar að leika Michael Jackson.

Unnsteinn er fæddur árið 1990 og Jóhanna líka.

Jóhanna á tvo hunda en Unnsteinn á einn og hálfan.

Unnsteinn dái hljómsveitina Destiny's Child. Það gerir Jóhanna líka en finnst Beyoncé standa upp úr.

Jóhanna fer í ræktina sex sinnum í viku en Unnsteinn er í lyftinga-klúbbi.



Marmaris

við Miðjarðarhaf – sólskin fyrir fjölskylduna

Einstakt fjölskyldutilboð í júlí
50% afsláttur á ferð og fæði fyrir börnin
 Hálf fæði fyrir fullorðna á aðeins 12.600 kr. á viku og 6.300 kr. fyrir börn

Forum Residence
 ★ ★ ★ ★
 TYRKLAND – MARMARIS

VERÐ FRÁ
68.275 kr.

VIKUFERÐ 24. júlí á mann í viku m. v. 2 með 2 börn.
 99.550 kr. m.v. tvo fullorðna.

Nýlegt og glæsilegt íbúðahótel, við aðalgötuna í Marmaris. Ströndin er í göngufæri og stutt í alla þjónustu, verslanir og veitingastaði. Sundlaugargarður með góðri aðstöðu til sólbaða, barnalaug og snakkbar. Íbúðirnar eru nýttiskulegar og mjög rúmgóðar, með einu eða tveimur svefnherbergjum. Allar íbúðir með svölum, loftkældar með góðu eldhúsi, sjónvarpi, síma og þráðlausri nettengingu.

Fjórar vaxtalausar greiðslur

Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu. 3% færslugjald leggst ofan á uppgefið verð.

MasterCard VISA



Uppáhaldsörðið er snilld

Tónlistarmaðurinn **Pétur Eggertsson** starfar hjá Kimi Records og er að leggja lokahönd á fyrstu plötu sveitarinnar Skelkur í bringu sem spilar svokallað „comedy rock“. *Anna Margrét Björnsson* tók hann í þriðju gráðu yfirheyrslu.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Pétur Eggertsson

STARFSFERILL Í HNOTSKURN: Vann mikið fyrst hjá Hinu húsinu við sprell, en fór svo að vinna fyrir hin ýmsu tónlistarfyrirtæki og tónlistarfólk. Núna vinn ég fyrir Kimi Records en svo spila ég líka á trommur.

FÆÐINGARÁR OG HVAD GERÐIST MARK-VERÐAST Á ÞVÍ ÁRI: 1985 - Nintendo-tölv-an kom í búðir.

Hvers konar tónlist ert þú að fást við? Ég spila „comedy-rock“ með hljómsveitinni minni Skelkur í bringu.

Hvenær varstu hamingjusamastur? Akkúrat þessa dagana.

Ef þú værir ekki tónlistarmaður hvað myndirðu þá vera? Eigandi plötufyrirtækis eða kannski flugmaður. Mig langaði rosa mikið að vera flugmaður þegar ég var lítill og fattaði um daginn að mig langaði það enn þá.

Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér?

Örugglega fartölvun mín. En þegar ég var þrettán keypti ég „mini-disc“-spilara fyrir fermingarpeninginn minn, sem mér fannst vera rosalega dýr. Og hann eyðilagðist eiginlega strax. Svo ég keypti annan. Hann eyðilagðist líka.

Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig? Að ég væri hálfviti. Ljótt.

Ef þú byggir ekki í Reykjavík hvar myndirðu vilja búa? Barcelona. Eða jafnvel París.

Uppáhaldstónlistarmaður/kona og af hverju? Sem trommari, er upphaldstrommu-leikarinn minn Greg Saunier í Deerhoof. Hann er ótrúlegur. Annars er mjög erfitt að velja. Scott Walker, Jonny Greenwood og Thurston Moore koma allir til greina líka.

Draumahelgin þín í einni setningu? Draumahelgin myndi vera að tjilla ógeðslega mikið með kærustunni minni á Indlandi. Við myndum borða virkilega sterkan mat og fara svo að sjá Pavement spila í Taj Mahal. Að sjálfsögðu myndum við gista á sex stjörnu hóteli.

Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt? Pitsusendill hjá Reykjavík Pizza Company. Vá hvað það var leiðinlegt.

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðunni?



FYRSTI GEISLADISKUR HLJÓMSVEITARINNAR MEÐ SKELK Í BRINGU VÆNTANLEGUR Tónlistarmaðurinn Pétur Eggerz myndi eyða draumahelginni á Indlandi og finnst ljótt að vera kallaður hálfviti.

Other Music í New York. Ég gæti eytt mörgum sólarhringum þar inni.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og á hvaða lag hlustar þú mest í dag? Það er held ég ekkert sem stendur upp úr. Það er rosalega skemmtileg tónlist að koma út á þessu ári og vil ég sérstaklega benda á það sem er að gerast hjá útgáfunni In The Red.

Ef þú ættir tímavél, hvert myndirðu fara og af hverju? Ég myndi fara til New York árið 1977 og fylgjast með uppvexti No-Wave senunnar. Fara á ógeðslega marga kúl tónleika.

Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Hrotturnar í sjálfum mér valda miklum usla.

Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni,

hvað myndi það vera? Ég hefði teiknað meira og lært að spila fyrr á gítar.

Hvenær fékkstu síðast hláturskast? Örugglega um þarsíðustu helgi þegar ég og tveir félagar vorum að finna mismunandi sniðugar leiðir til að stafa orðið SNILLD. Besta stafsetningin að mínu mati var S.P.A.U.G. S.T.O.F.A.N. SNILLD.

Áttu þér einhverja leynda nautn? Alls ekki. Allar mínar nautnir eru vel sýnilegar.

Uppáhaldsbókin þessa stundina? Sudoku-bókin mín.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til? Stráks sem heitir Dagur sem býr í næstu íbúð, hann spilar golf og er almennt flottur alltaf.

En hvaða núlifandi manneskju þolirðu

ekki? Annan strákr sem heitir Dagur og er alltaf að taka húfuna mína og láta á aðra.

Uppáhaldsörðið þitt? SNILLD

Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín? Að eiga stóra og fína íbúð. Með risavöxnum plötuskáp.

Hvaða lag á að spila í jarðarförinni þinni? Pray Mode með Sudden Weather Change með u.þ.b. 10 mínútna feedback-kafla í lokin.

Hver verða þín frægu hinstu orð? Djöfull er ég búinn að tjilla mikið!

Hvað er næst á dagskrá? Í júlí kemur út fyrsti geisladiskurinn með Skelk í bringu sem á enn eftir að hljóta nafn, en svo ætla ég að flytja til Boston í haust til að læra alls konar um tónlistarbransann.

Opið í Smáralind

Laugardaga · Sunnudaga



Elektro Helios þvottavél
1200 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanlega þvottakerfi. Þvottahæfni: A
Þeytívinduafköst: B · Orkuflökkur: A+
TILBOÐSVERÐ:
KR. 89.900.-



AEG þvottavél
1200 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstökum sparnaðarkerfi. Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma. Þvottahæfni: A · Þeytívinduafköst: B · Orkuflökkur: A+
TILBOÐSVERÐ:
KR. 109.900



SÆNSKA PARÍÐ

Elektro Helios þvottavél
1200 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Sænskt stjórnborð, íslenskar leiðbeiningar. Öll hugsanlega þvottakerfi. Þvottahæfni: A
Þeytívinduafköst: B · Orkuflökkur: A+

Elektro Helios þurrkari
6 kg · barkapurrkari
Sænskt stjórnborð, íslenskar leiðbeiningar. Fjöldi kerfa · Tvö hitastig · Hljóðlátur

TILBOÐSVERÐ:
KR. 151.900
=PARÍÐ=

SETTU ÞAÐ SAMAN

Af hverju að borga meira?

VANDAÐAR INNRETTINGAR
TILBÚNAR TIL AFGREIÐSLU BEINT AF LAGER
Beinn sími í HTH: 530-2908

Brúðkaup í vendum?

Brúðgjalafalisti ORMSSON í SMÁRALIND er afar vinsæll og þægilegur snertiflötur fyrir verðandi brúðhjón annars vegar og fyrir fjölskyldur og vini brúðhjónanna hins vegar.

Um miðjan september verða þrjú pör dregin úr potti brúðhjóna sumarsins 2009. Öll pör sem skráð eru á Brúðgjalafalista Ormsson fara sjálfkrafa í pottinn – og fá þau gjafabréf í verslunum ORMSSON að verðmæti 50.000 kr.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA Í VERSLUN ORMSSON, SMÁRALIND!

NÝTT OG RÚMGOTT BILASTÆÐI VIÐ DYRNAR AÐ ORMSSON

MÆLISTIKAN

■ Á uppleið

Sunnudagsboð. Sunnudagar eru svo oft til mæðu, hvernig væri að bjóða vinunum eða systkinum í langan hádegisverð og hafa það notalegt?

Gogoyoko-vefurinn. Playlistarnir á þessari snilldarlegu íslensku síðu eru frábærir.

Grísk jógúrt. Best geymda leyndarmálið í ísskápnum, dásamlegt í kaldar grillsósur eða með hunangi og ferskum ávöxtum í morgunmat.



Ástin. Sumarið er tíminn til að skreppa út fyrir bæinn og verja róm-antískri kvöldstund með elskunni.

■ Á niðurleið

Yfirpósaðar myndir á Facebook. Fyrirsætumyndir sem próffmyndir eru skelfilega hallærislegar. Hvað ertu að reyna að sanna?

Víðir kjólar við leggings. Sumarlúkk sem datt úr tísku fyrir tveimur árum og er ekki klæðilegt.

Teknó. Er ekki nóg komið af sálarlausum dauðum takti á næturþúllum borgarinnar?

Matjurtagarðar og heimahannyrðir. Allir komnir í þennan pakka og þá er það ekki smart lengur.



P V O T T A
4.-21. JÚNÍ
D A G A R

ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI 530 2900



BRÚÐHJÓN 2009

Gisting í einkasvítu frá Fleetwood Santa Fe



Tilboð

Lúxus-aukahlutapakki að verðmæti 305.000 fylgir!

- Sólarsella + stjórnstöð 80w
- Þakskyggni
- Farangurspoki
- Auka gaskútur og tilheyrandi
- Ljós með víftu
- Speglahilla

Verð m/ aukahlutapakka


2.195.000 kr.

Heildarafsláttur m/aukahlutapakka

500.000 kr.

Tilboðsverð

1.695.000 kr.



Staðalbúnaður

- Saumlaust Filon®-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Vatnspölnar eldhúsplötur með saumlausum köntum
- Rafhemlar
- Fjórir stuðningsfætur
- Sveif lyftikerfis þægilega sett í mittishæð
- Grjótpölnar TPO-plötur að aftan og framan
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™-öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómaðri miðju
- Gólf og rúmbotnar úr heilum Structurwood-plötum
- Áfastir rúmfætur
- Þykkir állistar umhverfis vagn eða rúm
- „Posi-Lock“-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álaramma í einu lagi
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma

- Hurðarþrep með innbyggðu geymslurými
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Nefhjól sem leggst upp
- Varadekk, festing, felgulykill og vínlyhlíf fyrir varadekk
- Skiptur Sunbrella® 302 tjaldúkur með gluggaflípum
- Gagnsæir vínlygluggar
- Efri eldhússkápar velta ekki en sveiflast með fullri geymslugetu
- Djúpur postulínsvaskur
- 3 gashellur
- 9 kg LP-gaskútur og vínlyhlíf fyrir gasgeymi
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- Þétt svampdýna með áklæði
- 53 l gasískápur
- 25 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- 12 V rafknúin vatnsdæla

- Útiljós
- Vatnspolið matborð með saumlausum köntum
- Fóðruð tjöld fyrir gluggum og rúnum
- Skrautkappi allan hringinn
- Truma®-gashitari

Aðrar upplýsingar

- Árgerð 2008
- Rafgeymir 12 V 115 amp
- Heildarlengd 508 cm (10 fet)
- Heildarbreidd 226 cm
- Hæð að innan 203 cm
- Eigin þyngd 805 kg
- Heildarþyngd 1356 kg

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



GRÆNMETI & ÁVEXTIR



198

KARTÖFLUR HVÍTAR
2 KG POKI: **198 kr.**



189

ICEBERG SALAT **189 kr./kg.**



159

VATNSMELÓNUR RAUÐAR
159 kr./kg.



198

TÓMATAR INNFLUTTIR
Í LAUSU **198 kr./kg.**



329

PAPRIKA GRÆN/RAUÐ
INNFLUTT **329 kr./kg.**



498

NÝ JARÐARBER
HÁLFT KÍLÓ **498 kr**



498

AMERÍSK BLÁBER
340g **498 kr**

**HAMBORGARI 150 KR.
MEÐ BRAUÐI**



120

1199

K.F LÚXUS HAMBORGARAR 10 STK *120g* **1199 kr.**
BÓNUS XL HAMBORGARABRAUÐ 4 STK **120 kr.**



1359

K.S FROSID LAMBLÆRI Í SNEIÐUM
1359 kr/kg.
FROSINN LAMBAHRYGGUR
Í SNEIÐUM **1359 kr/kg.**

LAMBAFILLET



FERSKT EÐA FROSID

2698

K.S LAMBAFILLET FERSKT EÐA FROSID
2698 kr./kg.

**FERSKAR BÓNUS
KJÚKLINGALUNDIR**

**FERSKAR BÓNUS
KJÚKLINGABRINGUR**



1598

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
1998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR **1598 kr./kg.**



1498

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR **1498 kr./kg.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUÐ: 12:00-18:00

Agætu Íslendingar!



Dagana 11. – 14. júní ætlum við á Veitingahúsinu Einari Ben, að bjóða upp á brot af því besta af brúðkaupsmatseðli Einars Ben, eins ástsælasta skálds þjóðarinnar, og Valgerðar Zoega, í tilefni af því að 110 ár eru liðin síðan þau gengu í það heilaga. Matseðillinn er svo hljóðandi:

Laxatartar með kaldreyktri bleykju frá reykhusinu útey og piparrótarsósa

Kremuð skelfisksúpa með leturhumri og hörpuskel

Reykt grísasiða með eplum, hnúðselju og rósmarín gljóa

Langtímaeldað andalæri með rötargrænmeti og garðablóðbergssósu

Volg súkkulaðikaka með peruchutney og vanillúis

Verð: **5.900 kr.**

Njótið vel.
Starfsfólk Einars ben.

Borðapantanir í síma 511-5090 eða á ainarben@ainarben.is

74%

34%



Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnis- aðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



Og þú ert ...?

NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

Eitt sinn fór félagi minn niður í bæ og hugðist þræða skemmtistaði borgarinnar. Hann var búinn að þússa fínu ballskóna, strauja flottu skyrtuna og pressa glæsilegu jakkafötin sem hann klæddist við framhaldsskólaútskriftina nokkrum vikum áður. Og svo var arkað af stað í partí með kippu af bjór. Hugurinn leitaði samt niður í bæ, þar sem von var á að hitta kannski gamla skólafélagi eða einhvern blindfullan frænda sem myndi glopra út úr sér stóra fjölskylduleyndarmálinu á trúno við barinn.

Og þar sem þessi ágæti kunnungi minn stóð fremstur í röð á einum vinsælasta skemmtistað landsins, búinn að húka úti í dágóðan tíma á kaldri sumarnótt, sér hann

hvar þar ryðst fram, rífur í dyravörðinn og biður vinsamlegast um að komast inn. Auðvitað á undan öllum hinum. Tröllvaxna dyravörðinum er litíð á þetta þar; hann klæddur í svört jakkaföt og hvíta skyrtu sem hneppt er niður á nafla, hún í fötum sem minna einna helst á klæðaburð „wags“ frá Bretlandi (en í þeim hópi þykir það list að sýna sem minnst). Dyravörðurinn setti upp undrunarsvip og spurði, eins og ekkert væri sjálfsagðara; „Og þú ert ...?“ Konunni fannst þessi athugasemd ekki fyndin, reif undir handlegginn á eiginmanninum og strunsaði burt. Sneri sér svo við og óskraði, svo glumdi í glösunum inni á barnum: „Hann spilar sko í þriðju deildinni á Englandi!“



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





HVITA HÚSÍÐ / SÍA

Við keyrum of hratt. Stundum er það vegna þess að við erum að flýta okkur og stundum vegna þess að okkur finnst það skemmtilegt. Og stundum er það einfaldlega vegna þess að okkur líður þannig. Hækkum jafnvel í tónlistinni og finnum fyrir einhverri sérkennilegri frelsistilfinningu. Okkur finnst ekkert mál að keyra of hratt. Við samþykkjum það sem eðlilegan hlut, eitthvað sem allir gera. Réttlætum það meira að segja með því að hraðatakörkin séu of lág. Við keyrum of hratt. Og okkur finnst það allt í lagi. Þessi hugsun kostar sum okkar lífið.

HÆGÐU Á ÞÉR


UMFERÐARSTOFA

FRÁBÆR TEIKNIMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA MEÐ ÍSLENSKU TALI.
HIÐ KLASSÍKA ÆVINTÝRI UM GULLBRÁ OG BIRNINA 3 Í NÝRRI OG SKEMMTILEGRI ÚTFÆRSLU!

FRUMSÝND 12. JÚNÍ

GULLBRÁ OG BIRNIRNIR 3

GOLDILOCKS AND THE 3 BEARS



9 HVER VINNUR!

SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL GBV Á NÚMERIÐ **1900**
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!

ADRIÐ VINNINGAR ERU:
TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR, BÍÓMIÐAR, GOS OG MARGT FLEIRA

ELKO
VEFVERSLUN ELKO.is

Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum. 149 kr/skeytið.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

Sýning Guðrúnar á Barónsstígnum

Bókaútgáfan Crymogea hefur komið sér fyrir á Barónsstíg 27 í Reykjavík. Þar var á fimmtudag opnuð sýning á málverkum Guðrúnar Einarsdóttur, en bókaútgáfan sendi fyrr á þessu ári frá sér afar vandada bók um feril listakonunnar sem gefin var út í samstarfi við Listsjóð Dungal. Er það fyrsta bókinn sem kemur út í ritröð þessara aðila um verk samtímalistamanna. Næsta bókinn í röðinni kemur út í haust og fjallar um verk Kristins E. Hrafnssonar. Gunnar J. Arnason heimspekingur ritar þar um list Kristins.

Guðrún hefur á ferli sínum skapað myndheim sem vísar til náttúrulegra forma á borð við fléttur og skófir á steinum, vatns-gárur, sand og gróður. Í þessu skyni nýtir hún til hins ítrasta eiginleika olúlita sem skapa nánast náttúruleg form þegar þeir



MYNDLIST Guðrún Einarsdóttir sýnir verk sín í húsnæði Crymogea á Barónsstíg.

þorna en efnaferli þeirra getur tekið mörg ár að vinna og allan tímann eru verkin að þróast og breytast.

Gestir og gangandi eru velkomnir að kíkja á verk Guðrúnar í húsnæðingum forlagsins við Barónsstíg. Bókaútgáfan Crymogea sérhæfir sig í útgáfu bóka um list, ljósmyndun og hönnun.

- pbb

Endurkoma róttækninnar

Í dag kl. 14 flytur stjórnspekingurinn Chantal Mouffe fyrirlestur í Odda sem hún kallar „Radical Politics Today“ og gerir þar grein fyrir hugmyndum sínum um róttæka stjórnmálaþróun. Hún ber kenningar sínar saman við hugmyndir Antonios Negri á gagnrýnninn hátt, en hann flutti fjölsóttan fyrirlestur hér á landi hinn 26. maí síðastliðinn.

Mouffe er prófessor í stjórnmálafræði við Westminsterháskóla í London og þekkt fyrir kenningar sínar um róttækt lýðræði. Öðrum þræði eru skrif hennar ekki síður gagnrýni á aðra vinstri menn og marxista,

en Mouffe hefur um 25 ára skeið haldið á lofti nauðsyn þess að vinstrihreyfingar losi sig undan efnahagslegri nauðhyggju og víkji út hugmyndir sínar um stéttabaráttu.

Heimsókn Mouffe er liður í fyrirlestraröðinni Endurkoma róttækninnar sem Nýhil stendur fyrir, og hefur það að markmiði að færa íslenska samfélagsmætti nær róttækum hugmyndastráum. Fyrirlesturinn er öllum opinn og aðgangseyrir er enginn. Boðið verður upp á spurningar að framsögu Mouffe lokinni. Hann er í sal HT 102 á Háskólatorgi, Háskóla Íslands, og hefst kl. 14.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 13. júní 2009

→ Tónleikar

15.00 Sumardjazz á Jómfrúnni við Lækjargötu hefst á ný. **B.T. Power Trió** flytur úrval innlendirar og erlendra tónlistar. Aðgangur er ókeypis.

15.00 Trió Vadim Fyodorov flytur franskættuða kaífíhúsatónlist, **jazz og rússnesk þjóðlög** á tónleikum í Sláturhúsinu, menningarsetri við Lyngás á Egilstöðum.

16.00 Guðrún Ingimars **sópran** og Jónína Erna Arnardóttir **píanóleikari** flytja íslensk og norræn sönglög á tónleikum í Borgameskirkju í Borgarnesi.

20.00 Trúbatríxur verða með tónleika á **Hótel Öldunni** við Norðurgötu á Seyðisfirði.

21.00 Á **Grand Rokk** við Smiðjustíg verða tónleikar þar sem fram koma Bloodgroup, Benny Crespo's Gang, Agent Fresco og Sykur.

21.00 **Ljótu hálfvitarnir** verða með tónleika á Víkuröst á Dalvík.

23.00 **Megas og Senuþjófarnir** verða á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

→ Dansleikur

Papar verða í Sjallanum við Geislagötu á Akureyri.

Plötusnúðarnir **Exos og Tweak** verða á 800 Bar við Eyrarveg á Selfossi.



→ Menningarveisla

Menningarveisla stendur yfir á Sólheimum í Grímsnesi. Nánari upplýsingar á www.solheimar.is.

14.00 **Borgardætur** verða með tónleika í Sólheimakirkju.

→ Sýningar

Sýning hollenska listamannsins **Klaas Kloosterboer** „Pulp Machines“ í Suðsuðvestri við Hafnargötu í Reykjanessbæ, hefur verið framlengd til 21. júní. Opnið um helgar kl. 14-17. Aðgangur ókeypis.

→ Uppákomur

21.00 Sýningarhópurinn **Shoeboutour** sem samanstendur af sirkuslistamönnum, verður með uppákomu í verksmíðunni á Hjalteyri. Aðgangur er ókeypis.

→ Opnanir

14.00 Sigurlín M. Grétarsdóttir opnar sýningu sína „**Tilbrigði - Variations**“ í DaLi Gallery við Brekkugötu 9 á Akureyri.

15.00 Amar Tryggvason opnar ljósmyndasýningu í **Jónas Víðar Gallery** við Kaupvangsstræti 12 á Akureyri.

Í Skaffelli, miðstöð myndlistar á Seyðisfirði, verða tvær opnanir. Elodie Hirczuk og Sjoerd van Oevelen sýna verk í rýminu Bókabúðin og **Marta María Jónsdóttir** sýnir ný málverk á Vesturvegg.

→ Leikrit

11.00 og 15.00 Leikhópurinn **Lotta** sýnir Raudhettu, nýtt íslenskt leikrit með söngvum þar sem blandast saman ævintýrin **Raudhætta**, Grísirnir þrjár og Hans og Gréta. Sýningar fara fram í dag á Þríhyrningi á Grundarfirði kl. 11 og í Kvenfélagsgarðinum á Stykkishólmi kl. 15.

→ Málþing

11.00 Málþing undir yfirskriftinni „**Myndlistin og tungutakið**“ verður haldið í Listasafni Íslands við Frikkirkjuveg. Gunnar J. Arnason, Ragna Sigurðardóttir og Halldór Björn Runólfsson fjalla um efnið í tengslum við sýningu Hrafnkels Sigurðarsonar og Kristjáns Guðmundssonar sem nú stendur þar yfir. **Aðgangur er ókeypis.**

→ Leiðsögn

14.00 **Guðrún Gunnarsdóttir** tekur á móti gestum milli kl. 14-16 og leiðir um sýningu sína „Hughrii“ sem nú stendur yfir í **Gallerí Ágúst** við Baldursgötu 12. Sýningin er opin mið.-lau. kl. 12-17.

Sunnudagur 14. júní 2009

→ Tónleikar

15.00 Tónleikar verða í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit þar sem fram koma Salonsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar og **Gissur Páll Gissurarson** tenór. Á efnisskránni verða ítalskar aríur, vinarlög og íslensk og erlend dægurlög. Aðgangur er ókeypis.



16.00 **Kársneskórinn** undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur syngur íslensk lög undir berum himni í Paradísarlaut við Norðurá í Grábrókarhrauni.

16.00 **KK** verður á stofutónleikum Gljúfrasteins í húsi skáldsins þar sem hann flytur nýtt efni í bland við eldra.

→ Göngur

14.00 Minjasafnið á Akureyri stendur fyrir göngu um **Nonnaslóð** (Jóns Sveinssonar). Lagt verður af stað frá Nonnahúsi, Aðalstræti 54. Aðgangur er ókeypis.

→ Menningardagskrá

101 TOKYO, japönsk menningardagskrá í Norræna húsinu við Sturlugötu 13. júní-13. júlí. Aðgangur er ókeypis.

10.00 Listasmíðja þar sem starfsfólk textílfiyrirtækisins **NUNO** kennir litun á efni með ryðguðum málmum.

13.00 og 16.00 Hönnuðir **Theatre Products** standa fyrir námskeiði þar sem íslensk ungmenni fá tækifæri til að hanna sinn eigin topp eða bol.

→ Dansleikur

20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður að Stangarhlý 4 milli kl. 20 og 23.30. Danshljómsveitin **Klassík** leikur undir dansi.

→ Listamannspjall

14.00 Birgir Snæbjörn Birgisson og Davíð Örn Halldórsson verða með leiðsögn um sýninguna Rím sem nú stendur yfir í **Ásmundarsafni** við Sigtún.

15.00 Aðalheiður Valgeirsdóttir verður með listamannspjall á sýningu sinni sem nú stendur yfir í **Listasafni ASÍ** við Freyjugötu 41.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

TÓNLIST
SÝNINGAR
LISTASMÍÐJUR
FYRIRLESTRAR
TEIKNIMYNDIR

SUNNUDAGSBÍÓ
SUSHI
TEXTÍLL
ARKITEKTÚR
VÍDEÓ LIST

101 TOKYO

13.06.09–13.07.09
SNERTING VIÐ JAPAN
Í NORRÆNA HÚSINU REYKJAVÍK

LISTASMÍÐJUR Á SUNNUDAG OG MÁNUDAG

NUNO kennir tauprykk með ryði:
Starfsfólk hins heimspekkta textílfiyrirtækis **NUNO** kennir litun á efnum með ryðguðum málmum. Þetta er einstök tækni sem **NUNO** hefur þróað.

Theatre Products – MY DESIGN-námskeið:
Hönnuðir Theatre Products tiskumerkisins frá Tókýó standa fyrir námskeiði þar sem íslensk ungmenni fá tækifæri til að hanna sinn eigin topp eða bol.

WWW.101TOKYO.IS

NORRÆNA HÚSIÐ



Samtök iðnaðarins - www.si.is

Meistaraverk!

Þegar þú skiptir við meistara eða fagmann með tilskilin réttindi geturðu verið viss um að verkefnið verður unnið af fagmennsku sem er grunnurinn að vönduðu og vel unnu verki. Innan raða Samtaka iðnaðarins eru starfandi meistarafélög sem hafa á að skipa löggiltum fagmönnum til hvers kyns verkefna. **Ekki sætta þig við fúsk þegar þú getur tryggt þér meistaraverk.**



> BECKHAM AFTUR Á BRÓKINN

Tískuhúsið Emporio Armani var að birta nýju auglýsingaherferð sína með David Beckham þar sem fótboltakappinn smámælti sýnir sig aftur í nærbuxum einum fata. Þúsundir aðdáenda þyrptust að búðargluggum Selfridges í London til að líta dýrðina augum.

stíll

utlit@frettabladid.is



MAC SNYRTIVÖRUR vörur sem fullkomna húðina- undirfarði, meik og hyljari frá ofurmerkinu Mac.



RAY BAN WAYFARERS Ray Ban-sóglæraugun hafa alltaf rokkað og eru klárlega svöluðu brillurnar í sumar.

OKKUR LANGAR Í ...



CLINIQUE SNYRTIVÖRUR gullin húð sem verður aldrei appelsínugul með þessu nýja brúnkukremi frá Clinique.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA Anna Margrét Björnsson

Að finna sér tískufyrirmynd

Þegar mig vantar einhvers konar innblástur í fataskápinn þá leita ég sjaldnast í tískufimaritin. Að sjálfsgöðu er gaman að blaða í flottum tímaritum en þegar allt kemur til alls sækja fyrirsæturnar í dag og fatnaðurinn oftast innblástur til fyrri tíma. Þess vegna finnst mér skemmtilegra að fletta upp myndum af fólki og stemningu á fyrri áratugum og sjá hvort það er ekki einhver fatasamsetning, hárgreiðsla eða fördun sem gæti verið alveg það sem ég er að leita að þessa stundina. Fólk sækir sér innblástur til mismunandi áratuga, hvort sem það er strákaleg tíska þriðja áratugarins, elegans hins fjórða og fimmta, kynþokki og kvenleiki hins sjötta eða hippastemningu hins sjöunda. Líkt og með tónlistina þá endurtaka góðir hlutir sig reglulega og ástæðulaust að þurfa endilega að vera alltaf að finna upp hjólið þegar maður getur sótt innblástur í sníld sem var fundin upp fyrir nokkrum áratugum. Tískudívurnar sem ég persónulega dýrka eru sixtís-skvísur eins og Jane Birkin, Jane Fonda, Anita Pallenberg, Nico og auðvitað hin guðdómlega Bardot en allar hafa þær verið fyrirmyndir ótal kvenna í gegnum árin. Charlotte Gainsbourg dóttir Birkin, fyrirsætur eins og Claudia Schiffer og Kate Moss og söngkonur eins og Leslie Feist eru allar eins og klónar fyrrnefndra kvenna.



SIXTÍS SVALHEIT Fyrirsætan og grúppían Anita Pallenberg með Keith Richards.

Ég hef sterkan grun um að sixtís „psychadelia“ sé á leiðinni inn aftur og því er um að gera að klippa á sig topp eins og Pallenberg og Birkin, skella sér í mínikjóra, indversk vesti og stóra pelsa og vera hress og hippalegur. Hins vegar spyr maður sig hvar þessar tískufyrirmyndir eru eiginlega allar í dag. Ég get ekki ímyndað mér að eftir þrjátíu ár muni ungar stúlkur fletta upp myndum af Paris Hilton eða Jennifer Lopez en hver veit. Það er margt skrátið í kýrhausnum.



KLASSÍSKT Fall og aðsniðin jakkaföt og mjótt bindi frá Dolce og Gabbana fyrir næsta haust.



HÁLSSLAUFA Burberry Prorsum sýndi gamaldags hnýttar skyrturnar við frakka og teinóttar buxur.



Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á **186,000**
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow með ábyrgð verð **80.000 tilboð 58.000** meðan byrgðir endast.

Hrein fjárfesting ehf

Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is
Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337

www.rainbow.is

JAKKAFÖT OG OSCAR WILDE-STÍLL KOMA STERK INN


Herramaðurinn snýr aftur

Þegar titið er á herratískuna fyrir næsta haust og vetur má sjá að hönnuðir sækja stíft í klassískar hefðir. Tískuhús líkt og Burberry, Dolce & Gabbana og Alexander McQueen voru með jakkaföt í gráum tönnum og notuðu kaskaitei og hatta við. Snillingurinn Alexander McQueen var með blöndu sem minnti í senn á ítalska mafíósa og kvikmynd Kubricks A Clockwork Orange. Hér gefur að líta sýnishorn af herratísku næsta vetrar.

- amb



GAMALDAGS Flott jakkaföt með vesti í stíl og pípuhattur frá Alexander McQueen.



BRJÓSTHLÍF Þessi múndering frá Alexander McQueen minnir helst á teiknimyndapersónu.

Gylltir sólarlitir

Style Warrior-línan frá Mac

Snyrtivörufrýrtækið Mac er alltaf með skemmtilegar nýjungar og djarfar litapallettur. Fyrir sumarið kemur línan Style Warrior sem þeir segja innblásna af strandarlífi í Brasilíu. Litaskalinn er sérstaklega frísklegur og klæðilegur með fallegu léttu meiki, sólarpúðri í bleikum og gylltum tönum, glimmeri og glans. Augnskuggarnir eru í fallegum dempuðum litum eins og ólífugrænu, fjólubláu, gulu og apríkósulit og varir eru í ferskjulitum og gylltum tönum. Síðast en ekki síst má nefna að umbúðirnar eru mjög svalar, með hlébarðadoppum í anda sjötta áratugarins.

- amb



FERSKT OG FRAMANDI Nýja línan frá Mac skartar gylltum tönum og pastellitum.

Nýtt skvísuilmvatn

Á hverju sumri er eitt ilmvatn sem slær rækilega í gegn og allar tiskupæjur verða hreinlega að eignast. Í fyrra var það Chloé frá Chloé en nú er það óumdeilanlega ilmurrinn Flora frá Gucci. Ilmvatnið var sérstaklega þróað til að laða að yngri kúnna Gucci-tísku-hússins og notar, eins og nafnið gefur til kynna, ferskar blómanótur eins og rósir og peony ásamt kryddaðri angan af patchouli og sedrusviði. Flaskan er sexhyrnd og úr þykku gleri sem minnir á Art Deco stíl þriðja áratugarins og ekki skemmir fyrir að auglýsinga-herferðinni var leikstýrt af Chris Cunningham sem hefur meðal annars leikstýrt myndböndum fyrir Björk. Fyrirsætan ástralska Abbey Lee sést ganga um í Flora auglýsingunni á blómaakri við Donnu Summer lagið „I feel love“.

- amb



Höfum opnað nýja verzlun
að Laugavegi 7

Andersen & Lauth
Reykjavík

Outlet, Vintage & One off

Í nýju verzluninni seljum við eldri vörur á frábæru verði. "one off" flíkur sem aðeins eru gerðar í einu eintaki og "vintage" flíkur sem við finnum og okkur finnast fallegar. Einskonar fjársjóðskista að hætti Andersen & Lauth.

Opið frá 11-18 virka daga

Opið frá 13-17 sunnudaga

Hlökkum til að sjá þig....

Andersen & Lauth

Herraverzlun, Laugavegi 7

Kvenverzlun, Laugavegi 86-94

Outlet, vintage & One Off, Laugavegi 7

www.andersenlauth.com



RAUTT Svöl svört smókingföt með rauðum kraga frá Burberry Prorsum.



MAFÍÓSI Jakka-föt, pels, göngustafur og hattur hjá Alexander McQueen

> Í BARNEIGNARHUGLEIÐINGUM?

Girls Aloud-söngkonan og X-factor dómari Cheryl Cole er sögð vera í barn-eignarhugleiðingum. Söngkonan er nú í fríi í Nice í Suður-Frakklandi með eiginmanni sínum, fótboltakappanum Ashley Cole, en hann sleppti ferð með liðsmönnum sínum til Las Vegas til að komast í rómantískt frí með Cheryl. Hjónin eru sögð vera að reyna að eignast barn, en litlu munaði að þau skildu í fyrra eftir meint framhjá-hald Ashley.



Systkini hjóla með ferðamenn

Systkinin Sólveig og Páll Pálsson munu í sumar bjóða ferðamönnum, erlendum jafnt sem íslenskum, upp á ókeypis hjólaferðir um miðbæ Reykjavíkur. Verkefnið, sem hlotið hefur nafngiftina Crymoguide, er unnið í samstarfi við skapandi sumarstörf Hins hússins. „Hugmyndin er að kynna fyrir fólki sögu miðbæjarins á annan hátt en hefur tíðkast hingað til. Við fengum að láni Nova-hjólíð og ætla bróðir minn að hjóla með ferðamenn um miðbæinn og fræða þá um Ásmundarsafn, Hljómskálagarðinn og fleiri þekktu staði. Páll er útskrifaður leiðsögumaður og er vel að sér í sögu þessara staða,“ segir Sólveig en þau systkinin eru fædd og uppalin í Þingholtunum og þekkjá svæðið vel. Aðspurð segir hún nafnið vera tilvísun í rit Arngríms lærða Jónssonar, Crymogæa, sem hann skrifaði sem svar við nei-

kvæðri umfjöllun um Ísland. „Tilgangur Crymoguide er svipaður, við munum leggja áherslu á fegurð og sögu miðbæjarins og sýna hann í jákvæðu ljósi. Ferðamatinn er líka svolítið rómantískur og gefur ferðamanninum aðra og nálægari sýn á bæinn en þegar ferðast er með rútu.“ Upphafspunktur ferðanna er við Hallgrímskirkju og lýkur þeim við Austurvöll. Hver ferð tekur um tuttugu mínútur og er hægt að fá leiðsögn á ensku, spænsku og íslensku. „Það komast tveir í vagninn og við byrjum á fjórum til fimm ferðum á dag á meðan Páll byggir upp þol,“ segir Sólveig sem hvetur fólk eindregið til að nýta sér ferðirnar og kynnst miðbænum betur.



PÁLL PÁLSSON Hjólar með fólk um miðbæ Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

fólk

folk@frettabladid.is



NEW ORDER Þrír fyrrverandi meðlimir New Order, sem hætti fyrir tveimur árum, eru í hljómsveitinni Bad Lieutenant.

Stofna Bad Lieutenant

Þrír fyrrverandi meðlimir hljómsveitanna New Order og Joy Division hafa stofnað nýja hljómsveit með gítarleikara Blur, Alex James. Sveitin nefnist Bad Lieutenant og gefur út sína fyrstu plötu í október. „Ég er mjög stoltur af henni, þetta er mjög góð plata,“ sagði söngvarinn Bernard Sumner. „Það eru mikil gítaráhrif á henni enda eru þrír gítarleikarar í hljómsveitinni.“ Bad Lieutenant ætla í tónleikaferð síðar á þessu ári til að kynna plötuna auk þess sem hún mun spila á nokkrum tónlistarhátíðum á næsta ári.

Yoko Ono verðlaunuð

Yoko Ono, ekkja Johns Lennon, var heiðruð fyrir æviframlag sitt til tónlistarheimsins af breska tímaritinu Mojo. Þetta eru fyrstu tónlistarverðlaunin sem hún hlýtur á ferli sínum. Yoko, sem hefur hingað til verið gagnrýnd fyrir að hafa valdið því að Bítlarnir hættu, þakkaði Mojo fyrir hugrekki sitt. Á 41 ári hefur hún gefið út 24 plötur, bæði ein og með Lennon.

„Mér fannst frábært að koma upp á svið og fá svona hlýjar mótökur. Ég átti ekki von á því,“ sagði hún. Spurð hvað eiginmanni hennar hefði fundist um þetta sagði hún: „Hann hefði sagt: „Ég sagði ykkur þetta.““

EKKERT BÍLASALAVÆL FRÁ SSSÓL

Helgi Björnsson er að ræsa hljómsveitina SSSól sem hann líkir við Kröflu. Og sér við Ferguson. Hann hefur úr slíkri breidd að spila að hann getur skipt inn á í bandið eftir hentugleika.

„Það er búið að setja startkapla á skrímslið. Ræsa Kröflu. Við erum að taka upp nýtt efni,“ segir Helgi Björnsson, söngvari SSSólar.

Fréttablaðið náði tali af Helga í alveg banastuði í Stúdíó Sýrlandi þar sem SSSól var að taka upp nýtt lag. Viðtalið sveiflaðist milli þess að Helgi svaraði blaðamannslegum spurningum og þess að hann syngi hendingar úr þessu nýjasta lagi sem verið var að taka upp og heitir Fullorðinn en meiningin er að það fari í spilun strax í dag. Frumflutt í morgunþætti Simma og Jóa á Bylgjunni í dag: „Dansa frá mér allt vit,“ syngur Helgi og upplýsir jafnframt að þetta sé gamall texti úr smíðju Davíðs Þórs Jónssonar við Stónslagan slagara eftir sig sjálfan. Helgi fer ekki í grafgötur með hvaðan áhrifin eru. „... á morgun er ekkert samviskubít... Ég er fullorðinn, ef mér sýnist fer ég út að leika mér... Já, sko, þetta er alvöru „rock'n'roll“. Ekkert bílasalavæl eins og oft hefur heyrst á þessum popplendum.“

Helgi er í essinu sínu í stúdíóinu og yfirlýsingaglaður eftir því. Vogar sér jafnvel inn á jarðsprengjusvæði sem það að texti lagsins fjalli meðal annars um inngróid en óparft samviskubít nútímakarlansins. SSSól hefur verið lengi að og Helgi er ánægður með sitt band. Líkir sjálfum sér við Ferguson stjóra Manchester United í þeim skilningi að hann búi við slíka breidd afbragðs hljóðfærleikara að hann geti skipt inná eftir þörfum. SSSól ætla að koma fram í Officeraklúbnum í



SSSÓL EKKI MYNDUÐ Í NÍU ÁR FYRR EN NÚ Mættir í Stúdíó Sýrland á gömlu rokkbomsunum til að taka upp nýtt efni sem stendur á gömlum merg.

kvöld og er að bóka gígg vítt og breitt um landið. Njálshúð 4. júlí – sveitaball eins og þau voru best fyrir tíu eða tuttugu árum. Þegar fitjað er upp á því við Helga hvort sveitaböllin tilheyri liðinni tíð er það nánast eins og að spyrja Þorstein frá Hamri hvort ljóðið sé ekki örugglega dautt? „Þetta hefur ekki brugðist í þau skipti

sem SSSól hefur poppað upp. Þá streymir fólkíð inn. Þó ekki sé búið að taka mynd af hljómsveitinni í níu ár. Fyrr en nú,“ segir Helgi og hlær. En neitar því þó ekki að vissulega hafi komið ákveðið bakslag í sveitaballmenninguna. „Ég held jafnvel að þetta „meika-ða-í-útlöndum“ hafi gert hinn íslenska alþýðulistamann eitthvað feiminn.

Hann hafi farið inni sig í stað þess að láta ljós sitt skína af festu og einurð. En með breyttri fjárhagsstöðu þjóðarinnar og fækkandi utanlandsferðum hlýtur alþýðulistamaðurinn að fá aukna trú á mátt sinn og megin... Ég þarf ekki að biðja neinn um leyfi nema sjálfan mig,“ syngur Helgi Björnsson.

jakob@frettabladid.is



410 4000 | landsbankinn.is

156 / ÍSAFJÖRÐUR

Þórdís er búin að vera sjómanskona í 25 ár. Hún og 11 aðrir taka vel á móti þér í Pólgötunni.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu í Pólgötu 1, Ísafirði eða hringdu í okkur í síma 410 4000.





Jibbí jei!

Við erum í Þjóðhátíðarskapi og bjóðum
allar vörur með **17% afslætti til 16. júní**

Fyrir þig og þá sem þér þykir vænst um!

next

Kringlunni · 551 3200

Japönsk menning beint í æð

„Þetta er einn stærsti viðburður sem Norræna húsið hefur lagt í og er í fyrsta skipti sem við erum með fókúsin á annað land en eitthvert Norðurlandanna,“ segir Ilmur Dögg Gísladóttir, kynningarfulltrúi fyrir 101 Tokyo snerting við Japan. Dagskráin hefst á morgun og stendur til 13. júlí. Á dagskrá verður tónlist, fyrirlestrar, bíósýningar, listasmíðjur og námskeið þar sem fólki býðst meðal annars að kynna sér sushi-gerð, japanska tesíði og læra blekmálun og taubrykk.

„Þrátt fyrir landfræðilega fjarlægð við Japan eigum við Íslendingar margt sameiginlegt með Japönnum, svo sem þjóðsögur, sterka tilfinningu fyrir náttúruöflum og sveiflur í efna-hagslífi,“ útskýrir Ilmur.

„Fólk frá götutískumerkinu Theatre Products og textílfyrirtækinu Nuno er að undirbúa sýningar og listasmíðju. Sjó saumakonur hafa saumað 80 fermetra skrautlegt

bútasumsteppi úr bútum frá Japan og Epal sem þátttakendur í listasmíðju geta sniðið sín eigin fót úr.“ Nánari upplýsingar um dagskrána má nálgast á www.101tokyo.is.

- ag

SUSHI ÚR ÍSLENSKUM FISKI

Matreiðslumeistarinn Yoshida Kensaku verður með námskeið í sushigerð í Norræna húsinu. Hann er í stjórn félags sushigerðarmanna í Japan.



★ Tenerife

17. júní - 1. júlí
2 vikna ferð

Hotel Gala ★★★★★

Fjölskylduherbergi með hálfu fæði - hlaðborð!

frá 87.400 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn



VINKONURNAR Yrpa, Aníta, Ástrós og Fjöla höfðu gaman af sýningunni.



SUMARSTEMNING Þær Viktoría, Jóhanna, Halldóra og Kristjana skemmtu sér vel á söngleiknum, enda líflæg sýning.

PABBI SANDY STOLTUR

Söngleikurinn Grease var frumsýndur við glimrandi undirtektir á fimmtudaginn var.

Leikhúsgestir skemmtu sér konunglega á frumsýningu þessa vinsæla söngleiks, en þetta er í þriðja sinn sem hann er settur á svið hér á landi. Þau Ólöf Jara Skagfjörð og Bjartmar Guðmundsson fara með hlutverk Sandyar og Dannys og þóttu standa sig með þryði. Valgeir Skagfjörð, faðir Ólafar Jöru, var að sjálfsgöðu viðstaddur frumsýninguna og var afar stoltur af dóttur sinni. „Fagnaðarlátunum ætlaði aldrei að linna og Ólöf Jara var alsæl. Það var mikil pressa á henni, enda ung að árum, en mér fannst hún standa sig mjög vel. Sýningin er fjörug og skemmtileg og ég er viss um að hún muni slá í gegn.“

Meðal annarra frumsýningargesta voru til að mynda Páll Óskar Hjalmtýsson. Leikstjórinn Selma Björnsdóttir sat spennu úti í sal ásamt eiginmanni sínum, Rúnari



SÖNGVARINN PÁLL ÓSKAR sagði sýninguna hafa slegið í gegn hjá áhorfendum, hér sést hann ásamt ljósmyndaranum Oddvari Hjartarsyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Frey Gíslasyni, en þau léku einmitt í fyrstu Grease-uppfærslunni. Vesturportsleikararnir Nína Dögg Filippusdóttir og Björn Thors voru

einnig meðal gesta og þá mætti borgarstjórinn Hanna Birna Kristjánadóttir og naut sýningarinnar í botn.

- sm



GREASE ER ORÐIÐ! Þær Anna, Katrín og Margrét voru á meðal frumsýningargesta.



SKEMMTU SÉR STÖRVEL. Ragnhildur Magnúsdóttir útvarpskona ásamt Kristínu Unu og Silju Björk.

Lohan og Ronson rífast

Lindsay Lohan og plötusnúðurinn Samantha Ronson eru byrjaðar saman að nýju og segir slúðurpressan að Lindsay hafi sést með trúlofunarhring á fingri. Er dvölin ekki löng í paradís frekar en fyrri daginn hjá stúlkunum og eru þær strax farnar að rífast að nýju.

Lindsay og Samantha hættu saman í apríl, en Lindsay sagði í þætti Ellen DeGeneres stuttu síðar að þær stöllu væru að ræða málin en hún forðaðist sambönd að svo stöddu. Hún sagðist þó elska Samönthu og vonaðist til að þær næðu saman að nýju, þegar þær væru báðar á réttum stað í lífinu til þess.

Svo virðist sem sú stund sé núna, en Lindsay og Samantha eyddu þó nokkrum tíma í eltingarleiki um helstu klúbba London, áður en þær flugu til Los Angeles saman á miðvikudaginn. Skartaði Lindsay þá glæsilegum trúlofunarhring og skrifaði á Twitter að hún „færi frá London með

uppáhalds ferðafélaga sínum og kannski með frábærar fréttir í farteskinu“. En fljótt skipast veður í lofti og skömmu eftir að lent var voru stelpurnar farnar að rífast að nýju, sem endaði með því að Lindsay rauk á dyr, nú án demantshringins sína. Sama kvöld neitaði Samantha að hafa bedið Lindsay og keypt handa henni hring.

Faðir Lindsay, Michael Lohan, er hins vegar hinn hjartsýnasti og trúir því nú, þvert á fyrri skoðanir, að sambandið sé dóttur hans gott. Hann sagði breska tímaritinu Mirror að hann væri ánægður að sjá að „á meðan þær voru í London þá gerði Lindsay sitt og Samantha sitt án nokkurra vandræða. Við sjáum hvað setur.“

SÆLLEG Á NÝ Lindsay vann hjarta Samönthu á ný eftir talsverðan eltingarleik í London.

NORDICPHOTOS/GHETTY

SUMAR FERÐIR

sumarferdir.is

Fullt af leikföngum
frá 199,-



Stóll
úr plasti
fyrir börn
249,-

KLINKID

LÁGVÖRUMARKAÐUR

...ótrúleg verð

Gjafapokar
frá 99,-



Gjafapappír
199,-



Smekkur
vatnsheldur
199,-

LOKSINS

Fullur gámur af vörum frá USA

Fullt af ýmiskonar matvöru...

Bilavara, hreinlætisvara, leikföng ofl. ofl.

Fyrstur kemur fyrstur fær...

Frábært úrval
af margskonar plastilátum
af öllum stærðum og gerðum
frá 199,-



Garðáhöld
fyrir krakka
2 í pakka
299,-

Eldhúsáhöld
úr plasti
199,-



Bilasápa
2 lítrar
399,-



Penslar og rúllur
margar gerðir
frá **199,-**

Servéttur
100 í pakka
4 litir
299,-



"Hellir"
Frábært til að
hella úr 0.5 l.
1 l og 2ja lítra
plastflöskum
299,-



Poppskál
249,-



Salatskál
með loki
299,-



Frystibox
3 stk.
299,-



Fullt af
sölgleraugum
verð frá
249,-

Margar gerðir
af batteríum
4 stk **199,-**



"HandyHelper"
hvitlaukspressa
með hreinsistykki
199,-



Latex
hanskar
5 pör
199,-



Gluggaskafa
199,-

Fægiskófla
með sóp
199,-



"HandyHelper"
Bökunarform
nokkrar stærðir
100stk í pakka
249,-



"HandyHelper"
steikarhnifur 2stk.
199,-



"HandyHelper"
kremsprauta
4 plastpokar
4 stútar
299,-



Máis
haldarar
6 stk.
199,-



"Awesome"
Alhliðahreinsiefni
1,9 lítrar
399,-



"SuperWindow"
Glugga- og
glerhreinsir
946 ml.
199,-



"CarpetFresh"
Ilmduft fyrir
teppi
414 gr.
249,-



"Mop&Shine"
gólfbón
946 ml.
299,-



"Ajax"
uppvottalögur
Nokkrar
tegundir
473 ml.
249,-



"QualCare"
ofnhreinsir
384 ml.
249,-



"Powerhouse"
Gel í
uppvottavélar
532 ml.
249,-



"Airwick"
ilmspray
nokkrar
gerðir
299,-



"AWESOME"
alhliða
hreinsispray
650ml
199,-

KOMDU, SJÁÐU OG SPÁÐU Í VERÐIÐ...

Klinkið Lágvörumarkaður

klinkid@klinkid.is

Sími: 5684892

FAXAFEN 8

OUTLET CENTER

Opnunartímar Mánud. til Laugard. 10 - 18 Sunnudaga 12 - 17



BEINT Á TOPPINN Í USA!
HANGOVER
EIN ALBESTA GRÍNMYND SUMARSINS ER KOMIN

SÁMBÍÓ ÁLFABAKKA		SÁMBÍÓ SELFÓSS	
HANGOVER kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	12	THE HANGOVER kl. 5:50 - 8 - 10:20	12
THE HANGOVER kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	VIP	NIGHT AT THE MUSEUM kl. 3:40 - 5:50	L
MANAGEMENT kl. 5:50 - 8 - 10:20	10	ANGELS AND DEMONS kl. 8 - 10:40	14
ADVENTURELAND kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	12	STÍGVELADI KÖTTURINN mýst.tali kl. 3:40	L
CORALINE mýst.tali kl. 1:30 (3D) - 3:40 (3D) - 5:50 (3D)	L	SÁMBÍÓ AKUREYRI	
THE LAST HOUSE ON THE LEFT kl. 10:20	16	HANGOVER kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
STAR TREK XI kl. 8	10	STÍGVELADI KÖTTURINN mýst.tali kl. 4	L
STÍGVELADI KÖTTURINN mýst.tali kl. 2 - 4	L	GOTT SILFUR GULLI BETRA kl. 6	L
HANNAH MONTANA kl. 3:40 - 5:50	L	ADVENTURELAND kl. 8	12
MONSTERS VS ALIENS kl. 1:30	L	LET THE RIGHT ONE IN kl. 10	16
SÁMBÍÓ KRINGLUNNI		SÁMBÍÓ KEFLAVÍK	
THE HANGOVER kl. 6D - 8D - 9D - 10:20D - 11:20D	12	THE HANGOVER kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
MANAGEMENT kl. 6 - 8 - 10:20	10	THE LAST HOUSE ON THE LEFT kl. 8 - 10:10	16
GOTT SILFUR GULLI BETRA kl. 4 - 6:30 SÍÐ.SÝN.	10	NIGHT AT THE MUSEUM 2 kl. 3:40 - 5:50	L
CORALINE 3D mýst.tali kl. 2(3D) - 4(3D)	L	STÍGVELADI KÖTTURINN kl. 3:40	L
HANNAH MONTANA kl. 2 - 4	L		
STÍGVELADI KÖTTURINN kl. 2 SÍÐASTA SÝNING!	L		

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSINGULU

SparBíó 850kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED GRÆNU

JABBÍ JEI DAGAR Í KRINGLUNNI 350 KR 13. OG 14. JÚNÍ
STÍGVELADI KÖTTURINN 350 kr. mýst.tali kl. 12 L
HANNAH MONTANA 350 kr. kl. 12 L
MONSTERS VS ALIENS 350 kr. mýst.tali kl. 12 L

Oddaflug dr. Bjarna

Einhver skæðasti myndlistarmaður þjóðarinnar – dr. Bjarni Þórarinnsson – efnir til sjónþings sem heitir Oddaflug sirkilhyrninganna á menningar-knæpunni Grand Rokk.

„Menn hafa verið að vara mig við að nota orðið oddaflug. Segja það tengjast einhverju fyrirtæki Hannesar Smára. En hann á náttúrulega engan einkarétt á því orði um þetta fallega náttúru-fyrirbæri,“ segir dr. Bjarni Þórarinnsson sjónháttufræðingur.

Fréttablaðið greip Bjarna, einhvern stórbrotnasta listamann þjóðarinnar, glóðvolgan á miðvikudag er hann var hengjandi upp sýningu á menningar-knæpunni Grand Rokk – hans fimmta sjónþing þar en dr. Bjarni hefur efnir til rúmlega tuttugu sjónþinga á sínum litríka ferli. Og nú leikur allt á reiðiskjálfi. Því í sínum þælingum hvað varða sjónháttufræðina hefur dr. Bjarni uppgötvað tví-gulinn. „Menn þekkja tígla. En ég hef nú skilgreint fyrirbærin „tvígull“ og „þrígull“. Allt rúmast þetta innan hringsins sem er þá alhyrningur,“ segir dr. Bjarni en sjónþing hans nú ber yfirskriftina Oddaflug sirkilhyrninganna. Bjarni hefur unnið hörðum höndum að þessu þingi, við innrömmun verka sinna, en Guðmundur Bjartmarsson kvikmyndagerðarmaður liðsinnri Bjarna við að koma verkunum á staðinn. Síðan er það að semja þá sínfóníu sem felst í því að raða sýningunni saman. Guðmundur Oddur er hægri hönd Bjarna við þann gjörning en mikið á eftir að bæstast við.

Sjálfur er Bjarni í gríðargóðu formi, betra formi en oft. „Árið 2009 verður stórt og mikið ár. Ég vann listsigur strax í upphafi árs. Árið byrjaði með truckki hjá mér. Og fleiri sýningar eru í pípu-num. En það er komin hefð á að ég sýni hér á Grand Rokk. Hér hefur verið gerð hallarbylting. Meiri menningarbragar en oft. Hér er nýlokið menningar-háttíð sem tókst mjög vel. Mörg



KAFFIDRYKKJA Á GRANDARANUM AUKIST TIL MUNA Dr. Bjarni heyrði forseta Íslands á Vogu, Þórarinn Tyrfingsson, flytja skörulegt mál í útvarpi og við það skildu leiðir með Bjarna og áfenginu.

athyglisverð atriði voru flutt af miklum metnaði. Samleikurinn er sá að þetta er alþýðumóts-taður. En einnig er hér mikið af góðum listamönnum. Framúrskarandi listamönnum sem sækja staðinn. Og hér hefur kaffidrykkja aukist til mikilla muna,“ slær dr. Bjarni fram. Forvitnileg staðhæfing. Sem Bjarni skýrir meðal annars á

þann hátt að sjálfur hafi hann ekki smakkað áfengi í tvo mánuði. „Ég heyrði forseta Íslands á Vogu, Þórarinn Tyrfingsson, flytja skörulegt mál í útvarpi. Og þá skildu leiðir. Ég varð viðskila við áfengi. Hef verið í kaffinu síðan. Og stefni að því að verða útrásarvíkingur. Og þá meina ég: Alvöru útrásar-víkingur.“
jakob@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ!

GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST
LUXUS

TERMINATOR SALVATION
ENDURINN NÁLGAST!

GULLBRÁ
Frábæra teiknimynd fyrir alla fjölskylduna með íslensku tali.

NIGHT AT THE MUSEUM 2
LÉTTI NOTARLEGT OG FJÖLSKYLDUVEITIMÖTVEGI VIÐ HASARMYNDRISUMARSINS

ENGLAR OG DÆMÓNAR
ANGELS & DEMONS

SMÁRABÍÓ Sími 564 0000	HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919
GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST kl. 1-3:30-5:45-8-10:15	GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST kl. 3:30-5:45-8-10:15
GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST LUXUS kl. 1-3:30-5:45-8-10:15	GULLBRÁ kl. 3:30
GULLBRÁ kl. 1-3	TERMINATOR: SALVATION kl. 5:30-8-10:30
TERMINATOR: SALVATION kl. 5:30-8-10:30	ANGELS & DEMONS kl. 3-6-9
NIGHT AT THE MUSEUM 2 kl. 1-3:20-5:40-8	THE BOAT THAT ROCKED kl. 8-10:40
ANGELS & DEMONS kl. 1-5-8-10:20	DRAUMALANDIÐ kl. 4-6

REGNBÖGINN Sími 551 9300
ÓDÝRT Í BÍÓ!
750 kr.

TERMINATOR kl. 3-5:30-8-10:30	12
NIGHT AT THE MUSEUM 2 kl. 3:20-5:40-8-10:20	14
ANGELS & DEMONS kl. 2:30-5:30-8:30	14
X-MEN WOLVERINE kl. 3:20-5:40-8-10:20	14

FERD 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR BÍÓMIDANN MED KREDITTKORTI

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST

TERMINATOR SALVATION

GULLBRÁ
ATH!! 750 kr.

550 kr. í bíó. Bíóir á allar sýningar merktar með rauðu!

BÍÓ	SÝNINGARTÍMAR
GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST	kl. 6, 8 og 10:15
GULLBRÁ (ATH!! 750kr)	kl. 2 og 4 - Ísl.tal
TERMINATOR SALVATION	kl. 8 og 10:15
NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 2, 4 og 6
ANGELS & DEMONS	kl. 4, 7 og 10
MÚMÍNALFARNIR	kl. 2 - Ísl. tal

SparBíó SAMBÍÓ.is

THE HANGOVER kl. 1.30 í Álfabakka	550kr	ADVENTURELAND kl. 1.30 í Álfabakka	550kr	CORALINE kl. 1.30 í Álfabakka og kl. 2 í kringlunni	850kr	STÍGVELADI KÖTTURINN kl. 2 í Kringlunni	550kr	HANNAH MONTANA kl. 2 í Kringlunni	550kr
-----------------------------------	-------	------------------------------------	-------	---	-------	---	-------	-----------------------------------	-------

Ódýrt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

GULLBRÁ
ATH. SÝND KL.2

NIGHT AT THE MUSEUM 2
ATH. SÝND KL.2

Múmínaíarnir
Órlaganóttin
ATH. SÝND KL.2

Þegar ljósin slökkva byrjar fjörið...
...aftur! ... og nú í stærsta safni í heimi!

550 kr. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGAR BÍÓ

GULLBRÁ (ATH!! 750kr)	550kr	GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST	550kr	GULLBRÁ	550kr
KL.1 SMÁRABÍÓ KL.4 BORGAR BÍÓ		KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3 HÁSKÓLABÍÓ		KL.1 SMÁRABÍÓ KL.4 BORGAR BÍÓ	

Fyrsta plata Audio

Audio Improvement gefur á mánudag út sína fyrstu plötu sem nefnist Story Fragments. Hljómsveitin, sem var stofnuð fyrir tæpum tveimur árum, er skipuð átta tónlistarmönnum. Spila þeir tilraunakennda hiphop-tónlist þar sem ýmsum tónlistarstefnum er blandað saman.

„Við vorum alltaf bara tveir í þessu, ég og Jói [Jóhannes Birgir Pálmason]. Svo komu alltaf fleiri og fleiri inn,“ segir Pan Thorar-ensen. Í framhaldinu ákváðu þeir að spila alla tónlistina með lifandi hljóðfærum og rappa síðan yfir. „Þetta er að mínu mati nokkuð sem hefur aldrei áður verið gert á Íslandi í hiphop-tónlist. Við erum undir svolitlum áhrifum frá Buck



AUDIO IMPROVEMENT Hljómsveitin gefur á mánudag út plötuna Story Fragments.

65. Hann hefur verið með svipaðar þælingar í sinni tónlist,“ segir Pan. Útgáfutónleikar vegna plötunnar verða haldnir á Café Rosenberg á mánudagskvöld klukkan 22 og er enginn aðgangseyrir.

Carradine framdi ekki sjálfsvíg

Sjálfsvíg olli ekki dauða leikarans Davids Carradine, sem fannst látinn á hótélherbergi í Taílandi fyrir skömmu. Fjölskylda hans bað um að leikarinn yrði krufinn í annað sinn til að útiloka að hann hefði fyrirfarið sér og komst læknirinn að fyrrgreindri niðurstöðu.

Fjölskyldan þakkaði aðdáendum hans fyrir stuðninginn á þessum erfiðu tímum. „Við viljum þakka öllum fyrir ást þeirra og samúð vegna þeirra erfiðleika sem við höfum gengið í gegnum,“ sagði Keith Carradine, bróðir Davids. „Þar til við fáum frekari niðurstöður úr rannsókninni óskum við eftir því að bróðir okkar, eiginmaður, faðir, afi og langafi fái að



DAVID CARRADINE Leikarinn David Carradine framdi ekki sjálfsvíg eins og einhverjir hafa haldið fram.

hvíla í friði og með reisn,“ bætti bróðir hans Robert við.

David fannst nakinn inni í fata-skáp með snúru um hálsinn og kynfærin. Talið er að hann hafi látist af völdum köfnunar eða hjartaáfalls á meðan á kynlífs-athöfn stóð. Enn á þó eftir að staðfesta dánarorsökina.

Carradine lék í yfir hundrað kvikmyndum á ferli sínum en var þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Kwai Chang Caine í sjónvarpsþáttunum Kung Fu. Einnig lék hann í Kill Bill-myndum Quentins Tarantino. Hann var af mikilli leikaraætt en faðir hans, John Carradine, og bræðurnir Bruce, Keith og Robert voru allir leikarar. David Carradine var að leika í myndinni Stretch á Taílandi þegar hann fannst látinn.



MÚM Fimmta plata Múm nefnist Sing Along to Songs You Don't Know.

Nafn komið á plötu Múm

Fimmta plata hljómsveitarinnar Múm nefnist Sing Along to Songs You Don't Know og kemur út 21. ágúst. Tvö ár eru liðin síðan sý síðasta, Go Go Smear the Poison Ivy, kom út. Nýja platan, sem þykir afslappaðari en síðustu verk Múm, var að mestu tekin upp á Íslandi en einnig í Finnlandi og á Eistlandi. Múm er í kjarnann skipuð þeim Örvari Þóreyjarsyni Smárasyni og Gunnari Erni Tynes. Þeir félagar verða duglegir við tónleikahald í sumar og spila meðal annars á tónlistarhátíðum í Brighton og Leicester í Englandi.



ÚTIHÁTIÐ Frá útihátíðinni í Hallgeirsey í Austur-Landeyjum í fyrra.

Stór útihátíð háskólanema

Stór útihátíð fyrir háskólanema verður haldin í Hallgeirsey í Austur-Landeyjum dagana 3.-5. júlí. Nóg verður um að vera, þar á meðal trúðorakeppni, brekkusöngur og blauthökkí, auk þess sem hljómsveit leikur fyrir dansi. Útihátíðin er orðin fastur liður í félagslífi stúdenta og hafa um fimm hundruð manns sótt hana á hverju ári. Það er félag verkfræðinema við Háskóla Íslands sem skipuleggur hátíðina og hvetur það alla háskólanema, þar á meðal þá sem eru ekki í HÍ, til að láta sjá sig. Nánari upplýsingar má finna á hallgeirsey.rokkar.com.

Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is

Nýtt í Skífunni

1.999

2.399

1.999

NÝ TÓNLIST

KASABIAN

BRUCE SPRINGSTEEN & THE E STREET BAND

EROS RAMAZZOTTI

ALI E. TIMIRI

VON

Alexander Rubik

TYIHÓÐI GUBBÁ AF GLEÐI

The SIMS 3

19. júní

> Guðjón leitar að aðstoðarmanni

Guðjón Þórðarson er nú að leita sér að aðstoðarmanni en fram kom í enskum fjölmiðlum í gær að Dave Kevan hafnaði tilboði enska D-deildarliðsins Crewe um að gerast aðstoðarþjálfari Guðjóns hjá félaginu. Guðjón og Kevan störfuðu saman hjá Stoke á sínum tíma en sá síðarnefndi er nú á mála hjá Notts County og vill ekki fara þaðan. Fullyrt er í frétt BBC um málið að Guðjón muni nú snúa sér að Steve Davis, knattspyrnustjóra utandeildarliðs Nantwich.



sport
sport@frettabladid.is

STEFÁN ÞÓR ÞÓRÐARSON: HEFUR ÁKVEÐIÐ AÐ SKRIFA UNDIR TVEGGJA MÁNAÐA SAMNING VIÐ IFK NORRKÖPING

Er að reyna að hætta, það gengur bara ekki vel

Skagamaðurinn Stefán Þór Þórðarson hefur ákveðið að svara neyðarkalli frá sínu gamla félagi IFK Norrköping og leika með liðinu í júlí og ágúst en sænska b-deildarfélaginu hefur ekki gengið sem skyldi á yfirstandandi leiktíð. Félagið er í tólfta sæti af sextán liðum og nokkuð er um meiðsli í herbúðum félagsins auk þess sem fjárhagsstaðan er slæm.

„Félagið á bara í miklum vandræðum og ég ætla að gera mitt besta til þess að hjálpa til. Þetta eru allt saman strákar í liðinu sem ég þekki og hef spilað með og sama gildir um fólk í kringum félagið. Það hefur gengið illa hjá félaginu eftir fallið á síðasta tímabili og núna eru vandræði með meiðsli á framherjum og því leituðu þeir til mín. Peningar hafa ekkert með það að gera að ég sé að fara þarna út,“ segir hinn 34 ára gamli Stefán Þór.

Það kemur ekki á óvart að IFK Norrköping hafi leitað til Stefáns Þórs en hann er sannköluluð godsögn hjá félaginu og þegar hann hætti að spila í Svíþjóð var treyjan hans númer 18 til að

mynda hengd upp í virðingarskyni við kappann. Stefán Þór skoraði 23 mörk í b-deildinni fyrir félagið á þremur keppnistímabilum á árunum 2005-2007 og átti á lokatímabili sínu með félaginu stóran þátt í því að það komst upp í efstu deild. Stefán Þór segist vissulega finna fyrir smá pressu að koma aftur inn í þetta en það sé bara góður hlutur.

„Það er alltaf pressa og það er það sem maður getur ekki slitið sig frá. Spennufiknin við að vera með fólk í þá bakinu og að það ætlist til þess að maður geri eitthvað,“ segir Stefán Þór.

Stefán Þór segir þó afar ólíklegt að hann haldi áfram að spila þegar hann komi heim aftur.

„Þegar ég kem heim aftur þá er ég bara búinn. Ég hugsaði að ég geri ekkert meira eftir þetta. Ég er einn af þeim sem eru að reyna að hætta, en það gengur ekkert allt of vel. Mér finnst ég endalaust vera að segjast vera hættur en þetta er bara svona og ég veit að það lenda margir fótbolta menn í þessu,“ segir Stefán Þór að lokum.



KAUPÆÐI Pellegrini og Perez leggja á ráðin um næstu kaup. NORDIC PHOTOS/GETTY

Kaupæðið heldur áfram: Fleiri á leið til Real Madrid?

FÓTBOLTI Manuel Pellegrini, hjálfaari Real Madrid, hefur greint frá því að ekkert þak sé á því hversu marga leikmenn félagið ætli sér að kaupa í sumar.

Real er þegar búin að kaupa Kaká og hefur Manchester United tekið tilboði félagsins í Cristiano Ronaldo.

Framherjinn David Villa hjá Valencia er sagður næstur á óskalistanum hjá Real og Arsenal-maðurinn Gael Clichy hefur einnig verið orðaður við Real.

„Við höfum ekkert ákveðið hvað við ætlum að kaupa marga leikmenn. Við erum aðeins að reyna að koma saman samkeppnishæfum leikmannahópi. Við erum að keppa á þrennum vígstöðvum næsta vetur og viljum vinna allar keppni,“ sagði Pellegrini.

„Ég myndi helst ekki vilja ræða leikmenn sem gætu hugsanlega komið til félagsins í framtíðinni. Það væru einungis vangaveltur. Í sannleika sagt eru til margir góðir knattspyrnumenn sem gætu gengið til liðs við Real Madrid.“

Markvarðalausir Valsarar?

Ólafur Haukur Gíslason, markvörður Valsmanna, er hugsanlega á förum til Noregs. Norska úrvalsdeildarfélagið Haugaland hefur gert Ólafi tilboð og getur tryggt honum og konu hans vinnu. Fari Ólafur eru Valsmenn markvarðalausir.

HANDBOLTI Ólafur Haukur Gíslason, markvörður Vals, íhugar þessa dagana tilboð frá norska félaginu Haugaland. Tilboð félagsins er freistandi enda getur félagið útvegað bæði honum og konu hans vinnu en þau eru atvinnulaus og þurfa að sjá fyrir sjálfum sér og tveim börnum.

„Eðlilega er þetta fýsilegur kostur þar sem félagið getur tryggt bæði mér og konunni vinnu. Þeir gera mér tilboð upp á góða vinnu og smá aukapening. Það má að vissu leyti segja að kreppan sé hugsanlega að reka okkur út en við þurfum að sjá fyrir tveim börnum og ég hef lítinn áhuga á að vera hér heima á atvinnuleysisbótum,“ sagði Ólafur Haukur. Hann var að ljúka viðskiptafræðinám frá Háskóla Íslands en þrátt fyrir fjna menntun er ekki mikla vinnu að hafa hér heima.

„Auðvitað er staðan erfið fyrir Valsmenn ef ég fer, þar sem Pálmar fór í FH um daginn. Það er verið að vinna í þessu og Valsmenn eru að athuga hvort þeir geti aðstoðað mig með vinnu, sem er mjög jákvætt. Því miður hefur það ekki skilað neinu enn sem komið er,“ sagði Ólafur, sem er enn samningsbundinn Val. Valsmenn þurfa að sleppa honum án greiðslu ef hann á að geta farið til Noregs þar sem félagið hefur ekki efni á að greiða fyrir hann.

„Ég hef óskað eftir því við Valsmenn að fá að fara án greiðslu. Ég hef alla tíð verið í Val og vona að þeir standi ekki í vegi fyrir mér. Ég held að þeir muni ekki gera það en það er ekki alveg sama við



FJÓLSKYLDAN Í FYRIRRÚMI Ólafur Haukur setur fjölskylduna í fyrsta sætið og þess vegna gæti hann verið á förum til Noregs. FRÉTTAÐLAÐIÐ/STEFÁN

hvern maður talar hjá félaginu,“ sagði Ólafur en heyrst hefur að Valsmenn ætli sér að reyna að fá gamla brýnið Roland Eradze til félagsins fari svo að Ólafur fari til Noregs.

Haugaland lenti í sjötta sæti í norsku úrvalsdeildinni í fyrra og ætlar sér stóra hluti á næstu árum.

„Þetta er ágætis lið sem stefnir hátt. Það er að byggja nýja höll og stefnan er að komast í hóp þriggja bestu liða landsins sem fyrst. Liðið er ungt og hefur verið í efstu deild í þrjú ár. Ég fór þarna út í síðustu viku og leist ágætlega á aðstæður,“ sagði Ólafur Haukur að lokum.

henry@frettabladid.is



SIGURSTRANGLEGUR Tiger Woods mun reyna að verja titil sinn í næstu viku. NORDIC PHOTOS/GETTY

Styttist í Opna bandaríska: Tiger Woods er klár í slaginn

GOLF Tiger Woods vonast til þess að verja titil sinn á Opna bandaríska meistaramótinu í golfi sem hefst í næstu viku en Woods vann þar eftirmínilegan sigur í fyrra þegar hann var meiddur á hné.

Woods fór svo í uppskurð eftir mótið og var frá keppni í um átta mánuði en er allur að komast aftur á skrið. Hann sneri aftur í febrúar og vann strax á Arnold Palmer-mótinu og um síðustu helgi vann hann Memorial-meistaramótið.

„Það er alltaf gott að spila vel stuttu fyrir stórmót eins og Opna bandaríska meistaramótið. Þetta gefur mikið sjálfstraust. Það er samt sem áður langur vegur til stefnu,“ segir Woods.

Woods eltir enn met Jack Nicklaus sem hefur unnið átján stóra titla á ferli sínum en Woods er kominn með fjórtán stóra titla og stefnir á þann fimmtánda í næstu viku.



© Kristján '08

Kvartmílukeppni



Í dag klukkan 13.00 við
Kvartmílubrautina Kapelluhrauni.
www.kvartmila.is



Mikið rætt og ritað um Cristiano Ronaldo í gær: Fær treyju númer níu

FÓTBOLTI Um fátt annað hefur verið rætt síðustu tvo daga en yfirvofandi kaup Real Madrid á Cristiano Ronaldo frá Manchester United fyrir 80 milljónir pundu. Fjölmiðlar um allan heim hafa fjallað um málið og mátti sjá margar skrautlegar fyrirspurnir í heimspressunni.

Þó það hafi ekki verið formlega tilkynnt þykir fullvíst að Ronaldo muni fá treyju númer níu hjá Real Madrid. Hann hefur verið með sjöuna á bakinu hjá Manchester United en það númer er upptekið hjá Real Madrid. Sjálfur fyrirlíðinn, hefur verið númer sjö í langan tíma.

Argentínumaðurinn Javier Saviola fékk níuna hjá Real Madrid þegar hann kom þangað fyrir tveimur árum. Hvert

sem hann fer frá félaginu eða ekki þykir nokkuð ljóst að Ronaldo fái númerið hans.

Það eru margir mánuðir síðan Ronaldo lét skrásetja bæði vörumerkin CR7 og CR9. Það er aðeins ein af fjölmörgum vísbendingum um að þessi félagaskipti hafi staðið til í langan tíma.

Spænsk dagblöð brugðust misjafnlega við fréttunum í gær. Marca sagði þetta kaup aldarrinnar en aðrir fjölmiðlar sögðu kaupverðið í engum tengslum við raunveruleikann.

En Los Angeles Times fann aðra hlið á málinu. „Hárgelsiðnaðurinn í norðvesturhluta Englands varð fyrir gríðarmiklu áfalli á fimmtudaginn.“



SPORT 2



HEFST Á MORGUN ÁLFUKEPPNIN

ALLAR STÓRSTJÖRNURNAR MÆTA TIL LEIKS

Á MORGUN

13:45 SUÐUR-AFRÍKA – ÍRAK

18:15 NÝJA-SJÁLAND – SPÁNN

Á MÁNUDAG

13:45 BRASILÍA – EGYPTALAND

18:15 BANDARÍKIN – ÍTALÍA

Á MIÐVIKUDAG

13:45 SPÁNN – ÍRAK

18:15 SUÐUR-AFRÍKA – NÝJA-SJÁLAND

18.06 BANDARÍKIN – BRASILÍA

18.06 EGYPTALAND – ÍTALÍA

20.06 ÍRAK – NÝJA-SJÁLAND

20.06 SPÁNN – SUÐUR-AFRÍKA

21.06 ÍTALÍA – BRASILÍA

21.06 EGYPTALAND – BANDARÍKIN



VALENCIA Líklega á förum til Manchester United á sextán milljónir punda.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Dave Whelan hjá Wigan:

Man. Utd hefur boðið í Valencia

FÓTBOLTI Dave Whelan, stjórnarformaður Wigan, hefur staðfest að félaginu hafi borist kauptilboð frá Englandsmesturum Manchester United í kantmanninn knáa Antonio Valencia.

„Við erum búnir að vera í sambandi við United út af Valencia í tvo til þrjá mánuði og þeir hafa mikinn áhuga á honum. Reyndar eru þeir þegar búnir að leggja fram kauptilboð og ég reikna með að við göngum að samningaborðinu á allra næstu dögum,“ segir Whelan.

Talið er að Wigan vilji fá í kringum sextán milljónir punda fyrir hinn 23 ára gamla landsliðsmann Ekvador en Real Madrid var einnig orðað við leikmanninn. Áhugi Spánverjanna gæti þó hafa breyst eitthvað eftir að kauptilboðinu í Cristiano Ronaldo var tekið.

Mourinho um Ibrahimovic: Er viss um að hann fari ekki

FÓTBOLTI Miklar vangaveltur hafa verið síðustu daga í fjölmiðlum út af framherjanum Zlatan Ibrahimovic, sem sagður er vilja takast á við nýjar áskoranir og komast burt frá Inter.

Knattspyrnustjórnari José Mourinho er þó sannfærður um að kappinn verði áfram hjá Inter.

„Ég veit hvernig leikmannamarkaðurinn virkar og hvernig umboðsmenn vinna og ég er því alveg rólegur yfir stöðu mála hjá Ibrahimovic. Ég trúi því að hann verði áfram hjá Inter á næsta keppnistímabili. Ég trúi því vegna þess að enginn er búinn að segja mér að það verði ekki þannig,“ segir Mourinho.

Ísland mætir Noregi í afar mikilvægum leik í undankeppni EM 2010 í Laugardalshöllinni á morgun:

Sigur gegn Noregi tryggir farseðilinn á EM

HANDBOLTI Ef Ísland vinnur Noregi á sunnudaginn verður farseðillinn á EM sem fer fram í Austurríki á næsta ári tryggður. Ísland mætti því tapa bæði fyrir Makedóníu og Eistlandi í síðustu tveimur leikjum sínum.

Íslandi gætu því dugað ellefu stig til að tryggja sig áfram. Það „versta“ sem gæti gerst er að bæði Makedónía og Noregur næðu einnig ellefu stigum. Þá myndi röðun liðanna í sæti ráðast af árangri í innbyrðisviðureignum. Þar stæði Ísland best að vígi.

Makedónía þarf að vinna Noregi hinn 21. júní til að koma sér í ellefu stig. Ef það tekst ekki er Ísland öruggt með annað sætið, svo lengi sem Ísland vinnur Eistland í lokumferð riðlakeppinnar.

Ef Ísland tapar fyrir Noregi á morgun standa þó ýmsar leiðir liðinu enn til boða. Jafntefli gegn Makedóníu myndi tryggja þátttökurétt á EM á næsta ári, jafnvel þótt Ísland tapaði fyrir Eistlandi.

Ef Ísland tapar bæði fyrir Noregi og Makedóníu flækjast málin. Ef Ísland tapar með ekki meira en tveggja marka mun fyrir Makedóníu dugir sigur gegn Eistum til að tryggja sig áfram.



Ísland mætti meira að segja tapa með þremur mörkum fyrir Makedóníu ef liðið skorar minnst 27 mörk í leiknum. Þá myndi sigur á Eistum einnig duga til.

Ísland mætti jafnvel tapa bæði fyrir Noregi og Makedóníu með óhagstæðum markamun en yrði þá að vinna Eistland og treysta á að Makedónía ynni ekki Noreg á heimavelli. Norðmenn væru þó mjög líklega þá búnir að

GUÐJÓN VALUR Verður í eldlinunni gegn Noregi á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TOPPBARÁTTAN Í 3. RIÐLI

Undankeppni EM 2010	Ísland	5	4	1	0	171-127	9
Noregur	5	4	1	0	172-139	9	
Makedónía	5	2	1	2	142-134	5	

Leikirnir sem eru eftir:

Makedónía - Belgía	13. júní
Ísland - Noregur	14. júní
Ísland - Makedónía	17. júní
Noregur - Eistland	17. júní
Makedónía - Noregur	21. júní
Eistland - Ísland	21. júní

tryggja sér sæti á EM og hefðu því að litlu að keppa.

Þess má einnig geta að ef Ísland vinnur Noregi í dag þarf bara að vinna annað hvort Makedóníu eða Eistland til að gulltryggja liðinu efsta sæti riðilsins. - esá

Stuðningur áhorfenda nauðsynlegur

Ísland mætir Noregi á morgun í gríðarlega mikilvægum leik í undankeppni EM 2010. Mikil forföll eru í landsliðinu og segir Guðmundur Guðmundsson þjálfari að liðið þurfi mikið á stuðningi áhorfenda að halda.

HANDBOLTI Ísland mætir Noregi á morgun í afar mikilvægum leik í undankeppni EM 2010. Leikið verður í Laugardalshöllinni og hefst leikurinn klukkan 16.00.

Með sigri nær Ísland að tryggja sér sæti á EM á næsta ári og setur sig í afar góða stöðu í baráttunni um efsta sæti riðilsins. Leikurinn er því lykilleikur upp á framhaldið að gera.

„Til þess að komast yfir þennan hjalla – að komast inn á EM – þá er stuðningur áhorfenda ómetanlegur. Við erum ekki að spila á okkar sterkasta liði, því er enn mikilvægara að við fáum eins mikinn stuðning og mögulegt er. Við erum því hreinlega að biðla alla sem geta komið að styðja við bakið á okkur.“

Það eru þó góðar fréttir fyrir íslenska liðið að Snorri Steinn Guðjónsson verður sennilega með á morgun. „Hann er búinn að vera duglegur í sinni endurhæfingu og honum hefur gengið vel í sinni meðferð hjá sjúkraþjálfurum landsliðsins. Við getum því aðeins vonað það besta en útlitið er nokkuð gott.“

Einhver skakkaföll eru líka í norska liðinu en það vann engu að síður sannfærandi sigur á Make-

dóníu fyrr í vikunni. „Það eru fáir veikir blettir í þeirra liði,“ sagði Guðmundur. „Við þurfum að passa að spila sterkan sóknarleik enda eru þeir fljóttir að refsfa fyrir hver mistök með mörkum úr hraðaupppláupum. En við þurfum líka að vera fastir fyrir í okkar varnarleik. Þeir eru með góða og fjölhæfa skotmenn, öflugan hornamann og mjög erfiðan línumann, Frank Löke. Við töldum að hann fékk 20 línusendingar í leiknum gegn Makedóníu.“

Guðmundur segir að þó svo að liðið geti tryggt sér sæti á EM á morgun sé verkefninu ekki lokið með sigri á Norðmönnum.

„Það lið sem nær efsta sæti riðilsins kemur inn í efsta styrkleikaflokk þegar dregið verður úr riðla á EM. Hinir leikirnir skipta því gríðarlega miklu máli líka.“

Ísland mætir Makedóníu á miðvikudaginn næstkomandi og svo Eistlandi ytra í lokumferðinni.

eirikur@frettabladid.is

GOTT ÚTLIT MEÐ SNORRA STEIN Guðmundur Guðmundsson og Snorri Steinn Guðjónsson á æfingu íslenska landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC



Hamar ætlar sér stóra hluti í Iceland Express-deildinni í körfubolta næsta vetur:

Kristrún og Sigrún til Hamars

KÖRFUBOLTI Kvinnalið Hamars fékk frábæran liðstyrk í gær þegar landsliðsleikmennirnir Kristrún Sigurjónsdóttir og Sigrún Ámunda-dóttir ákváðu að spila í Hveragerði næsta vetur.

Kristrún og Sigrún hafa verið í fimm manna úrvalsliði ársins undanfarin tvö tímabil og leiddu báðar sín lið til titla síðasta vetur. Kristrún var fyrirliði Íslandsmeistarar Hauka og Sigrún lék liðtöglutverk hjá bikarmeisturum KR.

Kristrún er 24 ára bakvörður. Hún hefur leikið með Haukum síðan haustið 2004 og hefur leikið síðustu 163 meistaraflokksleiki Haukaliðsins hér á landi. Kristrún var með 18,6 stig, 6,1 frákast, 3,6 stoðsendingar og 3,1 stolinn bolta að meðaltali í leik á síðasta tímabili. Kristrún hefur orðið Íslandsmeistari með Haukum þrisvar sinnum á síðustu fjórum árum og er eini leikmaður liðsins sem var byrjunarliðsmaður öll árin sem liðið varð meistari.

Spennandi áskorun

„Mér fannst bara vera kominn tími til þess að breyta til og þetta er stór áskorun fyrir mig sem leikmann. Ég var búin að vera fimm frábær ár hjá Haukum og vonandi taka nú við spennandi tímari hjá Hamri,“ segir Kristrún.

Sigrún er 20 ára framherji. Hún hefur leikið með KR undanfarin tvö tímabil en þar á undan lék hún



ÖFLUG Kristrún hefur verið Íslandsmeistari þrisvar sinnum á síðustu fjórum árum og er gríðarlegur liðstyrkur fyrir Hamarsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

þeim merkilega árangri að hækka meðalskor sitt fyrstu fimm tímabil sín í efstu deild en í vetur var hún með 16,2 stig, 9,4 fráköst, 2,3 stoðsendingar og 2,3 stolna bolta að meðaltali í leik.

„Þetta er skemmtileg áskorun og ég held að ég muni bæta mig mikið sem leikmaður við það að fara í Hamar. Stefnan er klárlega að hjálpa liðinu að ná betri árangri en það hefur náð til þessa,“ segir Sigrún.

Vilja ná skrefinu lengra

Hamarsliðið er til alls líklegt í vetur undir stjórn Ágústs Björgvinssonar en áður hafði Guðbjörg Sværrisdóttir ákveðið að leika með liðinu næsta vetur. Allar léku þær þrjár undir stjórn Ágústs þegar hann síðast þjálfaði kvinnalið veterinn 2006-07.

„Hamar hefur fært sig upp töflu síðustu ár og komst í úrslitakeppnina í fyrsta skiptið í sögu félagsins í fyrri. Með komu þessara sterku leikmanna erum við að vonast til þess að geta nú tekið eitt skref í viðbót. Kristrún og Sigrún eru náttúrulega búnar að taka þátt í flestum þeim úrslitaleikjum sem hafa verið spilaðir hér síðustu ár og eru líka mjög vaxandi leikmenn sem hafa verið að bæta sig í flestum tölfræðiþáttum körfuboltans síðustu ár,“ segir Ágúst ánægður.

ECCO GOLFSKÓR

Ný endursending af 2009 golflínunni komin í Ecco búðina

30% afsláttur af nýju línunni til 22. júní

Griptu tækifærið og fáðu þér golfskó á frábæru verði

ACE

3825353357

Stærðir: 36-43



Verð nú: 17.995
Verð í Evrópu: 27.840

ACE

3825355605

Stærðir: 36-42



Verð nú: 17.995
Verð í Evrópu: 27.840

CASUAL COOL

3855355608

Stærðir: 36-41



Verð nú: 15.995
Verð í Evrópu: 26.100

CASUAL PITCH

3883355601

Stærðir: 36-41



Verð nú: 17.995
Verð í Evrópu: 27.840

CASUAL COOL II

3948455619

Stærðir: 39-47



Verð nú: 19.995
Verð í Evrópu: 31.320

FLEXOR GTX

3840453859

Stærðir: 42-45



Verð nú: 23.995
Verð í Evrópu: 32.590

CLASSIC GTX

3935451052

Stærðir: 41-45



Verð nú: 19.995
Verð í Evrópu: 29.580

CASUAL COOL II

3940453582

Stærðir: 39-47



Verð nú: 15.995
Verð í Evrópu: 24.360

CASUAL COOL II

3948453376

Stærðir: 39-47



Verð nú: 19.995
Verð í Evrópu: 31.320

*Verð í Evrópu miðast við gengi á evru 174 | Verð nú eru verð með 30% afslátti

ecco

the most comfortable place on earth

ecco

20 ÁRA AFMÆLISVEISLA FM957

FM957 ER 20 ÁRA Í DAG!

FM957 þakkar dyggum hlustendum samfylgdina og hlakkar til að halda áfram að spilatopp tónlist um ókomna tíð.

Hátíðardagskrá í dag frá kl. 9 – 16.

Morgunþátturinn Zúúber,
Brynjar Már og Heiðar Austmann,
fjöldi frábærra gesta,
lífandi tónlist og allt í beinni
á FM957 og Nova TV.

Risadansleikur á NASA í kvöld
með Zúúber grúbbunni,
plötusnúðum FM957 og
góðum gestum.

Aðgöngumiðar á ballið
fást gefins á FM957.



Tekur appelsínur í karphúsið

Áhugaverðar staðreyndir um mikið magn C-vítamíns
og ótrúlega hæfileika paprikunnar til að skipta litum



Á að vera þétt og föst í sér
og með fallegum og sterkum lit
þegar hún er keypt

Geymist best
í 15°-18°hita

Er algjörlega fitusnaud
og inniheldur
lítið af kalóríum

Er fyrst græn áður
en hún breytir um lit

Inniheldur
B6-vítamín

Er svo rík af C-vítamíni
að hún jafnast á við
fjórar appelsínur

Er oft notuð til að fegra mat
því þótt hún bragðist mjög vel gefur
fallegur litur hennar mjög sérstakt yfirbragð

Paprikur eru til í gulum, rauðum,
grænum, appelsínugulum, fjólubláum
og meira að segja brúnum lit

islenskt.is

ÞÚ VEIST
HVAÐAN ÞAÐ
KEMUR



> Russell Crowe

„Ég læt ekki lofsamlegar umfall- anir stíga mér til höfuðs eða neikvæða gagnrýni draga úr mér kjarkinn. Ég veit hvað ég er að gera og það eitt skiptir máli.“

Crowe fer með aðalhlut- verkið í myndinni Úr óskustónni sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR VILL BRAUÐ OG LEIKA

Af með hausana! Þrjú X og málið er dautt

America's Got Talent er örugglega sá sjón- varpsþáttur sem ég er minnst stolt af því að hafa gaman af. Flest öll atriðin eru viðbjóður og kynnamir eru útrunnar stjórnur sem leggja fátt annað til málanna en niðurrífið. Hvað sem því líður get ég ekki stillt mig um að horfa ef ég rekst á þáttinn á vappinu um sjónvarps- heiminn. Ég ímynda mér að svona hafi gestum í Colosseum líðið forðum þegar þeir sáu skyllingapræla rekna á hol eða rifna í tætlur af soltnum ljónum og óskruðu „Af með haus- inn!“ niður í hringinn eða stundum jafnvel „Leyfið honum að lifa!“.

Þetta „af með hausinn“, eða x-in þrjú í tilfalli America's Got Talent, er lúmskt frelsandi á að horfa. Þarna situr fólk með vald til að henda fólk af sviðinu um leið og það sér það. Ímyndið ykkur gleðina sem breiðast myndi yfir



FLAGÐ UNDIR FÖGRU? David Hasselhoff hikar ekki við að skjóta fólk niður á sviðinu.

þjóðina ef þeir miskunnarlausir aðilar gætu hent ráðamönnum, illa klæddum stjórnun, fullum fótoltamönnum eða hverjum þeim sem reitti þjóðina til reiði einfaldlega út af sjónarsviðinu. Kosningaseðlarnir gætu ekki fyllst af sama ömur- lega líðinu tímabil eftir tímabil, heldur hyrfti það í gleymskunnar dá.

En þar sem sú aftöku-fasistasveit er ekki til fáum við, aumur almúginn, sárabót í því að sjá feittum Elvis-eftirhermum refsað af brúnkusjúkri B-stjórn, sadista og eiginkonu hasshauss. Og þar er kannski nóg. Allavega kitlar það eitthvað innra með mér.

Rómverjar voru með þetta alveg á hreinu og Kaninn klikkar ekki á að tileinka sér úrkynjun fyrri heimsvalda. Af hverju ættu þeir að gera það? Á öld sjónvarpsins dugur ekkert minna en úrhelli niður- læginga. Popp og kók takk, og ég kjamsa með líkt og ljónin forðum.

LAUGARDAGUR

SIJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Pósturinn Páll, Stjarnan hennar Láru, Sammi, Snillingarnir, Tóti og Patti, Elias knái, Háensnakofinn, Ólívía, Fræknir ferðalangar og Skúli skelfir.

10.30 Leiðarljós (e)

11.10 Leiðarljós (e)

12.00 Helgarsportíð (e)

13.00 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur - Samantekt

14.00 Kastljós (e)

14.35 Út og suður (e)

15.05 Martín Clunes - Einn maður og hundarnir hans (2:2) (e)

15.55 Óvænt heimsókn (2:7) (e)

16.30 Hvað veistu? - Markviss lyf

17.00 Lincolnshæðir (9:13)

17.45 Tákn málsfréttir

17.55 Poppunktur (e)

18.54 Lottó

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

▶ 19.35 Fjölskylda mín (3:9) Bresk gamanþáttaröð um tannlækninn Ben og skrautlega fjölskyldu hans.

20.10 Konungur þjófanna (The Thief Lord) Ævintýrmynd frá 2006. Tveimur drengjum er komið í fóstur hjá grimmi- ri frænku en flýja til Feneýja og lenda í ótru- legum ævintýrum. Aðalhlutverk: Aaron Johnson, Jasper Harris og Rollo Weeks.

21.50 Úr óskustónni (Cinderella Man) Bandarísk bíómynd frá 2005. Hnefaleika- kappinn James Braddock er talinn útrunn- inn en sýnir að svo er ekki. Aðalhlutverk: Russell Crowe, Renée Zellweger og Paul Gi- amatti. (e)

00.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BIÓ

08.00 Paris, Texas

10.20 Bigger Than the Sky

12.05 The Adventures of Brer Rabbit

14.00 Paris, Texas

16.20 Bigger Than the Sky

18.05 The Adventures of Brer Rabbit

20.00 Running with Scissors

22.00 Mission. Impossible 3

00.05 Bachelor Party

02.00 The Bone Collector

04.00 Mission. Impossible 3

06.05 Great Expectations

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Kalli á þak- inu, Dynkur smáeðla, Ruff's Patch, Þorlákur, Algjör Sveppi, Sumardalsmyllan, Boowa and Kwala, Refurinn Pablo, Elias, Blær, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Könnuðurinn Dóra, Maularinn, Flintstone krakkarnir og Kalli litli Kanína og vinir.

12.00 Bold and the Beautiful

12.20 Bold and the Beautiful

12.40 Bold and the Beautiful

13.00 Bold and the Beautiful

13.20 Bold and the Beautiful

13.45 Gossip Girl (19:25)

14.35 Total Wipeout (3:9)

15.35 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll Þórð- arson heldur áfram mannlífsskónum sínum í eftirlæti sviðsþætti þjóðarinnar.

16.15 Ashes to Ashes (4:8)

17.15 ET Weekend Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fina og fræga fólks- ins er tíundað á hressilegan hátt.

▶ 18.00 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnr allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða mynd- ir eru að koma út og hverjar aðalstjórnur- ar eru.

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.45 Íþróttir

18.52 Lottó

19.00 Ísland í dag - helgarúrval

19.30 Veður

19.35 America's Got Talent (2:20) Nú er leitinn hafin í þriðja sinn af sönnu hæfi- leikafólki.

21.00 Rush Hour 3 Jackie Chan og Chris Tucker sem fara á kostum í þessari spennu- mynd.

22.30 United 93 Sannsóleguleg og áhrifa- mikil mynd um eina af flugvélinum sem var rænt af hryðjuverkamönnum þann 11. sept- ember 2001 í Bandaríkjunum á átti að fljúga á Hvíta Húsið en hrapaði að lokum í Shank- ville, Pennsilvaníu. Myndin var meðal annars tilnefnd til Óskarsverðlauna.

00.25 Betrayed Hörkuspennandi mynd þar sem Debra Winger leikur FBI lögreglu- konu sem undir fölsku flaggi ræður sig í vinnu á búgarði í Suðurríkjunum hjá fráskild- um bónda og tveggja barna föður sem grun- aður eru um að vera víðriðin morð sem framíð var að samtökum kynþáttahata.

02.30 The Weather Man

04.10 The Door in the Floor

06.00 Fréttir

SPORT

10.00 Gillette World Sport 2009

10.30 Memorial Tournament Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

11.25 Inside the PGA Tour 2009 Skyggst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

11.50 Arnold Schwarzenegger mótið 2008 Í þessu móti er keppt í mörgum grein- um afrauna og þangað mæta til leiks allir helstu og flottustu jötnar heims.

12.20 Makedónía - Ísland Útsending frá leik í undankeppni HM.

14.10 HM Stúdíó Hitað upp fyrir leik Makedóníu og Íslands í undankeppni HM

14.25 England - Andorra Útsending frá leik í undankeppni HM.

16.10 Memorial Tournament Útsending frá Memorial Tournament mótinu í golfi.

18.15 Ultimate Fighter - Season 9 Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

▶ 19.00 UFC Live Events 1 Bein útsending.

22.30 UFC Unleashed Bestu bardagararnir í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

23.15 World Series of Poker 2008 Hér mæta bestu pókerspilarar heims til leiks og keppa í Pot limit Texas Holdem.

00.00 World Series of Poker 2008

SPORT 2 enski boltinn

18.00 Goals of the Season 1999 Öll glæsilegustu mörk hvernar leiktiðar Úrvals- deildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

18.55 Champions of the World - Ur- uuguay Ný þáttaröð um hina glæsilegu knatt- spyrnuhéfið í Suður Ameríku.

19.50 Premier League World Nýr þátt- ur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

20.20 Review of the Season Allir leik- ir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoð- aðir. Öll mörkin og öll bestu tilþriffin á einum stað.

21.15 PL Classic Matches Tottenham - Chelsea, 1997. Hápunktarnir úr bestu og eft- iminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

21.45 PL Classic Matches Leeds - New- castle, 1999.

22.15 Masters Football - London Masters UK Masters cup er vinsæl móta- röð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist

12.50 Rachael Ray (e)

13.35 Rachael Ray (e)

14.20 Rachael Ray (e)

15.05 The Game (5:22) (e)

15.30 The Game (6:22) (e)

15.55 America's Funniest Home Vid- eos (33:48) (e)

16.20 America's Funniest Home Vid- eos (34:48) (e)

16.45 All of Us (9:22) (e)

17.15 Top Chef (13:13) (e)

18.05 Greatest American Dog (1:10) (e)

18.55 Family Guy (2:18) Teiknimyndaser- ía fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum. (e)

19.20 Everybody Hates Chris (3:22) Bandarísk gamanseria þar sem hádfugl- inn Chris Rock gerir grín af uppvarðarúm sínum. (e)

▶ 19.45 America's Funniest Home Videos (35:48)

20.10 90210 (23:24) Bandarísk unglinga- sería sem slegið hefur í gegn. (e)

21.00 The Whole Ten Yards Mögnuð gamanmynd með Bruce Willis og Matthew Perry í aðalhlutverkum. (e)

22.40 Brotherhood (6:10) Dramatísk og spennandi þáttaröð um bræðurna Tommy og Mike Caffee. (e)

23.30 Painkiller Jane (17:22) (e)

00.20 World Cup of Pool 2008 (2:31)

01.10 The Game (7:22) (e)

01.35 The Game (8:22) (e)

02.00 Penn & Teller. Bullshit (3:59) (e)

02.30 Óstöðvandi tónlist



▶ 18.00 Sjáðu STÖÐ 2



▶ 19.00 UFC Live Events 1 Bein útsending. STÖÐ 2 SPORT



▶ 19.35 Fjölskylda mín SIJÓNVARPIÐ



▶ 19.45 America's Funniest Home Videos SKJÁREINN



▶ 20.00 Stelpurnar STÖÐ 2 EXTRA

WWW.BIFROST.IS

VIÐSKIPTAFRÆÐI Í FJARNÁMI

Fyrst á Bifröst

Bifröst varð fyrstur íslenskra háskóla til að bjóða upp á viðskipta- fræði alfarið í fjarnámi. Það gerir fólk kleift að ljúka BS gráðu í viðskiptafræði samhliða starfi.

Kynntu þér námið betur á bifrost.is.

UMSÓKNAR- FRESTUR ER TIL 10. JÚLÍ

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST BIFRÖST UNIVERSITY

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.00

Rush Hour 3

Þriðja myndin í hinum geysivinsæla myndaflokki um tvíeykið bardagaglaða sem heldur hér áfram að berjast gegn óttindum glæpamönnum. Það eru sem fyrr þeir Jackie Chan og Chris Tucker sem fara á kostum í myndinni en leikstjóri er höfundur Prison Break-þáttanna, Bret Rattner.



► VIÐ MÆLUM MED
America's Got Talent
Stöð 2 kl. 19.35

Hér er á ferð hraður og fjölbreyttur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem leitað er að sönnu hæfileikafólki. Líkt og síðast verða dómaramirnir þau David Hasselhoff, Piers Morgan og hin orðheppna og stundum kjaftora Sharon Osbourne. Kynnir er Jerry Springer.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30	Árfa dags	16.00	Síðdegisfréttir
06.40	Veðurfregni	16.08	Veðurfregni
06.50	Bæn	16.10	Í boði náttúrunnar
08.00	Morgunfréttir	17.05	Flakk
08.05	Gatan mín	18.00	Kvöldfréttir
09.03	Út um græna grundu	18.17	Bláar nótur í bland
10.05	Veðurfregni	18.50	Dánarfregni
10.15	Kvika	19.00	Dimitri og dívurnar þrjár
11.00	Vikulokin	20.00	Sagnaslóð
12.02	Hádegisútvarp	20.40	Trío
12.20	Hádegisfréttir	21.30	Án ábyrgðar
12.45	Veðurfregni	22.07	Veðurfregni
13.00	Krossgötur	22.12	Orð kvöldsins
14.00	Með tónlistina að vopni	22.15	Barnaraddir í Mósambík
14.45	Lostafullu listræninginn	23.10	Stefnumót
15.20	Með laugardagskaffinu	00.07	Næturtonar
15.35	Stíkur úr furðum hversdagsins		

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 **Nágrannar** Lífið í Ramsey-götu gengur sjáldnast sinn vanangang enda eru í búr þar einkar skrautlegir og skemmtilegir.

16.20 **Nágrannar**

16.40 **Nágrannar**

17.00 **Nágrannar**

17.20 **Nágrannar**

17.40 **E.R.** (15:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

18.30 **Ally McBeal** (4:21) Ling slær Richard út af laginu með hreinskilni sinni og Ally leitar lögræðiðstoðar þegar fyrrverandi brúður kærir hana fyrir að hafa eyðilagt brúðkaupið hennar.

19.15 **X-Files** (15:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfírnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

► 20.00 **Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.

20.25 **E.R.** (15:22)

21.10 **Ally McBeal** (4:21)

21.55 **X-Files** (15:24)

22.40 **Stelpurnar**

23.05 **Sjáðu**

00.10 **Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

BBC entertainment

10.50 **My Hero** 11.20 **EastEnders** 11.50 **EastEnders** 12.20 **EastEnders** 12.50 **EastEnders** 13.20 **Hustle** 14.10 **Hustle** 15.00 **After You've Gone** 15.30 **After You've Gone** 16.00 **My Hero** 16.30 **Any Dream Will Do** 18.00 **My Hero** 18.30 **My Hero** 19.00 **Dalziel and Pascoe** 19.45 **Dalziel and Pascoe** 20.35 **Waking the Dead** 21.25 **Any Dream Will Do** 22.55 **My Hero** 23.25 **My Hero** 23.55 **Dalziel and Pascoe**

DR 1

10.00 **DR Update** - nyheder og vejr 10.10 **Antiglobetrotter** 10.40 **Family Guy** 11.05 **Pigene Mod Drengene** 11.35 **Flight 29 savnes!** 12.00 **Tæt på et geni** 12.45 **aHA Award** 13.45 **Det er så synd for farmand** 15.10 **Før søndagen** 15.20 **Held og Lotto** 15.30 **Johanne i Trolde-skoven** 15.55 **Minisekterne** 16.00 **Mr. Bean** 16.30 **TV Avisen med vejret** 16.55 **SportNyt** 17.05 **Geniale dyr** 17.30 **Hvem ved det!** 18.00 **HåndboldEkstra** 19.35 **Kriminalkommissær Barnaby** 21.10 **Rocky II**

NKI

10.50 **Smakebiter** 11.50 **For tjukk for opera?** 12.50 **Mord på Nilen** 15.05 **En kongelig familie** 16.00 **Pippi Langstrømpe** 16.30 **Rösa og livet** 17.00 **Lördagsrevyen** 17.45 **Lotto-trekning** 17.55 **Gylne klassefester** 19.05 **20 spørsmål** 19.30 **Sjukhuset i Aidensfield** 20.15 **Jobben er din!** 21.15 **Kveldsnytt** 21.30 **En dag i livet** 23.10 **Etter at du dro** 23.40 **Dansetot jukeboks m/chat**

SVT 1

10.25 **Fotbollens historia** 11.20 **Rockabilly** 514 12.10 **Nyckel till tystnaden** 13.10 **Uppdrag Granskning** 14.10 **Dråknästet** 15.10 **Allt ljus på** 15.50 **Helgmålsringning** 15.55 **Sportnytt** 16.00 **Rapport** 16.15 **Disneydags** 17.00 **Bobster** 17.25 **Bernard** 17.30 **Rapport** 17.45 **Sportnytt** 18.00 **Minnenas television** 19.20 **In Good Company** 21.10 **Motor** VM i speedway 21.55 **Pistvakt** 22.25 **Sjukan** 22.55 **Vem är Forrester?** 01.05 **Sändningar från SVT24**

SO YOU THINK YOU CAN DANCE
HEFST Á MÁNUDAG KL. 20:00

FRÁBÆRT SUMARTILBOÐ
Stöð 2, Stöð 2 Bío og Stöð 2 Extra
á aðeins 5990 kr á mánuði
í þrjá mánuði fyrir
kredittorthafa
Visa

Kristull plus
GÖBUR OG SVANANR

KFC



Ása Hauksdóttir

Aldur: Fædd 10.10.1959 og fólk reikni svo.
Starf: Deildarstjóri menningarmála hjá Hinu húsinu.
Stjórnumerkir: Vog.
Búseta: 101 Reykjavík.
Fjölskylda: Sambýlistaður, tvær blómárósr og heimilistikin Ljóska.

Næturvaktarmenn hinir nýju útrásarvíkingar

Mikill áhugi er hjá norrænum sjónvarpsstöðvum á sýningu á Næturvaktinni. Þetta kom í ljós eftir kynningu á þáttunum í Hollywood á dögunum. Tökum á þriðju þáttaröðinni, Fangavaktinni, lauk í gær og þar kom sjálfur Bubbi Morthens töluvert við sögu.

Skarphéðinn Guðmundsson, dagskrárstjóri Stöðvar 2, segir að kynningin á þáttunum hafi gengið vel. Þættirnir voru á undan bandarísku þáttunum, sem sýnir glögg hversu forvitnir Norðurlandabúarnir voru. „Fulltrúar frá norskri stöð voru nánast búnir að ákveða að þeir ætluðu að kaupa þáttinn og það var líka mikill áhugi frá sænska ríkissjónvarpinu. Finnar voru mjög heitir og ætla að endurgera þáttinn.“

Eins og kom fram í fjölmiðlum í gær hefur framleiðslufyrirtækið Reveille Production tryggt sér réttinn á að búa til banda-

ríska útgáfu af Næturvaktinni. Samningurinn er til fimm ára, sem þýðir að fyrirtækið hefur þann tíma til að ljúka við verkið. Á meðal annarra þátta sem Reveille hefur framleitt eru hinir vinsælu The Office.

Skarphéðinn segir að Norðurlandabúarnir hafi hrifist mjög af Næturvaktinni, það hafi verið merkilega mikið hlegið. „Maður hafði áhyggjur af því að þessi íslenski húmor myndi ekki skila sér í enska textanum,“ segir hann. Ekki skildu þeir samt allan húmorinn og hntu meðal annars um brandara tengdan Ólafi Ragnari um dagskrárgerðarmanninn Ásgeir Kolbeinsson. „Ég sagði þeim að þessi týpa [Ólafur] byði upp á lókal skírskotanir í smástjórnudýrkun. Hann léti sig dreyma um skjótfengið fé og að vera „inn“ og þess vegna væri hann mikið að kasta fram þekktum nöfnum.“



ÓLAFUR OG GEORG Sjónvarpsþættirnir um Næturvaktina virðast ætla að slá í gegn bæði í Hollywood og á Norðurlöndunum.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
 2. íþrótt, 6. ryk, 8. skrá, 9. pfn., 11. komast, 12. hlutdeild, 14. uppskafningsháttur, 16. snæddi, 17. þrí, 18. grús, 20. innan, 21. tigna.

LÓÐRÉTT
 1. gufuhreinsa, 3. pot, 4. jarðbrú, 5. skáhalli, 7. kynding, 10. kjaftur, 13. hvíld, 15. kroppa, 16. kerald, 19. tveir eins.

LAUSN
 b'te, 16. äma, 19. ll.
 5. flá, 7. miðstöð, 10. gín, 13. lot, 15. lÖBRÉTT: 1. eima, 3. ot, 4. landbrú,

LÁRÉTT: 2. gólf, 6. im, 8. tál, 9. mið, 11. ná, 12. aðill, 14. snob, 16. át, 17. tré, 18. mól, 20. út, 21. aðla.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Björn Bergsson.
- 2 Ómar Stefánsson.
- 3 80 milljónir punda.

Gefðu vatn
907 2002
 Hjelparstarf kirkjunnar
 www.help.is



DANIR HRIFNIR

Stefáni Máni er hrósað í hástert í Jyllands Posten fyrir bókina Skipið. Danska stórblaðið Politiken er ekkert síður hrifin en Stefán hefur skilað inn handriti að nýrri bók sem heitir Týndir dagar.

STEFÁN MÁNI: OPNUMFJÖLLUN Í POLITIKEN Í DAG

SKIPIÐ SLÆR Í GEGN Í DK

„Jájá, það er einhver djöfullinn danskur í gangi,“ segir Stefán Máni rithöfundur. Sem ekki getur kvartað undan viðtökum þeim sem bók hans Skipið er að fá um þessar mundir úti í Danmörku. Í dag birtist opnumfjöllun um Stefán Mána og viðtal í stórblaðinu Politiken. Og í glænýjum dómi í Jyllands-Posten fær Skipið fimm stjörnur af sex mögulegum. „Den syvende krimi fra Stefán Máni er sublim,“ skrifar Lars Ole Sauerberg.

Enda kvartar Stefán Máni ekki í samtali við blaðamann Fréttablaðsins því þótt Skipið hafi fengið góða dóma á Íslandi þá er hún kom út virðast Danirnir ekki síður kunna að meta ritid: „Jájá, þetta er rosa flottur dómur. Bókin virðist vera að falla í kramið. Ekki slæmt að fá svona flott start í Dan-

mörku. Bókin kemur út í Svíþjóð í haust og þetta hjálpar öllu öðru. Þetta er finn skandinavískur meðbyr.“ Og svo enn sé vitnað í Sauerberg: „Stefán Máni har skrevet en fändenivoldsk sømandsskrone, der kombinerer den moderne action-genre med gamle tekster.“

Stórblaðið Politiken gerir svo Stefáni hátt undir höfði með opnumgrein sem birtist nú í dag. Þar er mynd af Stefáni vígalegum við skurðarborðið en fyrirsögn viðtalsins er „Fra fiskefileterer“. Tine Maria Winther skrifar og greinir frá því í undirfyrirsögn að þegar Skipið kom út á Íslandi hafi þau rætt við hann um það hvernig það væri að skrifa blóðugar glæpasögur í landi þar sem glæpatíðnin væri lág. Hvað var það sem danski blaðamaðurinn vildi vita er spurt og Stefán segir

pollrólegur að það hafi bara verið „same old“. Hann vill ekki meina að spurningar Danans hafi verið frábrugðnar því sem hann á að venjast á Íslandi. „Ég man þetta varla. Það er örugglega ár síðan hún kom og tók þetta viðtal. Þetta er mér ekki í fersku minni. Það hefur verið í sí. Svo hef ég verið í netsambandi við hana meðan hún var að ganga frá þessu núna. Hvaðan ég kem og hvað ég er að þæla.“

Stefán Máni skilaði nýverið inn til útgefanda næstu bók sinni sem væntanleg er í haust. Titill þeirrar bókar er Týndir dagar. Hvað sem verður því Stefán segir að það kunni að breytast. Sú bók er nú í harkavél forleggjarans. Stefán segist eiga eftir að fá hana aftur í hausinn með athugasemdum.
 jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eggert Skúlason, sérlegur talsmaður knattspyrnukappans Eiðs Smára á Íslandi, mun hafa sést á hlaupum í Nettó á fimmtudag. Hann mun þó ekki hafa vantað neitt í búrið sem var svo knýjandi heldur rauk hann beint að blaðarekkanum og keypti sér eintak af nýjasta Séð og heyrt en þar mun vera að finna myndir af Eiði og félögum úr landsliði Íslands úti á galeiðunni. Enda fyrirsögn Séð og heyrt manna af dýru tegundinni að þessu sinni: „Djúsaðir á djamminu!“



Spaugarar í auglýsingageiranum segja: Simbabwe fór á hausinn og þeir fengu Angelinu Jolie en Ísland fer á hausinn og við fáum **Evu Joly** – hvað er það? En áhöfn Ícelandair, þeirri sem flaug með Evu Joly áleiðis til síns heima á Saga Class, mun ekki hafa verið slíkt spaug ofarlega í huga þegar hún tók sig til og afhenti Evu á bakka áritað kort. Þar var henni, fyrir hönd þjóðarinnar, þakkað framlag sitt til endurreisnar fjármála-kerfisins.

Magnús Geir Þórðarson hefur fengið nýja hægri hönd í Borgarleikhúsinu. Sú gamla, Sváfnir Sigurðsson, hefur ákveðið að yfirgefa stól markaðsstjóra leikhússins eftir gott starf og hyggst víst setjast á skólabeck. Sú sem tekur við starfinu heitir Lára Aðalsteinsdóttir og hefur unnið að markaðsmálum fyrir Eymundsson. Hennar fyrsta verk var að senda út fréttatilkynningu um væntanlega útrás Vesturports til Danmerkur með Woyzeck.



- jbg, fgg

www.17juni.is
 DAGSKRÁ ÞJÓÐHÁTÍÐAR Í REYKJVÍK

Lautarferðir og ljúffengar kökur

Hið fornfræga hús Hljómskálinn fær nýtt hlutverk á þjóðhátíðardag íslenska lýðveldisins eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær. Marentza Poulsen, veitingakona með meiru, ætlar þá að opna kaffihús sem verður opið í allt sumar. Kaffihúsið hefur hlotið nafnið Kaffi Hljómskálinn. „Mér þykir gaman að geta nýtt krafta mína í verkefni eins og þetta. Það þarf að sinna miðbænum svolítið betur og glæða hann lífi,“ segir Marentza, en hún mun meðal annars bjóða gestum sínum upp á ljúffengar samlokur, ýmiss konar bökur og sérútbúnaar nestiskörfur til að hafa með sér í lautarferðina.

Marentza segir að maturinn verði einfaldur en góður. „Í Hljómskálanum er að sjálfsögu ekkert eldhús, þannig að við getum ekki verið með flókna rétti á boðstólum,“ segir hún og hlær. Hægt verður að sitja inni í skálanum sjálfum og úti verða borð og stólar fyrir þá sem vilja njóta veðurblíðunnar. Svo eru það auðvitað „pikkinnk“-körfur og teppi fyrir þá sem vilja heldur setjast út á grasið.
 - sm



MARENTZA Veitingakonan ætlar að leggja sitt af mörkum til að glæða miðbæinn lífi í sumar.
 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ORTID
 30% AFSLÁTTUR ALLA DAGA AF ÖLLUM PIZZUM Á MATSEÐLI HJÁ DOMINO'S EF ÞÚ SÆKIR OG GREIÐIR MEÐ KORTINU
 KAUPPING

Habitat

lagersala í Holtagörðum

Aðeins í 3 daga

Allt á
50-80%
afslætti

Opið:

Laugardag kl. 10-17

Sunnudag kl. 13-17

Mánudag kl. 10-18

Komið og gerið reyfarakaup!



Hvar er þín auglýsing?

Meðalrestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



BAKPANKAR
Júlía Margrétar
Alexandersdóttir

Refsing handa réttum aðila

Rannsóknir benda til að einn Ralgengasti ofbeldisverknaður hér á landi sé heimilisofbeldi. Samkvæmt þeim niðurstöðum ætti hvert okkar að þekkja þó nokkuð marga sem orðið hafa fyrir þess konar ofbeldi. Af hverju svo er ekki ætti að segja okkur aðra sögu – þá sögu, sem sönn er, að um leið er þetta eitt besta falda leyndarmál hvers heimilis.

SÉRHVERT okkar getur hjálpað til við að færa þetta ástand til betri vegar. Það er ástæða fyrir því að vandamálið er falið. Við sjáum það í hverju ofbeldismálinu á fætur öðru þar sem konur reyna að koma fram og segja frá því ofbeldi sem þær urðu fyrir undir nafni. Gerendur grípa aftur og aftur til þess sama. Konurnar eru kallaðar geðveikar. Lygnar. Móðursjúkar. Þolendur leggja æru sína undir fari þeir fram með frásögn.

NÝLEGT dæmi sáum við í Sjálfstæðu fólki þegar polandi kynferðisofbeldis sagðist hafa á endanum flúið land eftir að hafa komið fram með mál sitt. Það er eitt að verða fyrir miklu ofbeldi. Það er langt ferli að vinna úr ofbeldi, viðurkenna það fyrir sjálfum sér, segja frá því og sætta sig við það. Gerendur í þessum málum, sem sjaldnast viðurkenna sök, eiga mun fljótlegra verk fyrir höndum – að grípa til velþekktra klisja – um að konan sé snar. Samkvæmt fagaðila sem unnið hafa með heimilisofbeldi – er slíkt einn algengasti mótaleikurinn.

KONUR hafa verið hvattar til að stíga fram og segja frá ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir. Láta það ekki líðast. Ég spyr mig hvort ekki þurfi að vinna þetta á breiðari grundvelli – alls samfélagsins. Ef við viljum fá konur til að stíga fram og segja frá þarf jarðvegurinn að vera upplýstari. Það á ekki að vera jafn áhættusamt verk fyrir konu að koma fram og segja frá ofbeldi. Við þurfum að snúa dæminu við og hætta að refsa þeim konum sem verða fyrir ofbeldi fyrir að þegja það ekki í hel. Refsingin á að vera til handa gerendum.

ÞAÐ er því nauðsynlegt að byrja á tveimur staðreyndum í þessum viðkvæmu málum. Gerendur, sem ekki vilja gangast við að hafa beitt ofbeldi á heimili, bera geðveiki og klíkkun konunnar jafnan fyrir sig. Hin staðreyndin er sú að það er afar fátítt að konur ljúgi til í svona málum. Og samkvæmt talsmönnum Kvennaathvarfsins koma slík mál sjaldan upp.

GÓÐAN DAG!
Í dag er laugardagurinn 13. júní,
164. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	3.00	13.28	23.57
Akureyri	1.49	13.12	0.40

Heimild: Almanak Háskólans


Berfætt í sumar



SOLIG skál Ø18,5cm. Hvítt/grænt **395,-**
SOLIG hliðardiskur Ø20cm. Hvítt/grænt **395,-**
SOLIG diskur Ø26cm. Hvítt/grænt **495,-**
Fæst einnig í dökkbláu/hvítu



SOLIG kubbakerti m/kertadiski Ø10, H12cm. Ýmsir litir **895,-/stk.**



SOLIG diskapurrkur B50×L70cm. Blátt **1.190,-/3 í pk.**



SOLIG kubbakerti Ø7, H15cm. Ýmsir litir **495,-/stk.**



895,-/2 í pk.

SOLIG brauðkörfur Stærðir: B12×L19cm Ýmsir litir



MYNTA blómappottur B27×L27, H22cm. Grænt **1.990,-** Fæst einnig í svörtu og hvítu



SOLIG bakkar B33×L33cm. Blátt/hvítt eða grænt/hvítt **895,-/stk.**



MYNTA blómappottur Innanmál Ø52, H26cm. Svart **4.990,-** Fæst einnig í hvítu



VÄNÖ hægindastóll B89×D78, H48cm. Grænt **8.990,-** Fæst einnig í rauðu



1.190,-

SOLIG svunta B45×L70cm. Dökkblátt




250,-

PLASTIS ismolamót B18×L18cm. Ýmsir litir



CHARM ísskeið L18,5cm. Ýmsir litir **395,-**



SOLIG diskamottur B37×L37cm. Grænt **495,-/4 í pk.** Fæst einnig í bláu



ÄPPLARÖ felliborð B62×L20/133cm. Gegnheill akasíuviður **12.990,-**
BOLLÖ fellistóll. Sætishæð 46cm. Gegnheill akasíuviður **2.990,-**

2.990,-

Kjúklingaréttur m/hrisgrjónum í ananaskarrýsósu



595,-



TILBOÐ 1.550,-
Svenskar köttbullar 1kg. rjómasósa og týtuberjasulta



Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opin 9:30 - 18:30

www.IKEA.is